Nikolu Christoph hafði fengið nóg af dansaralífi í Vínarborg. Fyrir tilviljun endaði hún í sumarvinnu á Íslandi og sneri ekki aftur

VIÐTAL **40**

ÉG HÉLT ÉG VÆRI STÓRBORGARBÚI

BÚTUR AF HJARTANU VERÐUR EFTIR Í JEMEN

VIÐTAL **24**

Mín Borg
ferðablað Icelandair fylgir með Fréttablaðinu í dag.
GEYMIÐ BLAÐIÐ
ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

7. mars 2009 — 58. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

YFIRHEYRSLA 42

Stigavörðurinn sem hélt að hann væri Hemmi Gunn

ÍÞRÓTTIR 62

Naumt tap gegn besta liði heims

BÆKUR 32

Dramatískustu ævisögur sem hafa komið út

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG

VORIÐ KALLAR Vorið hefur boðað komu sína í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn þrátt fyrir kulda og hvíta jörð. Huðnan Perla bar tveimur hvítum kiðlingum, hafri og huðnu, á fimmtudagsmorgun. Perla er gráflekkótt að lit en faðirinn heitir Brúsi og er hvítur. Kiðlingarnir komu tveimur mánuðum fyrir áætlaðan burð hjá geitunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Líkti starfsfólkinu við fangaverði í Auschwitz

Ásmundur Stefánsson líkti starfsfólki sínu í Landsbankanum við fangaverði í útrýmingarbúðum þegar hann ræddi bankahrunið. Hann þvertekur fyrir það.

BANKAR Óánægja er meðal starfsmanna Landsbankans með framgöngu Ásmundar Stefánssonar sem tók við sem bankastjóri á þriðjudag. Ásmundur mun hafa líkt starfsmönnum Landsbankans fyrir hrun við fangaverði í útrýmingarbúðum nasista.

Samlíkinguna við hinar illræmdu búðir Þjóðverja úr heimsstyrjöldinni síðari dró Ásmundur upp á fundi á fimmtudagsmorgun með um fjörutíu starfsmönnum lögfræðisviðs Landsbankans. Ásmundur mun hafa sagt starfsmönnunum að þeir ættu að vera auðmjúkari í störfum sínum fyrir bankann þegar einn þeirra kvaðst telja að í bankakerfinu bæru menn mismikla ábyrgð. Tók sá sem dæmi að ekki væri hægt að kenna þeim sem seldu farmiða um borð í Titanic um hin hörmulegu endalok skipsins. Ásmundur mun þá hafa sagt að samlíking við fangaverði í Auschwitz væri nærtækari.

„Ég ætla ekkert að fara að rekja trúnaðarsamtöl mín við starfsfólk bankans við fjölmiðla. Eina sem ég get staðfest er að það er alrangt að ég hafi líkt starfsfólkinu við fangaverði," segir Ásmundur. Hann vill hins vegar ekki svara því hvort hann hafi nefnt útrýmingarbúðir á einhvern hátt í máli sínu. Aðspurður um óánægju starfsmanna segir Ásmundur það ljóst að þegar viðkvæm mál séu rædd séu ekki allir sáttir við það sem sagt er. „Okkar verkefni er að efla sjálfstraust starfsmanna og efla traust almennings á bankanum."

Haukur Halldórsson, sem tók við formennsku í bankaráði Landsbankans af Ásmundi, segist ekki hafa heyrt af hinum umdeildu ummælum. „Ég var einmitt á ágætum fundi með framkvæmdastjóra lögfræðisviðs síðdegis í gær [í fyrradag]. Ég spurði hvernig fundurinn hefði gengið og heyrði ekkert annað en jákvætt," segir Haukur. - gar

Klíkustríð í Kaupmannahöfn:

Ótti við árásir

FÓLK Fréttir af tíðum skotárásum á Norðurbrú og Amager í Kaupmannahöfn vekja bæði ugg og undrun Íslendinga. Undanfarnar vikur hafa fáir dagar liðið á milli slíkra árása, sem kostað hafa þrjá menn lífið. Fréttablaðið kynnti sér málið. - gb /sjá síðu 34

SKÓLAHREYSTI

Áfram Skólahreysti!

MJÓLKURSAMSALAN

– aðalstyrktaraðili Skólahreysti

Munið keppnina í kvöld á RÚV kl. 18

Pottar&Pönnur!

byggtogbúið

Allir pottar og pönnur á afslætti

Síðustu dagar

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn

Skeifan & Garðabær

24 Hagkaup

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS

Aðalsteinn, er Skralli á leiðinni til Bretlands?

„Já, til að kenna Bretum glaðværð, góðvild og góða siði."

Sirkuseigendur í Bretlandi kvarta sáran þessa dagana yfir skorti á trúðum og loftfimleikafólki. Aðalsteinn Bergdal leikari hefur aukasjálfið Skralla trúð, sem kætt hefur íslensk börn og fullorðna í áraraðir.

Lungi tillagna Íslandsbanka um greiðslujöfnun er úr frumvarpi viðskiptaráðherra:

Kergja vegna þjófstarts Íslandsbanka

VIÐSKIPTI Tilkynning Íslandsbanka í gær um greiðslujöfnunarúrræði bankans vegna erlendra húsnæðislána hefur vakið nokkra óánægju í Landsbankanum og Kaupþingi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ástæðan er sú að uppistaðan í aðgerðunum sem Íslandsbanki tilkynnti um er afrakstur viðtæks samráðs banka og stjórnvalda og þær verða hluti af frumvarpi viðskiptaráðherra um greiðslujöfnun sem lagt verður fyrir þing á næstunni.

Íslandsbanki tilkynnti í gær um sérstakt afborgunarúrræði fyrir fólk sem á í erfiðleikum með að greiða af erlendum húsnæðislánum. Um sé að ræða greiðslujöfnun sem á að minnka greiðslubyrði og draga mjög úr áhrifum gengissveiflna á einstakar afborganir.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, staðfestir að samtökin hafi unnið að málinu í samvinnu við stjórnvöld en vill ekki tjá sig frekar um það.

Óánægjan sem upp er komin lýtur að því að Íslandsbanki skuli fara fram með tilkynningu af þessu tagi áður en frumvarp viðskiptaráðherra er lagt fram, og ekki síður að bankinn skuli með

ÍSLANDSBANKI Íslandsbanki kynnti tillögurnar sem sínar. Við það eru ekki allir sáttir. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

því eigna sér tillögurnar, sem þó séu ekki þeirra nema að mjög litlu leyti.

Ekki náðist í Gylfa Magnússon viðskiptaráðherra í gær. **- sh**

Ráðherra lækkar ferðakostnað:

Minna eytt í opinberar ferðir

STJÓRNSÝSLA Dagpeningar vegna ferðalaga opinberra starfsmanna erlendis hafa verið lækkaðir um tíu prósent, eftir tilmæli frá Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra.

Þá hefur ráðherrann einnig ákveðið að breyta sérstökum ákvæðum um ferðakostnað æðstu embættismanna ríkisins. Dagpeningar þeirra munu samkvæmt því skerðast töluvert og sömu reglur gilda um þá og aðra opinbera starfsmenn. Enn fremur sé sú heimild afnumin að greiða mökum ráðherra dagpeninga þegar þeir eru með ráðherrum í för erlendis. - sh

Brot á Búnaðarþingi:

Bændur fá sekt fyrir samráð

SAMKEPPNISMÁL Samkeppniseftirlitið (SE) hefur lagt tíu milljóna króna stjórnvaldssekt á Bændasamtökin fyrir ólöglegt verðsamráð.

Brotið er rakið til Búnaðarþings ársins 2008, þar sem fram kom almennur vilji til þess að bændur stæðu saman að nauðsynlegum verðhækkunum á búvörum sem ekki lúta opinberri verðlagninu.

Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins segir að brotið hafi verið til þess fallið að valda neytendum tjóni.

Bændasamtökin sendu frá sér tilkynningu í gær þar sem þau mótmæla því að þau hafi haft ólögmætt verðsamráð.

Stjórn samtakanna muni ákveða á næstunni hvernig brugðist verði við. **- sh**

Mælt fyrir stjórnarskrárbreytigu:

Stjórnlagaþing getur skapað samfélagssátt

ALÞINGI Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra mælti í gær fyrir frumvarpi um breytingar á stjórnarskrá og skipan stjórnlagaþings.

Sagði hún slíkt þinghald réttan farveg fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar og með því gæti nauðsynleg samfélagssátt náðst.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagðist telja að kostnaður við stjórnlagaþing gæti numið milljarði króna. Jóhanna sagði dæmið ekki hafa verið reiknað en vissulega kostaði þinghaldið töluvert.

Sá kostnaður væri þó réttlætanlegur vegna þeirra miklu lýðræðisumbóta sem fylgdu. - bþs

Von er á fjölda Vítisengla til Íslands í dag

Búist er við því að stór hópur Vítisengla reyni landgöngu í Leifsstöð í dag. Teiti vélhjólaklúbbsins Fáfnis hefst síðdegis. Ekki er útilokað að einhverjir Vítisenglar séu staddir á landinu. Samtökin hafa skipað Fáfnisliðum í algert fjölmiðlabann.

LÖGREGLUMÁL Fjöldi liðsmanna vélhjólasamtakanna Vítisengla er væntanlegur til landsins í dag. Þeir ætla að freista þessa að komast inn í landið í gegnum strangt landamæraeftirlit og í gleðskap vélhjólaklúbbsins Fáfnis sem opnar nýtt klúbbhús í Hafnarfirði með pompi og prakt í dag.

Tólf Vítisenglum hafði verið meinuð landganga síðdegis í gær og þeim vísað aftur til síns heima. Lögregla hafði mikinn viðbúnað í Leifsstöð vegna fyrirhugaðrar komu Vítisenglanna, sem eru skilgreindir sem alþjóðleg glæpasamtök. Þar voru tugir lögreglumanna, meðal annars sérsveitarmenn. Lögregla hefur að mestu leyti varist fregna af málinu eða viðbúnaði sínum.

Liðsmenn Fáfnis biðu Vítisenglanna í komusal en þurftu tómhentir frá að hverfa. Eiginkonu eins Vítisengils var þó hleypt inn ásamt tveimur vinkonum hennar. Tveimur Vítisenglum til viðbótar var vísað úr landi á miðvikudaginn síðasta.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun vera von á töluverðum fjölda Vítisengla til viðbótar til landsins í dag víðs vegar að. Jón Trausti Lúthersson, einn af forsprökkum Fáfnis, vildi hins vegar ekkert tjá sig um málið í gær og sagði alþjóðasamtök Vítisengla hafa sett Fáfnisliða í algert fjölmiðlabann.

Fáfnismenn hafa lengi stefnt að því að gera Fáfni að fullgildum meðlim í Vítisenglum. Þeir hafa nú stöðu opinberra áhangenda samtakanna.

HEIÐURGESTA BEÐIÐ Nokkrir liðsmenn Fáfnis sátu löngum stundum í Leifsstöð í gær og sötruðu kaffi. Þeir ætluðu að veita Vítisenglunum móttöku en varð ekki að ósk sinni. Englunum var öllum snúið við á staðnum, enda meðlimir alþjóðlegra glæpasamtaka. MYND / VÍKURFRÉTTIR

Dómsmálaráðherra greip til þess ráðs að taka upp landamæraeftirlit með komum frá löndum Schengen-svæðisins vegna veislu Fáfnis og fyrirhugaðrar komu Vítisenglanna. Eftirlitið verður í gildi út daginn í dag.

Veisla Fáfnis í ósamþykktu húsnæði í Hafnarfirði hefst síðdegis. Þar verður meðal annars boðið upp á íslenskt brennivín og kjötsúpu sem Sverrir Þór Einarsson, betur þekktur sem Sverrir tattú, mun elda ofan í mannskapinn. Þá mun rokksveitin Dark Harvest leika fyrir viðstadda.

Lögreglan verður með viðbúnað í Hafnarfirði vegna veislunnar, sem dómsmálaráðherra telur ógna þjóðaröryggi. Varðstjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sagði að ekki væri hægt að útiloka að einhverjir Vítisenglar væru á landinu, sem hefðu komið hingað áður en landamæraeftirlitið tók gildi á fimmtudag. stigur@frettabladid.is

ÚTSKIPUN Vöruskipti við útlönd skiluðu afgangi í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vöruskiptin í febrúar:

Afgangurinn sex milljarðar

FJÁRMÁL Afgangur á vöruskiptum við útlönd í febrúar nam 5,9 milljörðum, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Innflutningur vöru nam 26,4 milljörðum króna sem er nokkuð minna en í janúar þegar hann nam 32,3 milljörðum. Verðmæti útfluttrar vöru nam aftur á móti 32,3 milljörðum í febrúar en í janúar 33,6 milljörðum.

Minni innflutningur í febrúar stafar annars vegar af minni innflutningi á hrá- og rekstrarvörum og hins vegar á eldsneyti og olíum. **- shá**

Góðverk og gleði í Bláfjöllum:

Partí í fjöllum

ÚTIVIST „Þegar starfsmaður Bláfjalla benti okkur á Breiðu brosin, sem aldrei hafa hlotið styrk, vildum við undir eins leyfa þeim börnum að njóta góðs af," segir Sigurður Páll Sigurðsson, skipuleggjandi veglegrar fjölskylduhátíðar sem haldin verður fram á kvöld í Bláfjöllum. Allur ágóði af miðasölu skíðasvæðisins rennur til Breiðra brosa, sem eru samtök aðstandenda barna með skarð í vör.

Dr. Spock mun ljúka gleðinni með útitónleikum á snævi þöktu sviði í vetrarmyrkrinu, en meðal margs verður blysför niður fjallið, tískusýning, spaug og veitingar í boði fyrir gesti fjallanna. - þlg / sjá Allt

Dómur Hæstaréttar í máli Vikunnar og Geira á Goldfinger talinn hefta fjölmiðla:

Blaðamenn skildir eftir í réttaróvissu

FJÖLMIÐLAR Elín Arnar ritstjóri og blaðamenn Vikunnar lýsa furðu sinni á dómi Hæstaréttar þar sem ummæli viðmælanda tímaritsins voru ómerkt og Björk Eiðsdóttur, blaðamanni Vikunnar sem skráði viðtalið, var gert að greiða hálfa milljón í miskabætur, auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Í yfirlýsingu segir að þrátt fyrir að í dómi Hæstaréttar sé það ekki véfengt að blaðamaðurinn viðhafði fagleg vinnubrögð þá þyrfti blaðamaðurinn engu að síður að þola ómerkingu ummælanna og greiða miskabætur vegna þeirra. Dómurinn breyti skýrri réttarvenju um það að viðmælendur teljist höfundar ummæla sinna en ekki blaðamaðurinn sem höfundur greinarinnar. Þýðing þessa sé víðtæk breyting á starfsumhverfi blaðamanna.

„Með þessum dómi er Hæstiréttur í raun að kveða upp úr með að blaðamenn séu ábyrgir fyrir öllu sem viðmælendur þeirra segja, þrátt fyrir að fyrir liggi hljóðupptaka af ummælum viðmælanda og samþykki hans fyrir birtingu", segir í yfirlýsingunni. Dómurinn skilji blaðamenn eftir í réttaróvissu og hefti störf stéttarinnar í heild.

Málsatvik eru þau að Ásgeir Þór Davíðsson, eða Geiri á Goldfinger, kærði blaðakonuna Björk Eiðsdóttur fyrir meiðyrði. Héraðsdómur hafði áður sýknað Vikuna af kröfum hans. Í grein sinni hafði Björk eftir viðmælanda sínum, fyrrverandi starfsmanni Ásgeirs, að hann stæði fyrir vændi á klúbbnum Goldfinger. **- shá**

ELÍN ARNAR Elín, ritstjóri Vikunnar, og starfsmenn hennar lýsa furðu sinni á dómi Hæstaréttar. Dómurinn viðurkennir fagleg vinnubrögð blaðamanns en dæmir hann engu að síður til greiðslu miskabóta.

Borðskraut og skreytingar í sal
Fáið hugmyndirnar!
Hvort sem brúðkaupið er að vori, sumri, vetri eða hausti



25%

Bókið brúðkaupið um helgina og fáið 25 % afslátt af brúðarvendinum, skreytingum og öðru fyrir brúðkaupið í Garðheimum.

Brúðkaups- og Rósasýning Garðheima

er um helgina

Kæru brúðhjón

Við bjóðum ykkur að velja réttu rósategundina í brúðarvöndinn úr 50 tegundum rósa á rósasýningunni um helgina!

Við spörum ykkur sporin í veisluundirbúningnum og gefum ykkur kost á að kynnast þjónustu samstarfsaðila okkar sem verða m.a

Laugardagur

15.00 Brúðarkjólatískusýning á vegum BRÚÐARKJÓLALEIGA LÍNU OG LILJU
Sýndir verða brúðarvendir unnir af BLÓMADEILD GARÐHEIMA.
KYNNIR: BIRGITTA HAUKDAL

16.00 Tískusýning á glæsilegum fatnaði frá HJÁ HRAFNHILDI

16.20 Dregið úr lukkupotti með frábærum vinningum

Sunnudagur

15.00 Tískusýning á glæsilegum fatnaði frá HJÁ HRAFNHILDI

15.20 Brúðarkjólatískusýning á vegum BRÚÐARKJÓLALEIGA LÍNU OG LILJU
Sýndir verða brúðarvendir unnir af BLÓMADEILD GARÐHEIMA.
KYNNIR: BIRGITTA HAUKDAL

16.20 Dregið úr lukkupotti með frábærum vinningum

Á TILBOÐI UM HELGINA

Eldliljur
Túlipanar
Pottakrusi
Rósir

Opið til **21.00** öll kvöld

GARÐHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Veldu fegurstu rósina – og þú átt kost á glæsilegum rósavendi!

GENGIÐ 06.03.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,64	113,18
Sterlingspund	160,15	160,93
Evra	142,76	143,56
Dönsk króna	19,159	19,271
Norsk króna	15,955	16,049
Sænsk króna	12,127	12,199
Japanskt jen	1,1647	1,1715
SDR	165,56	166,54

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
186,5852
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrrverandi starfsmenn Kaupþings ákærðir fyrir markaðsmisnotkun:

Reyndu að hífa upp skuldabréfaverð

DÓMSMÁL Tveir fyrrverandi starfsmenn Kaupþings hafa verið ákærðir fyrir markaðsmisnotkun. Þeir eru grunaðir um að hafa vísvitandi búið til falska eftirspurn eftir skuldabréfum Existu, aðaleiganda Kaupþings, og hækka með því verðið á bréfunum. Þetta munu þeir hafa gert til að reyna að fegra stöðu peningamarkaðssjóðs sem þeir störfuðu við.

Annar mannanna, Daníel Þórðarson, var sjóðsstjóri sjóðsins og hinn, Stefnir Agnarsson, var skuldabréfamiðlari.

Ákæran á hendur þeim var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Í henni er þeim gefið að sök að

ÁKÆRÐUR Daníel var sjóðsstjóri hjá Kaupþingi.Hann er hættur störfum.

hafa, snemma árs 2008, sex sinnum gert kauptilboð upp á fimm milljónir í bréf Existu við lok markaða, sem voru verulega mikið hærri en almennt verð bréfanna á markaði. Segir í ákærunni að þetta hafi verið gert til að hafa áhrif á dagslokaverð bréfanna og gefa þannig eftirspurn eftir þeim og verð þeirra misvísandi til kynna.

Daníel mætti fyrir dóm og neitaði sök í málinu en Stefnir er hins vegar staddur erlendis. Þeim var báðum sagt upp störfum hjá Kaupþingi um leið og málið kom upp á sínum tíma. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þótti brotið afar viðvaningslegt. Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við segja það engan hafa skaðað nema starfsmennina tvo og enginn hafi heldur hagnast á því.

Refsing fyrir brot af þessu tagi getur mest numið sex ára fangelsisvist. - sh

Áhrif hvalveiða á fisksölu:

Þarf krókaleið til að fá svör

ALÞINGI Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur í þrígang reynt að bera upp fyrirspurn til sjávarútvegsráðherra um áhrif fyrirhugaðra hvalveiða á fisksölu á erlendum mörkuðum. Jafn oft hefur hann ekki komist að í óundirbúnum fyrirspurnartímum í þinginu.

Mörður vakti máls á þessu í þinginu á fimmtudag. Steingrímur J. Sigfússon brást hinn besti við og bað Mörð að leggja fram skriflega fyrirspurn sem hann myndi glaður svara á næstu dögum.

Mörður tók Steingrím á orðinu. - bþs

Á ÞINGI Í KÚVÆT Nuría al-Sebih og Mudhi al-Humud eru báðar ráðherrar.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Konum á þingi vex ásmegin:

Fjölgað um 60 prósent frá 1995

NEW YORK, AP Konum á löggjafarþingum um allan heim hefur fjölgað um 60 prósent frá árinu 1995. Þær eru þó aðeins 18,3 prósent af heildarfjölda þingmanna en voru 11,3 prósent árið 1995. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Alþjóðaþingmannasambandsins.

Sameinuðu þjóðirnar gerðu sér eitt sinn vonir um að hlutfall kvenna á löggjafarþingum yrði 30 prósent árið 1995. Enn sem komið er hafa aðeins 39 löggjafarþing náð því hlutfalli, þar á meðal Alþingi.

Rúanda er eina landið í heiminum þar sem meirihluti þingmanna er konur, eða 56 prósent. - bs

BRETLAND

Tíu ára skaut átta ára

Átta ára gamall piltur er alvarlega særður eftir skotárás á ferðamannastað í Tyneside á Englandi í gærkvöldi. Lögregla segir að tíu ára piltur hafi verið handtekinn vegna málsins.

LEIÐRÉTTING

Sigurjón Hauksson, starfsmaður handverkstæðisins Ásgarðs, var rangnefndur Sigurjón Ægir Sigurðsson á forsíðu Fréttablaðsins í gær. Fréttablaðið biðst velvirðingar á mistökunum.

Áætlun ríkisstjórnar skapar 4.000 ársverk

Áætlun ríkisstjórnar gerir ráð fyrir að um 4.000 ársverk skapist á næstunni. Flest störf snúa að byggingariðnaði og nýsköpun. Litlir fjármunir koma frá ríki.

ATVINNUMÁL Ríkisstjórnin samþykkti á ríkisstjórnarfundi í gær að hrinda í framkvæmd áætlun í ellefu liðum sem ætlað er að skapa ríflega fjögur þúsund ársverk á næstu misserum. Fyrirferðarmest er atvinnusköpun í byggingariðnaði og aðgerðir til að bæta stöðu nýsköpunarfyrirtækja. Vonir standa til að fimm verkefni sem tengjast virkjunarframkvæmdum og orkufrekum iðnaði geti skapað tvö þúsund störf til viðbótar. Vonast er til að tillögurnar verði komnar til framkvæmda í sumarbyrjun.

Tillögurnar eru þær fyrstu sem byggðar eru á starfi stýrihóps ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum, sem Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra er í forsvari fyrir. Hann segir að fjögur þúsund ársverk sé varfærin tala; störfin gætu orðið nær fimm þúsund.

Á það ber að líta að um áætlaða fjölgun starfa er að ræða út frá ýmsum forsendum sem óljóst er hvort ná fram að ganga, eins og skýrt kemur fram í tillögunum. Sumt hljómar þar kunnuglega, eins og 600 störf við byggingu tónlistarhúss í Reykjavík sem telst með þeim 1.700 ársverkum sem eiga að falla til í byggingariðnaði. Hins vegar eru stór verkefni á teikniborðinu sem ekki eru tekin með í reikninginn, að sögn Össurar.

Til þessa verks á að nýta fjármuni sem liggja fyrir í sjóðum ráðuneyta en einnig Atvinnuleysistryggingasjóði og hugsanlega Íbúðalánasjóði. Um upphæðir í þessu sambandi fengust ekki

TILLÖGUR KYNNTAR Steingrímur J. Sigfússon, Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson kynntu tillögur ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ELLEFU TILLÖGUR Í ATVINNUMÁLUM

Störf í byggingariðnaði	1.700 ársverk
Bætt samkeppnisstaða nýsköpunarfyrirtækja	1.000 ársverk
Sérfræðingar af atvinnuleysisskrá til nýsköpunarfyrirtækja	300 ársverk
Minni útflutningur óunnins fiskjar	300 ársverk
Gróðursetning, grisjun og stígagerð	230 ársverk
Endurgreiðslur/kvikmyndagerð	120-150 ársverk
Snjóflóðavarnir	110 ársverk
Orkuviðhald – orkusparnaður	50-100 ársverk
Frumkvöðlasetur í Rvk.	100 ársverk
Ferðaþjónusta	50 ársverk
Fjölgun/listamannalaun	33 ársverk

skýr svör frá forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar í gær. „Í fæstum tilfellum er verið að leggja til beina fjármuni frá ríkinu," sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. „Enda eru aðstæður okkar þær að við getum ekki sett fjármuni í atvinnusköpun þó við gjarnan vildum."

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra telur mikilvægt að um 1.500 af 4.000 störfum snúi að kvennastörfum sem síður hefðu fallið til ef hefðbundnum aðgerðum gegn atvinnuleysi hefði verið beitt, eins og uppbyggingu samgöngumannvirkja. „Þetta er mikilvægt innlegg til að sporna við að atvinnuleysi verði tíu prósent í maí, eins og í stefndi."

Steingrímur sagði mikilvægt að einkaaðilar og sveitarfélög bregðist við og nýti ívilnandi kjör, til dæmis í skattamálum, og ráðist í framkvæmdir á þeim tíma sem þau bjóðast. svavar@frettabladid.is

Bjarni Benediktsson:

Forgangsröðin röng og fátt nýtt á dagskrá

ATVINNUMÁL „Það eru margir gamlir kunningjar á þessari verkefnaskrá. Það er líka ákaflega holur hljómur í áformum þessarar ríkisstjórnar um atvinnuuppbygginu. Í sömu viku unni og þessum áformum er teflt fram talar hún gegn uppbyggingu álvers í Helguvík og úr fjármálaráðuneytinu berast skilaboð um verulegar skattahækkanir", segir Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins um áætlun ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum. Bjarni minnir einnig á að ríkisstjórnin hafi nýlega sett sig upp á móti sjálfbærum hvalveiðum.

„Þúsund ný ársverk nýsköpunarfyrirtækja eru ágæt áform en verkefnið sem ríkisstjórnin á að einbeita sér að er að endurreisa bankakerfið og koma blóðflæðinu til atvinnustarfseminnar í landinu í lag. Það er jafnframt ekkert eitt sem skiptir eins miklu máli til að bjarga störfum og að lækka vexti." - shá

Breytingar hjá Ríkisútvarpinu:

Afnotadeild lögð niður

FJÖLMIÐLAR Afnotadeild RÚV verður endanlega lögð niður um næstu mánaðamót. Að sögn Bjarna Péturs Magnússonar, deildarstjóra afnotadeildar, hefur starfsmönnum deildarinnar verið fækkað úr tíu í þrjá.

Tveir þeirra þriggja sem enn starfa á deildinni hætta störfum um mánaðamótin næstu. Starfsmaðurinn sem eftir verður mun annast samskipti við lögfræðinga vegna óinnheimtra skulda.

Afnotagjald Ríkisútvarpsins var lagt niður frá og með 1. janúar á þessu ári. - kg

Laugardagskaffi með Sigurði Kára

Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður býður sjálfstæðismönnum í Reykjavík í kosningakaffi á kosningaskrifstofu sinni í Skeifunni 17, í dag kl. 14:00.

Allir hjartanlega velkomnir
Komdu og spjallaðu við þingmanninn, barnahornið er á sínum stað.

Sigurður Kári
2.-3. sæti
Verk að vinna

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík 13. og 14. mars.

www.sigurdurkari.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

DAGURINN Í DAG
Í dag verður fremur vindasamt á Vestfjörðum, 10-18 m/s, hvassast nyrst og vestast með snjókomu af og til. Annars staðar verður hæglætisveður en þó hætt við skúrum eða éljum sunnan og austan til, einkum síðdegis. Hiti 0-5 stig sunnan og austan til, mildast úti við ströndina annars vægt frost.



Á MORGUN
10-18 m/s hvassast á Vestfjörðum og austan Vatnajökuls

MÁNUDAGUR
8-13 m/s

HEIMURINN

Alicante	20°
Amsterdam	8°
Basel	4°
Berlín	6°
Billund	5°
Eindhoven	7°
Frankfurt	7°
Friedrichshafen	3°
Gautaborg	4°
Kaupmannahöfn	4°
Las Palmas	21°
London	13°
New York	17°
Orlando	27°
Osló	0°
París	10°
Róm	15°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Danskir dagar

Danskar vörur í úrvali
- frábær matur sem þarf aðeins að hita
- kaldar sósur frábærar með öllum mat

Gøl pylsur
- ekta danskar pølser

Álegg frá Tulip
- mikið úrval

Graasten salöt
- úrval af dönskum salötum

Vínarbrauð
- 2 í kassa

Tuborg
- léttbjór

Pylsubrauð

Smørrebrød
- ekta danskt

3 stjerne spægipylsa
- þessi eina sanna

Eplaskífur

BKI kaffi
- extra og classic

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

Hefur þú misst vinnu eða starfshlutfall þitt verið skert nýlega?

Já	33,6%
Nei	66,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Líst þér vel á aðgerðir ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum?

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Óskar Bergsson og Björn Ingi Hrafnsson um þátt borgarfulltrúa Framsóknar:

Sömdum ekki við Höfðatorg

BORGARSTJÓRN Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, og Björn Ingi Hrafnsson, fyrrverandi borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, segja að þeir hafi engin afskipti haft af samningagerð um uppbyggingu á Höfðatorgi eða samningum um leigu borgarinnar á húsnæði þar.

Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi setti fram fyrirspurn um málið á síðasta borgarráðsfundi.

„Það mun koma fram í svari borgarstjóra í næstu viku að aðkoma mín að þessum samningi við Höfðatorg var engin, hvorki formleg né óformleg. Þetta kom líka fram í umræðum í borgarstjórn á þriðjudag og hefur margoft verið svarað," segir Óskar.

BJÖRN INGI HRAFNSSON OG ÓSKAR BERGSSON Þeir segjast ekki hafa samið við Höfðatorg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vegna fullyrðinga Ólafs um að Óskar hafi neitað að færa fyrirspurn hans til bókar á þarsíðasta fundi borgarráðs segir Óskar að fyrirspurnin hafi á þeim tímapunkti ekki verið tæk til afgreiðslu þar sem hún hafi að hluta fjallað um atriði sem ekki sé á færi stjórnkerfis borgarinnar að svara.

„Ég er farinn að fá það á tilfinninguna að það sé ekki gott á milli Óskars og Ólafs F. Magnússonar," segir Björn Ingi Hrafnsson. „Hins vegar er það þannig að ég kom að þessu máli sem kjörinn fulltrúi í borgarráði og greiddi þar atkvæði en ég hafði ekki neina aðkomu að samningunum að öðru leyti. Ég sat enga fundi með þessum aðilum og tók ekki þátt í vinnslu málsins og á engin tengsl við þetta fyrirtæki."

- gar

Friðunartillögu hafnað:

Telja hvönn og bobba óhætt

UMHVERFISMÁL „Sveitarstjórn leggst gegn friðlýsingu hvannstóðs undir Reynisfjalli þar sem ekki verður séð að hvönn eða sniglinum brekkubobba sé nokkur hætta búin af manna völdum og skiptar skoðanir eru meðal íbúa um ágæti friðlýsinga sem þegar eru í gildi í Mýrdalshreppi," segir í umsögn sveitarstjórnar Mýrdalshrepps sem gefinn var kostur á að skila umsögn um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun fyrir árin 2009 til 2013. Í tillögunni er meðal annars gert ráð fyrir að friða hvannstóð undir Reynisfjalli þar sem er búsvæði brekkubobba.

- gar

Bíllinn í farbanni þó að lánið sé í skilum

Solveig Thelma Einarsdóttir segist hafa staðið í skilum af láni á smábílnum sínum en fær samt ekki að fara með hann úr landi til að freista gæfunnar í Noregi. Verðum að geta gengið að veðinu, segir rekstrarstjóri tryggingafélagsins.

FÓLK „Ég er svekkt. Maður hefur reynt að standa sig og gera allt eftir kúnstarinnar reglum en fær þetta samt í hausinn," segir Solveig Thelma Einarsdóttir sem fær ekki að flytja bílinn sinn með sér úr landi.

Solveig kveðst hafa keypt sér Toyota Aygo fyrir þremur árum. Á bílnum sé verðtryggt lán til sex ára. Í apríl á hún pantað far með Norrænu til Noregs þar sem hún ætlar að freista gæfunnar. En babb er komið í bátinn. Tryggingamiðstöðin, þar sem Solveig er með tryggingu og lán hjá Elísabetu, bannar henni að fara með bílinn.

„Ég er búin að borga af bílnum í þrjú ár, á fasteign á Íslandi og hef aldrei verið í vanskilum eða beðið um frystingu á lánum. Samt synja þeir mér um grænt kort á bílinn," segir Solveig sem kveðst hafa fengið þau svör að það sama gilti um alla. „Í dag er bílum ekki hleypt í Norrænu nema menn fái grænt kort sem þarf að sækja um hjá tryggingafélaginu og það fær maður ekki nema vera alveg skuldlaus. Það er fjöldi fólks sem veit ekki um þetta."

JÓN PÁLL LEIFSSON

Solveig, sem er hársnyrtir, hyggst vera þrjá mánuði í Noregi til að byrja með og kveðst þegar hafa starfsviðtöl í hendi. „Ef vel gengur hef ég hugsað mér að vera áfram svo ég geti nú borgað af bílnum," segir Solveig sem lítur nú á smábílinn sinn sem hreina átthagafjötra til viðbótar við gjaldeyrishöft sem hindri Íslendinga í að koma undir sig fótunum erlendis.

SOLVEIG THELMA EINARSDÓTTIR Ætlar með þriggja ára son og kærastanum til Noregs en fær ekki að taka bílinn með sér. Hún segir lítið gagn af því að halda áfram að borga af bíl sem hún má ekki nota. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jón Páll Leifsson, rekstrarstjóri Elísabetar, segir tryggingafélagið byggja á skilmálum skuldabréfa vegna bílalána. Þar er meðal annars kveðið á um að ef veð rýrnar eða hann er fluttur úr landi án skriflegs samþykkis skuldareigandans sé öll skuldin fallin í gjalddaga.

„Á grundvelli þessa ákvæðis byggist synjun félagsins á beiðni lántakanda hverju sinni um að flytja veðsettan bíl úr landi," segir Jón Páll og tekur fram að afgreiðsla máls Solveigar sé í samræmi við það sem tíðkist hjá öðrum bílalánafyrirtækjum.

Jón Páll segir að félagið verði að geta gengið að veðinu ef til vanskila komi. Sé veðið í bílnum sjálfum leiði það til verulega aukinnar áhættu að leyfa flutning hans úr landi. „Það er kunnara en frá þurfi að segja hversu tafsamt og kostnaðarsamt það getur reynst fyrir kröfuhafa að þurfa að innheimta kröfur á skuldara sem reynist vera búsettur utanlands svo ekki sé minnst á þann kostnað og fyrirhöfn sem því mundi fylgja að nálgast hina veðsettu eign til að ganga að tryggingunni sem í veðinu er fólgin þegar það hefði verið flutt úr landi."

gar@frettabladid.is

Samfylkingin

PRÓFKJÖR SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK

UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐAGREIÐSLA HEFST Í DAG

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst í dag, laugardaginn 7. mars í kosningamiðstöð Samfylkingarinnar á Skólabrú við Austurvöll og stendur til 13. mars. Þeir sem ekki eiga heimangegnt á kjördag, hafa ekki aðgang að tölvu, nota ekki heimabanka eða vilja kjósa með gamla laginu á pappír, er velkomið að kjósa utan kjörfundar.

Kjörstaðurinn verður opinn kl. 14-20 alla daga. Kosningarétt hafa félagar í Samfylkingarfélögunum í Reykjavík sem voru skráðir félagar þann 28. febrúar 2009 og eiga lögheimili eða hafa kosningarétt í Reykjavík. Aðstoð við kosninguna er á kjörstað.

Kynningardagur frambjóðenda verður á morgun, sunnudaginn 8. mars kl. 14-18 í kosningamiðstöð Samfylkingarinnar á Skólabrú við Austurvöll. Frambjóðendur bjóða kjósendur velkomna, kynna sig og sín hjartans mál og svara spurningum kjósenda. Ilmandi kaffi og heimabakað góðgæti gegn hóflegu framlagi í kosningasjóð. Allir velkomnir!

Nánari upplýsingar á samfylking.is og í síma 414 2200.

Kjörstjórn Samfylkingarinnar í Reykjavík

Valtýr Sigurðsson minnir á að Hafskipsmálið sé fyrnt og fari aldrei fyrir dóm:

Hafskipsmenn kæra ríkissaksóknara

DÓMSMÁL Hafskipsmenn hafa kært ákvörðun ríkissaksóknara um að rannsaka ekki Hafskipsmálið frekar, með stjórnsýslukæru til dómsmálaráðherra.

Þau Björgólfur Guðmundsson, Páll Bragi Kristjónsson, Helga Thomsen (ekkja Ragnars Kjartanssonar), Þórður H. Hilmarsson og Helgi Magnússon höfðu beðið um rannsókn á meintum brotum í dómskerfinu, sem hafi verið framin við meðferð Hafskipsmálsins svokallaða, um miðjan níunda áratuginn.

Hinn 8. október féllst ríkis-saksóknari á að rannsaka málið, á grundvelli lagagreinar sem nú hefur verið felld niður. Niðurstaða hans varð síðan sú að ekki væri ástæða til að rannsaka málið frekar. Kröfðust Hafskipsmenn þess þá að ný ákvörðun yrði tekin, sem ríkissaksóknari hafnaði.

„Við grundvöllum kæru okkar á því að öll skilyrði laganna sem kæran er upphaflega byggð á séu uppfyllt," segir Ragnar Aðalsteinsson lögmaður. Ríkissaksóknari hafi ekki rannsakað málið í skilningi laga.

Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari segir rannsóknarbeiðnina ekki hafa leitt neitt í ljós sem gæfi til kynna refsiverð brot hjá þeim sem átti að rannsaka.

TVEIR HAFSKIPSMANNA Björgólfur Guðmundsson og Páll Bragi Kristjónsson eru meðal þeirra sem hafa kært ríkissaksóknara fyrir að rannsaka ekki Hafskipsmálið nægilega vel.

„Og ég hef rökstutt það á nítján síðum að ekki sé tilefni til frekari rannsóknar."

Fyrrgreind heimild til rannsóknar hafi verið sérkennileg. „Auðvitað er það ekki eðlileg rannsókn að rannsaka mál sem eru fyrnd og verður aldrei komið með fyrir dóm," segir Valtýr.

- kóþ

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

ÁFRAM ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR

Það er okkur mikill heiður að viðskiptavinir okkar skuli vera þeir ánægðustu á meðal fjármálafyrirtækja á Íslandi tíunda árið í röð!



*Skv. mælingum Íslensku ánægjuvogarinnar.

2. nóv. - 11. des. 2008.

Persónuleg og vönduð fjármálaþjónusta hefur skilað sparisjóðunum ánægðustu viðskiptavinunum **10 ár í röð eða allt frá því mælingar hófust**. Þetta eru ánægjuleg tíðindi fyrir okkur og hvetur okkur til að starfa **áfram fyrir þig og þína.** Kynntu þér starfsemi sparisjóðanna á **www.sparisjodirnir.is**

Bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf,
starfsfólk sparisjóðanna

SPARISJÓÐIRNIR
Á ÍSLANDI
– áfram fyrir þig og þína

Sparisjóðirnir á Íslandi samanstanda af Byr sparisjóði, SPRON og öllum öðrum sparisjóðum á landinu.

Tryggjum samkeppni
Við erum einu fjármálafyrirtækin á Íslandi sem veita alla almenna bankaþjónustu og starfa án atbeina ríkisvaldsins.



Ný framtíðarsýn
Framtíðarsýn sparisjóðanna er að byggja á enn hagkvæmari rekstrareiningum með áherslu á persónulega þjónustu í námunda við þig.

Lærdómur sögunnar
Saga okkar hefur verið samofin sögu íslensks samfélags í yfir 100 ár. Þessi saga er rétt að hefjast.

Þitt samfélag
Sparisjóðirnir leggja ríka áherslu á stuðning við ýmis samfélagsverkefni og félagastarf.

DYNAMO REYKJAVÍK

Allir við sama borð
Forsenda þess að sparisjóðirnir geti áfram veitt samkeppnishæfa þjónustu er að fyllsta jafnræðis sé gætt í aðgerðum stjórnvalda við endurreisn íslenska fjármálakerfisins.

Fyrir Íslendinga
Án Íslendinga værum við ekki til. Sparisjóðirnir hafa alltaf lagt höfuðáherslu á að þjónusta íslenskt samfélag og munu halda því ótrauðir áfram.

Fjórðungur þjóðarinnar
Fjórðungur þjóðarinnar nýtur ánægjunnar af viðskiptum við sinn sparisjóð og við bjóðum ykkur velkomin í viðskipti.

Áfram
sparisjóðirnir á
sparisjodirnir.is

„ERTU ALGJÖR SKINKA?"

Börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól.

HÆTTAN ER LJÓS

Félag íslenskra húðlækna, Geislavarnir ríkisins, Krabbameinsfélagið, Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð hvetja foreldra og forráðamenn fermingarbarna til að fara að tilmælum alþjóðastofnana um **að börn og unglingar fari ekki í ljósabekki.**

92 prósenta munur milli verslana á tannkremsverði í verðlagseftirliti ASÍ:

Bónus oftast með lægsta verðið

NEYTENDUR Bónus bauð upp á lægsta verðið á 34 af 51 vörutegund sem skoðuð var í verðlagseftirliti ASÍ í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu þriðjudaginn 3. mars. Krónan var með lægsta verðið á tólf vörutegundum, Kaskó á ellefu og Nettó á þremur.

Nettó reyndist bjóða upp á hæsta verðið í 34 tilvikum. Kaskó bauð upp á hæsta verðið á þrettán vörutegundum, Krónan tíu vörutegundum og Bónus var með hæsta verðið á þremur vörutegundum.

Einungis einnar krónu verðmunur var milli verslana á lægsta verði og því næstlægsta á átján vörum. Allar mjólkurvörur féllu undir

EFTIRLIT Einungis einnar krónu verðmunur var milli verslana á ódýrasta verði og því næstódýrasta á átján vörum í verðlagseftirliti ASÍ.

þann hatt. Mesti verðmunurinn í könnuninni var 92 prósent á mælieiningaverði af Colgate Total tannkremi. Það reyndist dýrast í Nettó og Kaskó á 4.990 krónur lítrinn, en ódýrast var tannkremið í Bónus á 2.590 krónur lítrinn. Verðmunur á heilhveitibrauði var mestur 84 prósent, en var 95 prósent í verðkönnun verðlagseftirlitsins í janúar. Mikill verðmunur var á kjötvörum, fiski, frosnum matvælum, spagettí, hrísgrjónum og hreinlætisvörum.

Mjög lítill verðmunur var á forverðmerktum vörum í könnuninni, en samkvæmt ASÍ er slík forverðmerking bönnuð og hamlar eðlilegri verðsamkeppni. Könnunin var gerð í Bónus í Faxafeni, Krónunni í Lindum, Nettó í Hverafold og Kaskó í Vesturbergi. **- kg**

Sjávarútvegsráðherra:

Skuldum hlaðinn útvegur

ALÞINGI Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir skuldir sjávarútvegsins allt of miklar. „Hann er skuldum hlaðinn," sagði hann í umræðum á Alþingi í vikunni.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Grétar Mar Jónsson, Frjálslynda flokknum, spurði ráðherrann út í skuldirnar; vildi vita hve miklar þær væru. Steingrímur kvaðst ekki hafa upplýsingar þar um á reiðum höndum en hét því að afla þeirra. Hann sagðist þó vita að afkoma nokkurra stórra fyrirtækja í greininni á síðasta ári hefði verið alvarleg.

- bþs

GERT KLÁRT Ólafur Þór Hauksson er sérstakur saksóknari sem rannsakar grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og í kjölfar atburða sem leiddu til bankahrunsins. Auk hans starfa nú fjórir hjá embættinu: tveir lögfræðingar og tveir lögreglumenn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Saksóknarinn á að fá það sem hann vill

Heimildir sérstaks saksóknara til að kalla eftir gögnum og upplýsingum verða auknar til muna, samkvæmt frumvarpi dómsmálaráðherra. Öll þagnarskylda gagnvart honum verður afnumin.

ALÞINGI Embætti sérstaks saksóknara fær auknar heimildir til að kalla eftir upplýsingum og gögnum, verði nýtt frumvarp dómsmálaráðherra að lögum.

Í stuttu máli má segja að saksóknarinn getur kallað eftir öllum gögnum sem hann vill. Gagnvart honum ríkir engin þagnarskylda.

Embætti sérstaks saksóknara rannsakar grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og í kjölfar atburða sem leiddu til bankahrunsins í haust. Embættið tók til starfa í byrjun febrúar.

Á stuttum starfstíma hefur komið í ljós að heimildir þess voru ekki nægilega skýrar og ótvíræðar. Reynslan hefur leitt það í ljós.

Samkvæmt gildandi lögum ná skyldur um veitingu upplýsinga og gagna til Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins og skattrannsóknarstjóra. Við fyrirhugaða lagabreytingu bætast nýju bankarnir við listann sem og skilanefndir gömlu bankanna og aðrir sem vinna að greiðslustöðvun, nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum fjármálafyrirtækja.

Þá er í frumvarpinu kveðið á um að ef skilanefnd, aðstoðarmaður við greiðslustöðvun, umsjónarmaður með nauðasamningi eða skiptastjóri fjármálafyrirtækis fær vitneskju í starfi um atvik sem talið er að geti gefið tilefni til rökstudds gruns um að fjármálafyrirtæki eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi skal tilkynna það embætti sérstaks saksóknara.

Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, sem stóð að frumvarpi um stofnun embættis sérstaks saksóknara á sínum tíma fagnaði á heimasíðu sinni í vikunni víðtækum heimildum embættisins. Gat hann þess jafnframt að viðskiptaráðuneytið, í ráðherratíð Björgvins G. Sigurðssonar, hefði staðið gegn svo víðtækum heimildum.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins áttu embættismenn viðskiptaráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins í skoðanaskiptum um hve víðtækar heimildirnar mættu vera. Komu þar meðal annars til vangaveltur um skörun verksviða embætta. Í ljósi reynslunnar hafi afstaða viðskiptaráðuneytisins breyst og því hægt að auka heimildir sérstaks saksóknara nú.

bjorn@frettabladid.is

Lagersala!

โกดังสินค้าเลหลัง

Wyprzedaż zapasów magazynowych

Í Askalind 2A, Kópavogi

30-70%

afsláttur

VORUM AÐ BÆTA VIÐ VÖRUM

Opið í dag kl. 12-17,
sunnudag kl. 13-17.

HEIMA HÚSIÐ

heima Ondvegi

Þú þarft ekki heppni til að vinna!
VIÐ DRÖGUM Á ÞRIÐJUDAG UM TUGI MILLJÓNA!
75 ára milljónir á einn miða
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
Fáðu þér miða á www.hhi.is
TBWA\REYKJAVÍK \ 094236

SIEMENS
Glæsileg Sölusýning
í dag.
Fjöldi tilboða í tilefni dagsins.
Opið frá 10 til 16.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

-5 kr.
3 kr. afsláttur af eldsneytislítranum + 2 kr. í formi Vildarpunkta Icelandair
STAÐGREIÐSLUKORT
og 15% afsláttur af bílavörum
með Staðgreiðslukorti Olís til 1. maí 2009!
Þú sækir um kortið á www.olis.is, þjónustustöðvum Olís eða í síma 515 1141.
TBWA\Reykjavík \ SÍA \ 094197

Hringdu í síma 512 50 60
ef blaðið berst ekki

Vinstri græn eru andvíg því að ríkisstjórnin semji um álver í Helguvík:

Hálf ríkisstjórn með stjórnarfrumvarpi

STJÓRNMÁL Frumvarp ríkisstjórnarinnar um álver í Helguvík nýtur ekki stuðnings allrar ríkisstjórnarinnar. Tveir ráðherrar Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, Steingrímur J. Sigfússon og Kolbrún Halldórsdóttir, hafa lýst andstöðu við málið og má ætla að hinir tveir séu sömu skoðunar. Líkast til mun gjörvallur þingflokkur VG leggjast gegn frumvarpinu en ekki er ljóst hvort þingmenn flokksins greiða atkvæði gegn því eða sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Í frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að semja við Century Aluminum Company, eiganda Norðuráls Helguvíkur ehf., um álver í Helguvík. Á samningurinn að fjalla um byggingu og rekstur 360 þúsund tonna álvers, skattlagningu þess og lögsögu dómstóla.

Eitt af meginverkefnum Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra hefur verið að koma álveri í Helguvík á koppinn. Hefur hann í þingræðum lýst yfir að þjóðin þarfnist verkefnisins enda skapi það fjölmörg nauðsynleg störf.

Þó að VG sé á móti álverinu er meirihlutastuðningur við það á þingi enda aðrir flokkar hlynntir framkvæmdinni.

- þþs

ÁLVERIÐ RÍS Þótt ekki hafi verið gerður formlegur samningur um álver í Helguvík eru framkvæmdir hafnar.

SKÝRSLA Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, og Ingibjörg Þórðardóttir félagsráðgjafi kynntu ársskýrslu samtakanna í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aldrei tilkynnt um fleiri hópnauðganir

Tilkynntum hópnauðgunum til Stígamóta fjölgaði úr sex í fimmtán milli ára. Forstöðumaður segir mögulegt að kynferðisofbeldi sé að harðna. Umræða um að útlendingar nauðgi oftar en Íslendingar sé goðsögn sem ekki sé fótur fyrir.

KYNFERÐISBROT „Þetta eru sláandi tölur. Samkvæmt íslenskum lögum er ofbeldi versti glæpur sem manneskja getur beitt á eftir morði, og þegar ofbeldismennirnir eru fleiri en einn getur hver og einn ímyndað sér hvers lags hrikalegur glæpur það er," segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta – samtaka kvenna gegn kynferðisofbeldi. Í ársskýrslu samtakanna sem kynnt var í gær kemur fram að fimmtán hópnauðganir voru tilkynntar til Stígamóta á síðasta ári. Árið áður, sem var í fyrsta sinn sem tölur um tilkynntar hópnauðganir voru birtar, var samtökunum tilkynnt um sex hópnauðganir, og er því um vel rúmlega helmingsfjölgun að ræða. Tilkynntum lyfjanauðgunum fjölgaði úr ellefu í fjórtán milli ára.

Guðrún segist vilja fara varlega í að draga of miklar ályktanir af þessum tölum. „Þetta eru auðvitað of lágar tölur til að hægt sé að draga af þeim stórar ályktanir, en þetta gæti verið merki um að ofbeldið sé að harðna. Við vitum það ekki fyrir víst, en svona blasir þetta við okkur," segir Guðrún.

Í skýrslunni kemur einnig fram að af þeim kynferðisafbrotamönnum sem tilkynnt var um á síðasta ári, og vitað er um þjóðerni á, séu 84 prósent íslenskir. 9,7 prósent þeirra komi frá öðrum löndum en upplýsingar um þjóðerni vanti hjá 5,8 prósentum af þeim sem beittu ofbeldi. Samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir 2008 eru útlendingar um 8,1 prósent samfélagsins. Stór hluti af þeim 9,7 prósentum sem eru útlendingar hafi framið brot sín í útlöndum, og þess vegna sé ljóst að íslenskum konum standi ekki meiri ógn af útlendingum en Íslendingum.

„Umræðan hefur mikið til verið á þeim nótum að íslenskum konum stafi mest hætta af erlendum mönnum sem koma hingað til lands," segir Guðrún. „Við höfum líka tekið eftir því að þegar útlendingar nauðga er það tekið fram í fjölmiðlum, og það ýtir undir þá skökku mynd að þeir séu hættulegri en Íslendingar. Það er goðsögn sem ekki er fótur fyrir."

Verkefnið Stígamót á staðinn hófst síðasta haust, og í kjölfar þess komu 52 einstaklingar í viðtöl á vegum Stígamóta utan Reykjavíkur. Af þeim voru 28 sem ekki höfðu komið í viðtal áður. Framhald verður á verkefninu og segir Guðrún líklegt að viðtölum utan Reykjavíkur eigi eftir að fjölga á næstunni.

kjartan@frettabladid.is

ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA

Sextán samtök skoruðu í gær á stjórnvöld að leggja bann við kaupum á vændi. Í áskorun þeirra segir meðal annars að fagna beri því að enn einu sinni sé komið fram á Alþingi frumvarp þess efnis. Nýmæli sé að þingmenn stjórnarflokkanna tveggja, ásamt þingkonum Framsóknarflokks, leggi fram frumvarpið og því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að það verði afgreitt og samþykkt.

Ljóst sé að málið njóti ekki bara stuðnings allrar kvennahreyfingarinnar, heldur líka mikils stuðnings hjá þjóðinni því samkvæmt skoðanakönnun Capacent Gallup frá því í mars 2007 vilja 70 prósent þjóðarinnar banna kaup á vændi.

MEIRA FYRIR NÁMSMENN! Landsbankinn veitir Námufélögum námsstyrki í tuttugasta sinn. Nánari upplýsingar og

Spennan magnast í Kóreu:

Ekkert flug yfir norðurhlutanum

SEÚL, AP Flugfélög í Suður-Kóreu hafa beint flugvélum sínum frá norður-kóreskri lofthelgi eftir að stjórnvöld í Norður-Kóreu lýstu yfir að þau gætu ekki ábyrgst öryggi suður-kóreskra farþegaflugvéla í lofthelgi sinni. Þau sögðu einnig suður-kóresk og bandarísk stjórnvöld tefla á hættu á kjarnorkustyrjöld með sameiginlegum heræfingum sem standa fyrir dyrum.

Stjórnvöld í Suður-Kóreu hafa krafist þess að Norður-Kórea dragi hótanir sínar á hendur farþegaflugvélum til baka en breytingar á flugáætlunum geta valdið flugfélögum miklum búsifjum. - bs

GUÐBJARTUR Hann segist hafa reynt að fá gjaldtökuna fellda niður.

Niðurfelling gangagjaldsins:

Guðbjartur segist hafa reynt

ALÞINGI **Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingarinnar, segist hafa reynt að fá gjaldtöku í Hvalfjarðargöng fellda niður en án árangurs. Málið hafi ekki náð inn í stjórnarsáttmála og tilraunir til að fá þingmenn Norðvesturkjördæmis til að flytja um það sérstakt þingmál hefðu ekki borið árangur.**

Sturla Böðvarsson, Sjálfstæðisflokki, rifjaði upp á þingi í gær að Guðbjartur hefði lofað afnámi gjaldsins í síðustu kosningabaráttu. Samhliða hefði Samfylkingin beitt mikilli áróðursherferð gegn honum. Lét hann að því liggja að loforðið á sínum tíma hefði verið ódýrt og innihaldslaust. - bþs

BIFREIÐIN SKOÐUÐ Námsmenn skoða bifreiðina sem ráðist var á. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir myrtir í Kenía:

Höfðu rannsakað mannshvörf

KENÍA, AP Tveir baráttumenn fyrir mannréttindum voru myrtir í Kenía á fimmtudagskvöld. Þeir höfðu sakað lögregluna um að senda vígasveitir til að myrða fólk, sem hefur gagnrýnt stjórnvöld.

Oscar Kamau Kingara og John Paul Oulu voru myrtir í bifreið sinni þegar þeir sátu fastir í umferð í Nairóbí, höfuðborg landsins. Kingara var yfirmaður stofnunar, sem hefur gefið út skýrslu um aftökur án dóms og laga og hvarf þúsunda manna, sem hafa verið í haldi lögreglu.

Oulu var fjölmiðlafulltrúi stofnunarinnar. - gb

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 08-2254

Hvernig fæ ég yfirsýn yfir útgjöld heimilisins?

Get ég hætt að vinna við 65 ára aldur?

Er munur á nafn- og raunvöxtum?

Eru skuldabréf málið í dag?

Af hverju losna ég aldrei við yfirdráttinn?

Hvort er betra að spara í verðtryggðu eða óverðtryggðu í dag?

Hver er munurinn á vara- og neysluspárnaði?

Hvað er verðtrygging og hvernig virkar hún?

Hvernig næ ég tökum á fjármálunum?

Mikil aðsókn á fjármálanámskeið

Undanfarið hefur Íslandsbanki í samstarfi við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík boðið fjármálanámskeið fyrir almenning. Námskeiðin hafa mælst mjög vel fyrir og viðtökurnar verið framar vonum. Enn eru nokkur námskeið eftir og hvetjum við áhugasama til að skrá sig sem fyrst.

Markmið námskeiðsins er að veita ráðleggingar um flest sem snýr að fjármálum fjölskyldunnar. Þátttakendur verða fræddir um sparnað, lán, efnahagsreikning heimilisins, heimilisbókhald, fjárfestingar, lífeyrissparnað og margt fleira.

Námskeiðin fara fram í Opna háskólanum í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, og eru öllum opin. Hvert námskeið stendur í 3 klst. og þátttökukostnaður er 1.000 kr. eða 1.000 punktar í Vildarklúbbi Íslandsbanka.

Nánari upplýsingar á islandsbanki.is/fjarmalanamskeid.

Næstu námskeið:

- Laugardaginn 7. mars Kl. 10.00–13.00 - UPPSELT
- Miðvikudaginn 11. mars Kl. 17.15–20.15
- Laugardaginn 14. mars Kl. 10.00–13.00
- Miðvikudaginn 18. mars Kl. 17.15–20.15
- Laugardaginn 21. mars Kl. 10.00–13.00

Skráning á www.opnihaskolinn.is eða í síma 599 6394.

OPNI HÁSKÓLINN Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Íslandsbanki

Gorbatsjev gagnrýnir Pútín:

Eins og versti kommi

RÚSSLAND Míkhaíl Gorbatsjev, fyrrverandi formaður sovéska Kommúnistaflokksins, líkir flokki Vladimírs Pútín, Sameinuðu Rússlandi, við kommúnista eins og þeir gerðust verstir þegar hann var við völd. Þá segir hann að sjálfstæði og frelsi löggjafarvaldsins og dómsvaldsins í Rússlandi hafi ekki verið tryggt.

Gorbatsjev ræddi við fréttastofu AP í tilefni af því að 20 ár eru liðin frá því að Sovétríkin hófu að riða til falls. Hann vonast til að Rússland, Úkraína, Kasakstan og Hvíta-Rússland myndi nýtt sambandsríki þegar fram líða stundir. **- bs**

MÍKHAÍL GORBATSJEV Hann segir Pútín vera eins og versta kommúnista.



BÖRN Í FLÓTTAMANNABÚÐUM Alls þurfa um 4,7 milljónir manna í Súdan á aðstoð hjálparstofnana að halda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lífi þúsunda stefnt í voða

Brottrekstur hjálparstarfsfólks frá Súdan veldur óbætanlegu tjóni á hjálparstarfinu í landinu. Súdansstjórn hvött til að endurskoða ákvörðun sína.

SÚDAN, AP Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna ætlar að kanna hvort ákvörðun Súdansstjórnar um að reka erlent hjálpar-starfsfólk á brott úr landinu teljist mannréttindabrot.

„Að svipta vitandi vits svona stóran hóp fólks öllum möguleikum sínum til að komast af er ömurlegur verknaður," segir Rupert Colville, talsmaður mannréttindafulltrúans Navi Pillay.

Lífi þúsunda manna er ógnað vegna brottreksturs þrettán stærstu hjálparsamtakanna frá Súdan. Stjórn landsins ákvað að gera þetta eftir að Alþjóðlegi sakadómstóllinn í Haag gaf út handtökuskipan á hendur Omar al-Bashir forseta vegna stríðsglæpa í Darfúrhéraði.

Alþjóðaheilbrigðisstofnun n segir að þetta þýði að stórt gat myndist í öllu eftirliti með útbreiðslu sjúkdóma, sem gæti orðið til þess að smitsjúkdómafaraldrar fari á kreik án þess að nokkur viti af.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna segir að flóttamannabúðir handan landamæranna í Tsjad séu illa undir það búnar að taka á móti miklum mannfjölda í viðbót við þá sem fyrir eru. Súdansstjórn sakar hjálparstofnanir um að starfa með dómstólnum og dæla í hann röngum upplýsingum um ástandið.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, segir að þessi ákvörðun Súdansstjórnar muni valda óbætanlegu tjóni á starfi hjálparstofnana í Darfúrhéraði og hvetur stjórnina til þess að endurskoða þessa ákvörðun.

Að minnsta kosti 2,7 milljónir manna hafa hrakist að heiman vegna átakanna og hafast flestir við í flóttamannabúðum, ýmist í Darfúrhéraði eða rétt handan landamæranna í Tsjad.

Ban segir að 4,7 milljónir manna í Súdan þiggi aðstoð frá hjálparstofnunum.

Samkvæmt ákvörðun stjórnvalda þurfa nú 40 prósent allra hjálparstarfsmanna í héraðinu að hafa sig úr landi.

Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum hafa 76 sjálfstæð hjálparsamtök sinnt íbúunum í Darfúr auk allra helstu hjálparstofnana Sameinuðu þjóðanna.

gudsteinn@frettabladid.is

109.328 heimili hafa nú fengið
Kúpon afsláttarkortið

Ert þú búin að fá þitt?

kúpon.is

ný og betri leið til að spara

Til hamingju með kúpon afsláttarkortið.

Skoðaðu tilboðin inn á kúpon.is

Hafðu kortið með í verslunarferðina og framvísaðu kortinu við afgreiðsluna.

Þú færð kortið án endurgjalds á kúpon.is

Vertu viss um að þú sért skráð/ur á póstlista kúpon.is

Glæsilegur ferðavinningur frá Iceland Express dreginn út í næstu viku.

Iceland Express

BRJÁLUÐ

OPNUM NÝJA TIMBURMIÐSTÖÐ OG HÚSASMIÐJUNNAR Í GRAFARHOLTI.

MEIRIHÁTTAR TILBOÐ AÐEINS ÞESSA HELGI

10 ltr

2.999
5.499
100 stk takmarkað magn

Jotaplast
Gæða plastmálning á veggi og loft, gljástig 7, beinhvít
7119800

499
1.499
60 stk takmarkað magn

Snjóskófla Skandinavia
5082364

999

Flíspeysur herra og dömu
BLANDAÐ ÚRVAL

B-

39.990
79.990
16 stk takmarkað magn

Kælir/frystir Electrolux B vara
B- vara sýningareintök/lítið útlitsgallað.182 sm.
1809314

499
999
80 stk takmarkað magn

Tangasett
3 stk
5052762

14.990
39.170
50 stk takmarkað magn

Eldhúsblöndunartæki
Damixa Jupiter.
8000094

1.999
7.999
70 stk takmarkað magn

Verkfærahirsla Mastercart

Handklæði, 50 x 85 sm
4301022-3

9.990
18.914
50 stk takmarkað magn

Örbylgjuofn
Hvítur 17 ltr. 700W.
1840893

Nuddpottur
SerM5000 Gold, loftnudd.
8082603

TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í GRAFARHOLTI

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

TILBOÐ

BREYTTA VERSLUN

Laugardagur 10-17 | **Sunnudagur** 11-16

OPNUNAR **HÁTÍÐ** GRAFARHOLTI

Ís fyrir börnin

Kjöris

Kökuhornið

frítt

Kaffi & Muffins fyrir alla.

meðan birgðir endast

Túlípanar 15 stk. 999 kr

12.990 ~~24.990~~

64 stk takmarkað magn

Fjölþjálfi
3899531

50% AFSLÁTTUR af öllum ljósum

990m² ~~1.995 m²~~

182m² takmarkað magn

Rúllusett
25 sm
7010093

299 ~~999~~

100 stk takmarkað magn

Veggflís Dublin
Hvítar glansandi m/bugðóttu yfirborði, stærð 20x25 sm.
8611000

1.990 ~~4.655~~

52 stk takmarkað magn

Ungbarnasnjóþota
Með háu baki og öryggisól
3900903

Skel, án tenginga
Serenity Galaxy græn, 203 x 193 x 87 sm, klæðning fylgir ekki
8070605

99.000 ~~129.000~~

16 stk takmarkað magn

Skel fyrir hitaveituvatn, tilvalið fyrir sumarbústaðinn eða á pallinn

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

BRUGÐIÐ Á LEIK Á Torgi hins himneska friðar í Peking brugðu þingþjónar á leik undir lok vikunnar í tilefni þess að þjóðþing landsins kom saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjóðkirkjan gengur ekki hart fram í að rukka fólk í fjárhagserfiðleikum:

Fella niður fermingartollinn

EFNAHAGSMÁL „Ef fjölskyldur eiga í fjárhagserfiðleikum er fermingartollurinn felldur niður, auk þess sem prestar hafa milligöngu um að fá styrki hjá Hjálparstarfi kirkjunnar eða öðrum sjóðum vegna kostnaðar," segir séra Bjarni Karlsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju. Dæmi eru um að foreldrar fermingarbarna, sem eiga við fjárhagsörðugleika að etja, þurfi ekki að reiða af hendi um 15.000 króna gjald sem ætlað er í kostnað vegna fermingarfræðslu og -ferðalags.

Bjarni segir ekki koma til greina að kirkjunnar menn gangi hart fram í rukkun á fermingargjaldinu. „Það er klár regla hjá öllum

SÉRA BJARNI KARLSSON

söfnuðum þjóðkirkjunnar að þjónustan stendur ekki eða fellur með peningagreiðslum. Í stærri söfnuðum deilist fermingartollurinn á þau sem annast fermingarfræðsluna, presta og aðra starfsmenn, svo að hér er ekki um miklar upphæðir að tefla fyrir neinn, enda væri það óeðlilegt."

Bjarni hefur ekki orðið var við að fermingargjöldin skili sér verr nú en áður. Hann segir efnahagskreppuna mögulega geta haft sínar góðu hliðar. „Ein er ef til vill sú að losa ferminguna úr klóm þeirrar hvimleiðu samanburðarlistar og markaðsvæðingar sem orðið hafa örlög hennar í vitund margra. Því skora ég á foreldra og ástvini að standa saman um að halda hóflegar veislur og gefa hæfilegar gjafir en leyfa aðalatriðinu, unglingnum sjálfum og játningu hans, að vera í forgrunni," segir séra Bjarni Karlsson.

- kg



STAÐFESTING Séra Bjarni hvetur foreldra til að halda hóflegar veislur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KJARTAN GUÐMUNDSSON
staðgengill umboðsmanns neytenda

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

NEYTENDUR: Íslenskt dýrafóður vekur mikla lukku

Íslenskt fóður hamlar hárlosi

Jón Kristjánsson á í fórum sínum undrasögu af íslensku dýrafóðri sem umboðsmaður neytenda fjallaði um fyrir stuttu:

„Hundurinn minn var alltaf með stöðugt hárlos, fór ekki úr hárum á eðlilegan hátt. Ég prófaði margar gerðir af plastfóðri frá útlöndum, vítamín og ég veit ekki hvað, en ekkert gekk. Síðastliðið haust prófaði ég Iceland pet frá Ifex og aðeins tveimur vikum síðar hætti hárlosið alveg og hefur ekki komið síðan. Það sést mjög vel og maður finnur á lyktinni að þetta er alvöru. Ég fóðra ekki á þurrfóðri eingöngu því afgangar heimilisins fara í hundinn. Hann er eins og við, vill ekki fá það sama dag eftir dag. Frábært fóður og ekki skemmir verðið fyrir.“

Takk fyrir það, Jón.

En staðgengill umboðsmanns neytenda hljóp á sig í gær, þar sem talað var um smátt letur hjá leiga.is. Jóhann hjá leiga.is hafði samband og benti réttilega á að á síðunni sé ekkert smátt letur að finna, einfaldlega vegna þess að það hafi verið fjarlægt stuttu eftir áramótin. Þá hafi leiga.is ákveðið að bjóða upp á algjörlega fría skráningu vegna efnahagsástandsins. Núna sé þjónustuleið 4 hjá fyrirtækinu sannarlega frí í allt að þrjátíu daga, en að þeim tíma liðnum sé eignin tekin af skrá ef ekki er samið um aðrar þjónustuleiðir. Leiga.is hefur einnig ákveðið að láta gott af sér leiða með því að styrkja Mæðrastyrksnefnd um eina krónu fyrir hvern þann sem notar síðuna.

Gott framtak það, og staðgengill umboðsmanns biðst afsökunar á mistökunum.

Ungur maður ákærður:

Sleggjukastari hótaði lögreglu

DÓMSMÁL Ríflega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni, vopna-, áfengis- og hættulögum.

Maðurinn er sakaður um að hafa hótað lögreglumönnum líflláti á Akureyri júnínótt eina í fyrra og ógnað þeim með glerflösku. Daginn eftir hafi hann verið með óspektir á hafnarsvæðinu í Grímsey, gengið um ölvaður og vopnaður ýmist hníf, sleggju eða grjóti, verið með háreysti og hótað viðstöddum. Þá hafi hann á ógnandi hátt sviflað hníf í átt að manni og kastað síðan sleggju á eftir honum og þannig stofnað lífi hans í hættu. **- sh**

MEÐ BORGUN TEKUR ÞÚ VIÐ ÖLLUM KORTUM

Borgun er eina fyrirtækið á landinu sem býður heildarlausn í færsluhirðingu. Fyrirtæki sem eru með öll kortaviðskipti hjá Borgun njóta betri kjara og fá betri yfirsýn yfir tekjur með einu uppgjöri fyrir öll kortaviðskipti.

Með Borgun tekur þú við öllum kortum.

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: 66 **Velta:** 156 milljónir króna

OMX ÍSLAND 15 264 **-0,18%**

OMX ÍSLAND 6 807 **-0,85%**

MESTA HÆKKUN

MAREL	1,70%
STRAUM. - BURÐ.	1,18%
ÖSSUR	0,35%

MESTA LÆKKUN

CENTURY ALUM.	-29,32%
ALFESCA	-8,57%
BAKKAVÖR	-0,54%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,20 -8,57% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 235,00 +0,00% ... Bakkavör 1,84 -0,54% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,75 +0,00% ... Føroya Banki 100,00 +0,00% ... Icelandair Group 11,46 +0,00% ... Marel Food Systems 54,00 +1,70% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,71 +1,18% ... Össur 85,10 +0,35%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Fúlir Pólverjar

Pólverjar eru hundfúlir út í Lars Christensen, aðalhagfræðing Danske Bank, þessa dagana og kenna honum um gengisfall á zloty-inu, gjaldmiðli Póllands. Lars varð heimsfrægur á Íslandi þegar Danske Bank birti greiningu um íslenskt efnahagslíf á vordögum 2006 og kunnu fáir honum þakkir fyrir þegar krónan féll og gengi bankanna hrundi. Sagan virðist endurtaka sig í Póllandi nú en Christensen er skrifaður fyrir því að Danske Bank og önnur fjármálafyrirtæki hafa hagnast á stöðu gegn zloty-inu sem hefur fallið um fjörutíu prósent á hálfu ári.

Danska vampíran

Danska dagblaðið Politiken sagði í vikunni reiðina skiljanlega í ljósi þess að tugþúsundir Pólverja burðast nú um með óheyrilega dýr myntkörfulán í svissneskum frönkum og evrum sem þeir hafi tekið síðustu ár í skugga sterks zlotys. Andúðin á hagfræðingnum gekk svo langt á dögunum að pólska dagblaðið Fakt sendi ljósmyndara til að fylgja honum eftir í Kaupmannahöfn og birti flennistóra mynd af honum í kjölfarið þar sem honum var líkt við hinn fégráðuga Gordon Gekko, sem Michael Douglas lék eftirminnilega í kvikmyndinni Wall Street fyrir 23 árum, undir yfirskriftinni: Danska vampíran.

Trichet vill ekki sjá afskriftir

Evrópski seðlabankinn bókfærir tap upp á 10,3 milljarða evra, jafnvirði 1.500 milljarða króna, vegna falls fimm banka í Þýskalandi og Niðurlöndum í fyrra.

Á meðal þeirra eru dótturfélög Glitnis, Kaupþings og Landsbankans auk Lehman Brothers og hollenska bankans Indover.

Þetta kom fram í máli Jean-Claude Trichet, bankastjóra evrópska seðlabankans, á blaðamannafundi á fimmtudag.

Reynt verður að ná sem mestu upp í kröfur til að lækka afskriftir, að sögn viðskiptablaðsins Financial Times. Falli tap á bankann dreifist það á aðra seðlabanka í Evrópu. **- jab**

Bönkunum bjargað frá gjaldþroti

Skilanefnd Glitnis hefur náð samkomulagi um dótturfélag gamla bankans í Lúxemborg. Kaupþing er að komast að samkomulagi um sölu þar. Gamli Landsbankinn missti útibú sitt í bankahruninu.

„Þetta er stór áfangi," segir Kristján Óskarsson í skilanefnd Glitnis sem hefur náð samningum við seðlabankann í Lúxemborg hvernig staðið skuli að uppgjöri skulda vegna dótturfélags Glitnis þar í landi. Samningaviðræður hafa staðið sleitulítið yfir síðan í október í fyrra til að forða bankanum frá gjaldþroti.

Samkvæmt samningnum fær skilanefndin fimm ára svigrúm til að gera upp skuldir við seðlabankann.

Seðlabanki Lúxemborgar á kröfu upp á einn milljarð evra á hendur gamla Glitni.

Skilanefndin mun leggja fasteignalánasafn í eigu dótturfélagsins í Lúxemborg til greiðslu skuldarinnar en það er með veðum í atvinnu- og íbúðarhúsnæði á Norðurlöndum, í Bretlandi og Þýskalandi. Gert er ráð fyrir að aðrir kröfuhafar en Seðlabankinn fái kröfur greiddar strax. Eftir að gert hefur verið upp við seðlabankann ytra færist afgangurinn í bækur skilanefndar til fullnustu annarra krafna.

Knútur Þórhallsson í skilanefnd Kaupþings segir sömuleiðis langt og strangt karp að baki en bankinn er við það að landa samkomulagi um sölu á Kaupþingi í Lúxemborg til fjárfestingarsjóðs frá Líbíu. Samningar standa nú yfir við kröfuhafa og er búist við að ferlinu ljúki innan fjögurra vikna.

Að því loknu leggur fjárfestingarsjóðurinn bankanum til nýtt hlutafé upp á 75 til 100 milljónir evra, jafnvirði rúmra fjórtán milljarða króna og hafa yfirvöld í Belgíu og Lúxemborg tryggt lán upp á 600 milljónir evra til viðbótar svo bankinn geti greitt út innistæður sínar.

Gamla Kaupþing fær ekki aur í tengslum við söluna.

Þeir Knútur og Kristján telja báðir að bankarnir, sem hafa verið í greiðslustöðvun frá bankahruninu hér í október, geri að mestu eða öllu leyti upp endurhverf viðskipti sín við seðlabanka Lúxemborgar, sem er hluti af neti evrópska seðlabankans.

jonab@markadurinn.is

LÚXEMBORG Skilanefndir Glitnis og Kaupþings hafa unnið að því hörðum höndum að bjarga dótturfélögum bankanna ytra frá gjaldþroti.

LANDSBANKINN FÓR EINN Í ÞROT

Landsbankanum í Lúxemborg var lokað fljótlega eftir að fjármálaeftirlitið ytra tók bankann yfir í október og er hann gjaldþrota. „Við unnum að því að ná samkomulagi við yfirvöld í Lúxemborg en því miður tókst það ekki. Það eru mikil vonbrigði enda töldum við að þannig hefði mátt hámarka virði eigna gamla bankans," segir Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar Landsbankans.

Slæm vika á hluta-bréfamörkuðum

Heimtur hafa verið arfaslakar á hlutabréfamörkuðum um heim allan í vikunni. Takturinn var sem fyrr sleginn í Bandaríkjunum á föstudag í síðustu viku þegar fjárfestar skelfdust við tilhugsunina um að stjórnvöld ætluðu að veita auknu fjármagni til bjargar viðskiptabankanum Citigroup og taka sneið af hlutafé hans á móti.

Í ofanálag lituðu almennt svartsýnar horfur beggja vegna Atlantsála þróunina á mörkuðum víða. Fréttastofan Associated Press hafði eftir heimildum í gær að óvíst væri hvort til sólar sæist í bráð þar sem fjárfestar væru enn að melta hagtölur síðustu daga. Atvinnuleysistölur í Bandaríkjunum, sem birtar voru í gær, voru síst til þess fallnar að kæta menn.

Hlutabréfavísitölur um nær heim allan hafa ekki verið lægri um árabil en S&P 500 hlutabréfavísitalan í Bandaríkjunum, sem gefur mjög góða mynd af stöðunni, hefur ekki verið lægri í gær síðan í september 1996.

HREMMINGAR VIKUNNAR

Helstu vísitölur	Breyting í %
Bandaríkin*	
Dow Jones	-6,9%
S&P 500	-7,7%
Nasdaq	-7,0%
Evrópa	
FTSE	-7,9%
CAC-40	-5,9%
Dax	-4,3%
Asía	
Nikkei	-5,2%
Hang Seng	-6,9%
Ísland	
OMXI15	-5,6%
OMX6	-5,5%

* FYRIR LOKUN MARKAÐA.

Að öðrum vísitölum ólöstuðum hefur gamla Úrvalsvísitalan (OMXI15) aldrei verið lægri í enda dags. Nýja vísitalan, sem tekin var upp um áramótin, á hins vegar nokkuð eftir í að ná sínu lægsta gildi frá 25. febrúar síðastliðnum.

- jab

Stork skilar góðu ári

Síðasta ár var einkar gott hjá hollensku iðnsamsteypunni Stork. Afkoman var umfram væntingar og stígur félagið styrkum skrefum inn í árið, að því haft er eftir Sjoerd Vollebregt forstjóra í ársuppgjöri félagsins.

Velta nam 1,8 milljörðum evra, um 250 milljörðum króna, sem er níu prósenta aukning frá í hittiðfyrra auk þess sem rekstrarhagnaður nam 175 milljónum evra, sem er 51 prósents aukning. Þá jókst pantanastaða um tuttugu prósent, sem er óvanalegt fyrir iðnfyrirtæki nú um stundir.

Eyrir Invest og Marel keyptu Stork í félagi við breska fjárfestingarfélagið Candover og Landsbankann í fyrra. Í framhaldinu var félagið afskráð og matvælavinnsluvélahluti félagsins seldur Marel. Eyrir á sautján prósenta hlut í Stork og er Árni Oddur Þórðarson, forstjóri þess, í stjórn iðnsamsteypunnar.

- jab

Árangur
og ánægja
í fjármálum

- Heimilisbókhald
- Viðtöl við starfsfólk Sparisjóðsins
- Hefðbundin Greiðsluþjónusta
- Netgreiðsluþjónusta

Komdu við á næsta afgreiðslustað Sparisjóðsins og fáðu frekari ráðgjöf um þín fjármál.

SPARISJÓÐURINN
spar.is

Auglýsingasími 512 50 50
- Mest lesið

Efldu lífsorkuna
í einstakri íslenskri heilsulind

2 fyrir 1
í Bláa lónið
Gildir gegn framvísun
miðans til 30. apríl 2009

BLUE LAGOON
ICELAND

Frítt fyrir börn, 11 ára og yngri, í fylgd með forráðamönnum

Lykill 1561

OPNUN

BÓNUS OG KRAKKAHÖLLIN OPNA Á KORPUTORGI Í DAG

VERSLANIR KORPUTORGS:

GOTT FÓLK

KORPUTORG – ENN MEIRA ÚRVAL

Með tilkomu Bónus á Korputorgi geta Íslendingar nýtt sér enn fjölbreyttara úrval stórverslana. Á Korputorgi færðu nú allt frá tómötum til bíla á frábæru verði og allt í einni ferð.

Einnig kynnum við til sögunnar magnaðan skemmtistað fyrir börnin, Krakkahöllina. Þar geta þau fengið að njóta sín með foreldrum og vinum.

Komdu á Korputorg og gerðu góð kaup: Art2b, Bílaoutlet, Bónus, Europris, ILVA, Krakkahöllin, Rúmfatalagerinn, The Pier og Toys'R'us. Allt í einni ferð og næg bílastæði.

AUÐVELT AÐGENGI - NÆG BÍLASTÆÐI



KORPUTORG.IS

AFGREIÐSLUTÍMI
MÁN.- FÖS. 11 - 19
LAU. 10 - 18
SUN. 12 - 18

KORPUTORG
Risa verslunarmiðstöð við Vesturlandsveg

skoðun

greinar@frettabladid.is

Vanhæfi í einstöku máli vegna þingræðisreglu:

Setja ber ráðherra

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Forystumenn þeirra tveggja ríkisstjórna sem setið hafa eftir gjaldmiðilshrunið hafa blásið í glæður bjartsýni með því að vísa á traustar undirstöður auðlindanýtingar og landbúnaðar. Veruleikinn er hins vegar sá að þessar greinar geta ekki staðið undir vexti á komandi tíð nema hugsanlega orkuiðnaðurinn þegar horft er lengra fram.

Þrátt fyrir þennan kalda veruleika hafa þeir tveir flokkar sem eiga ráðherra í ríkisstjórninni ekki látið af andstöðu gagnvart svokölluðu Íslands-ákvæði Kyoto-bókunarinnar. Þar var viðurkennt að Ísland hafði á undan öðrum þjóðum og fyrir 1990 gert þær ráðstafanir til að draga úr notkun jarðvegseldsneytis sem öðrum þjóðum var gert að stefna að eftir það tímamark.

Jafnframt var með þessu ákvæði viðurkennt að virkjun endurnýjanlegrar orku til stóriðju hér á landi væri þáttur í lausn vandans á heimsvísu. Viðhald þessa ákvæðis er því bæði mikilvægt út frá umhverfissjónarmiðum og eins vegna atvinnuhagsmuna í landinu sem aldrei hafa verið jafn ríkir.

Fyrrum umhverfisráðherra Framsóknarflokksins fer nú fyrir meirihluta þingmanna með tillögu til þingsályktunar um að ríkisstjórnin vinni að því á vettvangi loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að tryggja þessa mikilvægu hagsmuni landsins.

Hér er komin upp sérstök pólitísk staða með því að stefna umhverfisráðherrans nýtur ekki meirihlutastuðnings á Alþingi. Að sumu leyti minnir þetta á stöðu dönsku ríkisstjórnarinnar undir lok kalda stríðsins. Hún var varin vantrausti en hafði ekki þingmeirihluta að baki stefnu sinni um að styðja varnarviðbúnað Atlantshafsbandalagsins í Evrópu.

Þessi pólitíska klemma var leyst með svokölluðum neðanmálsgreinum dönsku stjórnarinnar við yfirlýsingar bandalagsins. Það dugði að láta ógert að lýsa stuðningi við stefnuna. Danski utanríkisráðherrann þurfti því ekki að fara frá. Svipuð aðstaða var uppi í hvalamálinu á dögunum.

Hér er aðstaðan önnur. Umhverfisráðherra þarf að beita sér með virkum hætti og reyndar miklum þunga í alþjóðasamfélaginu til þess að fylgja eftir meirihlutavilja Alþingis. Hjáseta eða óvirkur skilaboðaflutningur er ekki fullnægjandi og dugar ekki.

Þá vaknar sú spurning hvort umhverfisráðherrann þurfi að víkja af þessum sökum. Í fljótu bragði virðast rök ekki standa til þess. Hann sýnist hafa traust meirihluta þingsins í öðrum málum. Í ljósi þingræðisreglunnar er hann hins vegar vanhæfur til að fara með þetta einstaka mál.

Vanhæfisreglur stjórnsýsluréttarins eiga að vísu ekki beint við í tilvikum sem þessum. Eðlilegt hlýtur þó að teljast að eins sé farið að þegar ráðherra verður vanhæfur til meðferðar einstaks máls gagnvart þingræðisreglunni og sýnt er að þörf er á virkum athöfnum af hans hálfu til að fullnægja skyldum gagnvart henni.

Í því ljósi væri rétt að forsætisráðherra setti sérstakan ráðherra til þess að fara með þetta einstaka mál í samræmi við þingviljann. Það gæti verið annar af utanþingsráðherrum stjórnarinnar, maður utan þings og stjórnar eða þingmaður úr hópi flutningsmanna tillögunnar. Aðalatriðið er að meirihluti Alþingis geti treyst því að ráðherrann framfylgi stefnu þingsins í samræmi við eigin sannfæringu. Önnur framganga er ótrúverðug. Nú reynir á virðinguna gagnvart Alþingi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* ÁBYRGÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

treystum grunninn - tryggjum velferð

Jórunn Frímannsdóttir
2. sæti

Kaffifundur verður með eldri borgurum sunnudaginn 8. mars kl. 16 í Glæsibæ

Allir velkomnir

www.jorunn.is

Kosningaskrifstofa Glæsibæ, sími 618 4469
Opið virka daga frá kl. 17-20 og um helgar frá kl. 13-18.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ofeldið launað

Guðmundur Magnússon, ritstjóri Eyjunnar, reynir að hafa hemil á búpeningi sínum, en nokkrir vænir kálfar í bloggbásum vefsins launa síðuhöldinum nú ofeldið með bauli um pólitíska slagsíðu hans. Guðmundur sá sér þann kost vænstan að taka á þessu máli í bloggfærslu í gær. „Stundum er eins og frambjóðendur í prófkjörum og til þings og sveitarstjórna – og erindrekar þeirra – missi jafnvægisskynið og glutri niður heilbrigðri dómgreind í orrahríðinni. Þeir sjá samsæri út um allt, ekki síst í fjölmiðlunum," skrifar Eyjubóndinn. Spurning hvort þetta sé til þess fallið að róa æstustu bolana á Eyjunni, til dæmis þennan á Vesturgötunni, sem sér bara rautt.

Takmörkuð alsýn

Ísafjarðarbær réð á dögunum ráðgjafarfyrirtækið Alsýn til að gera úttekt á atvinnumöguleikum í bænum. Skýrsla fyrirtækisins var kynnt í gær en á vef Bæjarins besta var sagt frá því að lokaskýrsla fyrirtækisins mætti ekki koma fyrir sjónir almennings og væri merkt sem trúnaðarmál. Hefði ekki mátt búast við aðeins meira gagnsæi frá fyrirtæki sem kallar sig Alsýn?

Norðaustan logn

Vinstri hreyfingin - grænt framboð hefur stundum gefið sig út fyrir að vera saltið á hálkublettum samfélagsins og hindrar nú að þjóðin missi fótanna á vegamótum gamla Íslands og þess nýja; ávallt með sleiktan fingur á lofti til að skynja vind breytinganna, svo gripið sé til líkingamáls þýsku rokksveitarinnar Scorpions. Sá vindur hefur þó ekki blásið í Norðausturkjördæmi, þar sem flokkurinn teflir fram sama fólki og í síðustu alþingiskosningum. Er kannski allur vindur úr flokknum fyrir norðaustan og dottið á dúnalogn?

bergsteinn@frettabladid.is

Spilling í Afríku?

STEFÁN JÓN HAFSTEIN
Í DAG | Stjórnmál

Sögur af spilltum valdhöfum Afríkuríkja hafa löngum komið óorði á álfuna, alls konar Bókassar og Múbassar vaðið uppi og sölsað undir sig heilu ríkin, blóðmjólkað í óhófslífi og skotið undan fúlgum fjár í skattaskjól. Skattborgarar þessara landa vita að þeim er ætlað að greiða „lánin" sem þjófarnir tóku. En spilling birtist því miður ekki bara í formi svona stórþjófa. Hún er lúmskari en svo.

Ímyndum okkur lítið land í Afríku sem fékk sjálfstæði eftir síðari heimsstyrjöld. Landið heitir Einangrun (Isolation). Lýðræðishefð var lítil en persónupólitík alls konar höfðingja ráðandi þótt látið væri heita að „stjórnmálaflokkar" kepptust um völdin. Lýðveldið var svo óheppið að lenda strax í kapphlaupi risaveldanna og fékk útlenda herstöð í vöggugjöf. Um veru þessa erlenda hers var hægt að þræta endalaust og því fátt um gagnlega hluti talað meðan landinu lá á að þróast. Það sem verra var, lýðveldið unga svalg í sig herstöðvagróða gegnum klíkur. Tveir ráðandi flokkar undir sterku höfðingjaveldi skipulögðu einokunarfyrirtæki fyrir vildarvini og sáu til þess að enginn græddi á hernum nema nokkrar forríkar fjölskyldur. Þær studdu flokkana að launum. Sama fyrirkomulagi var komið á við olíuverslun og margs konar gróðavænlegan innflutning sem áður var haftastjórn.

Á þessum frumvaxtarárum var óðaverðbólga. Bönkum var stýrt af ríkisvaldinu með þeim hætti að sparnaður almennings brann upp meðan bandamenn í pólitíska kerfinu fengu niðurgreitt fé. Þar voru allir „stjórnmálaflokkarnir" í samansúrruðu klíkuveldi. Höfðingjum kom vel saman í bankaráðum. Einangrun lenti í því sama og mörg önnur smáríki sem eiga eina mikilvæga auðlind: Hagkerfið stóð bara á einum fæti. Mörg lönd hafa lent í svona klemmu, sem er merkileg þversögn, að ein mikilvæg náttúruauðlind veldur í raun þróunartjóni fyrir hagkerfið í heild. Skiptir ekki máli hvort um er að ræða olíu, kopar, eða fisk ef menn vanda sig ekki. Fræðimenn hafa sýnt fram á að þetta leiði ekki bara til hagstjórnarvanda, heldur pólitískrar spillingar. Ungir frumkvöðlar og athafnafólk sáu að besta leiðin til auðs og valda var í gegnum flokkakerfið og með því að fá aðgang að ódýru fjármagni til að kaupa sig inn í auðlindina. Þannig gat það gerst að fólk fékk meira en 100% lán til að fjárfesta í vinnslutækjum, meðan aðrar atvinnugreinar áttu í vök að verjast. Framtak, sköpun og dugnaður fór í að koma sér fyrir í spillingarkerfinu en ekki í uppbyggingarkerfinu. Einangrun varð því misþroska efnahagslega og pólitískt. Að lokum fór svo í Einangrun að mikilvægasta auðlind ríkisins var einkavædd handa þeim sem áður höfðu tryggt sér aðgang að henni gegnum Kerfið. „Kerfið" var í hugum landsmanna jafn alræmt og aðrar efnahagsmafíur og stundum kallað „Flokkurinn" þótt ætti að heita að flokkarnir væru margir. Það var algengt í Afríku að auðlindir færðust undir einræði eða klíkuveldi, og síðan undir „einkaframtak" án þess að þjóðin sjálf fengi gjald af. Lesa má hroðalegar lýsingar af svona arðráni í Afríku og mörgum blöskrað. Íslendingar voru svo heppnir að fiskurinn í sjónum er lagalega skilgreindur „sameign þjóðarinnar".

Verra tók við í Einangrun. Bankakerfið var fært úr ríkiseign í klíkueign með svokölluðum „einkavæðingaráformum". Pólitískir vildarvinir ráðandi flokka (sem furðulegt nokk, voru sömu flokkarnir og skiptu með sér hermanginu og auðlindinni) fengu bankanna gefna. Fræðimenn hafa fjallað um þetta land. Menn reyna nú að átta sig á er hvernig svona vanþróað ríki getur komist á lappirnar. Menn sjá í fréttatímum alþjóðlegra gervihnattastöðva að eldar loga við þinghúsið og múgur gerir aðsúg að lífvörðum ráðamanna; Einangrun er eins og hvert annað Sierra Leóne eða Kongó. Margir óttast að endurreisn sé ómöguleg því í embættismannaveldi og í „stjórnmálaflokkum" sé samtrygging fyrir því að breyta ekki fornum háttum. Ríki sem veita þróunaraðstoð velta því fyrir sér hvort upp á þetta land sé púkkandi enda kemur það óorði á Afríku.

Á þessu vori horfa menn með nokkurri von um að í tveimur Afríkuríkjum verði stigin veikburða spor í átt til lýðræðisvæðingar: Í Suður-Afríku þar sem verða forsetakosningar og í Malaví. Í báðum löndum á lýðræði innan við 20 ára sögu. Í Einangrun er enn ein kosningabarátttan hafin: „Gerum nafn landsins að kjörorði þess," segja þeir sem vilja loka landinu fyrir utanaðkomandi áhrifum svo ekkert breytist. Sem betur fer dettur engum í hug að gera nafn Íslands að kjörorði enda yrði þá allt botnfrosið, bæði hagkerfi og pólitík. Já, það er margt bölið í henni Afríku.

Höfundur starfar fyrir Þróunarsamvinnustofnun í Namibíu.

Jú, skilaskyldan er stórmál

UMRÆÐAN
Einar K. Guðfinnsson skrifar um skilaskyldu á matvælum

EINAR K. GUÐFINNSSON

Leitarvefurinn Google er mikið þarfaþing. En ofurtrú á þessa undratækni getur leitt menn á villubrautir, eins og dæmin sanna hjá bergsteini@frettabladid.is, sem skrifar dálkinn Frá degi til dags í Fréttablaðið sl. miðvikudag.

Þar víkur hann að þingsályktunartillögu þar sem ég er fyrsti flutningsmaður og allmargir þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru meðflutningsmenn að, um skilaskyldu á matvælum. Hann vitnar í greinargerð tillögunnar þar sem sagt er að mikil umræða hafi átt sér stað um skilaskylduna, fer á Google, fær sjö niðurstöður og dregur í efa að það sé til marks um að mikil umræða hafi farið fram um þetta mál.

Hér skýst hinum skýra dálkahöfundi og er sjálfsagt að varpa betra ljósi á málið. Skilaskyldan felur það í sér að verslunareigandi getur krafist þess að framleiðandi taki til baka vörur sem eru að nálgast síðasta söludag, sér að kostnaðarlausu. Þetta á við um íslenskar matvörur, en ekki þær erlendu. Margir íslenskir matvælaframleiðendur telja þetta fyrirkomulag skekkja samkeppni mjög. Meðan innlendir framleiðendur þurfi að bera kostnað af þeirri rýrnun sem hlýst af því að vöru sé skilað, geti sá er flytur inn matvörur, velt ábyrgðinni og kostnaðinum yfir á herðar kaupmannsins.

Skemmst er frá því að segja að varla hefur annað mál verið jafn mikið rætt á öllum þeim ótölulegu fundum með bændum og framleiðslufyrirtækjum eins og þetta. Ég hef sjálfur rætt þetta við samkeppnisyfirvöld og þeim er þessi vandi ljós. Þessar umræður hafa bersýnilega ekki ratað inn á Google!

Það er því ekki að ástæðulausu að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hreyfa við þessu máli. Þetta varðar sanngjarnar leikreglur, samkeppnisstöðu íslenskrar matvælaframleiðslu og hag neytenda. Þetta er því heldur betur stærra mál en leitarvefurinn Google upplýsti dálkahöfund Fréttablaðsins og athugasemd hans því kærkomið tilefni til þess að varpa ljósi á kjarna málsins og þýðingu þess.

Höfundur er alþingismaður, fyrrv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

FLUGFELAG.IS
HÓTEL FRON
Hótel Þórshamar
HÓTEL Ísafjörður
SHAMPOO
SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS
Um landið allt eru framúrskarandi veitingastaðir og hlýleg hótel og ekki þarf að fljúga langt til að kúpla sig út úr stressinu. Komum sterk inn í nýja vinnuviku með góðar minningar í farteskinu. Hringdu í 5703030 og bókaðu endurnærandi helgarferð.
FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 17.150 KR.*
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.
ÍSLENSKASIA.IS FLU 44957 03/09

Bútur af hjartanu verður eftir í Jemen

Jóhanna Kristjónsdóttir hefur á síðustu árum áorkað ótrúlegum hlutum í Jemen og veitt Íslendingum um leið aðra sýn á heim araba. Fyrir þessi störf sín hefur Jóhanna hlotið heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** ræddi við Jóhönnu um fortíðina og leyndardómsfulla framtíð.

VISS UM AÐ AÐRIR MYNDU GERA ÞAÐ SAMA „Ég er viss um að hver sem færi til Jemen, og byggi þar í einhvern tíma, myndi fara út í að reyna að hjálpa. Litlir peningar á okkar mælikvarða, hvað sem öllu krepputali líður, skipta miklu máli þar úti. Það þykir mikill heiður að vera styrktur af Íslendingi í Jemen og stuðningur okkar er mikils metinn," segir Jóhanna Kristjónsdóttir, heiðursverðlaunahafi Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jóhanna er það sem kallast blátt áfram. Talar tæpitungulaust og hefur áhuga á öllu öðru en sjálfri sér þrátt fyrir að vera efni viðtalsins. Þannig hefur hún greinilega einhverjar skoðanir á stjörnuspeki, fer fljótlega að rýna í hvaða stjörnumerki blaðamaður gæti verið í og segist sjálf vera vatnsberi – gleymda stjörnumerkið sem einhvern veginn verði alltaf út undan og enginn viti neitt um. Hins vegar er sagt um vatnsberann að það sé stjörnumerki sem hugsi núna það sem aðrir hugsi eftir fimmtíu ár. Að vonum er hún ánægð með það.

Hefur dvölin í Mið-Austurlöndum breytt henni mikið? „Já, ég held að það sé óhjákvæmilegt að maður verði víðsýnni og fróðari. Þetta hefur gefið mér það að ég hvorki ofmet mig né vanmet. Ég er ekki með yfirgengilega hógværð í sambandi við sjálfa mig en ég er heldur ekkert uppteknari af mér sem manneskju en eðlilegt er og sjálfsagt. Raunsæ segirðu. Jú, ætli það ekki. Á minn hátt. Samt á ég til rómantík og viðkvæmni. Það er hluti lífsins í löndum araba og ég fæ mig aldrei fullsadda af þeim heimshluta."

Fór að ferðast fyrir alvöru 37 ára

Upphafið að ferðalögum Jóhönnu á slóðir Mið-Austurlanda má rekja til loka áttunda áratugarins. „Þetta hefur allt sínar orsakir, eitt leiðir af öðru. Ég var í guðfræði þegar ég var yngri, datt inn í hebresku og hafði afskaplega gaman af. Það var sennilega ekki síst kennarinn sem við höfðum, doktor Þórir Kr. Þórðarson. Hann var einstakur lærimeistari. Ég veit ekki hvort það hjálpaði mér að hafa gluggað í hebresku, þegar kom að því að læra arabísku, enda hið síðarnefnda flóknara málfræðilega og arabískan hefur hvað ríkastan orðaforða. En ég komst að vísu yfir þann þröskuld að málið var ritað frá hægri til vinstri." Á þessum tíma var hún með tvö lítil börn og því ekki efni til eða tími að halda áfram námi.

Jóhanna leggst því í ferðalög einum 15 árum síðar. Var orðin 37 ára gömul þegar ferðir hefjast á slóðir Mið-Austurlanda. Jóhanna vann á Morgunblaðinu á þessum árum en hún var þar starfandi allt til ársins 1995, eða í nær 30 ár, og alltaf í erlendum fréttum og síðustu árin umsjónarmaður sérblaðsins Daglegt líf. „Á þessum tíma studdum við Íslendingar Ísraela mjög eindregið, litum svo á að arabar hefðu stolið landi af gyðingum og settum svo bara punkt. Þessi deila milli araba og gyðinga truflaði mig og ég sá að það var einhver skekkja í þessu. Samkvæmt þeirri sögu sem ég hafði lesið voru það ekki arabar sem stálu landi af gyðingum. Hvernig stóð þá á þessu hatri gyðinga? Ég hugsaði því með mér: Nú fer ég og kynni mér þetta sjálf."

Skipulögð einstæð móðir

Jóhanna fór til Ísraels þrjú ár í röð, fyrst árið 1977, og hreifst í fyrstu mjög af Ísrael. „Fljótlega fór þó að birtast manni það sem varla verður kallað annað en óskapleg fanatík Ísraela og í kjölfarið fór ég að velta vöngum. Ég hafði skrifað spekingslegar greinar í Morgunblaðinu í erlendu fréttunum um málefni Mið-Austurlanda en sá að þrátt fyrir það var þekking mín fjarskalega yfirborðskennd."

Morgunblaðið borgaði ekkert fyrir greinar Jóhönnu á þessum fyrstu árum eftir 1980 þegar hún hélt í ferðir til landa eins og Jórdaníu, Sýrlands og Egyptalands, og smám saman til flestra landa í arabaheiminum. Því var mikilsvert að spara pening og skipuleggja tíma sinn enda var Jóhanna þá einstæð fjögurra barna móðir. „Ég er að upplagi skipulögð, mér hefur oftast tekist að skipuleggja minn tíma af kostgæfni. Fjármál? Já, þar er ég líka skipulögð og vil vera pottþétt í þeim málum. Í gamla daga passaði ég mig alltaf á því að eiga varasjóð, þótt það væru bara nokkur hundruð krónur. Svona varð þetta að vera og hentaði mér prýðilega. Á þessum tíma var ég formaður í Félagi einstæðra foreldra og heilmikill tími fór í að berjast fyrir baráttumálum í því félagi sem var nýtt. En ég átti óskaplega góða að, foreldra sem hjálpuðu mér ekki bara með krakkana. Og góða vini. Slíkt skiptir sköpum."

Styðjandi foreldrar

Jóhanna segist líta á sig sem heppna að hafa fengið tækifæri til að ferðast víða. „Ég hugsa oft að hefðu foreldrar mínir haft tækifæri hefðu þau viljað vera að gera eitthvað svona. Þegar ég ákvað að fara til Egyptalands, 55 ára gömul, og læra í heilt ár, var móðir mín enn á lífi. Ég sagði henni að ég væri að hugsa um að fara út. Og hún sagði: „Jahá! Þú ert alltaf að gera eitthvað skemmtilegt!" Þetta sýnir opinn hugsunarhátt sem mér finnst afskaplega sjarmerandi. Hún var ekkert að draga úr mér heldur segja mér hvað þetta hlyti að vera gaman."

Börn og barnabörn Jóhönnu styðja hana að hennar sögn í þessum áhuga hennar ekki síður en móðir hennar gerði. Dætur hennar hafa báðar farið með henni til Jemen og Jórdaníu, svo og Sýrlands. „Stálpuðu barnabörnin mín hafa líka ferðast með mér. Strákarnir mínir hafa ekki farið í neina ferð með mér. Ég veit ekki af hverju. Það er bara svoleiðis."

Jóhanna hefur farið með hópa til Jemen, Jórdaníu og auk þeirra sem voru nefnd til Kákasuslandanna þriggja, til Óman. Síðustu árin hafa ýmsir stuðningsforeldrar barna í Jemen verið með í för þangað og heimsótt skólamiðstöðina. „Fólkið sem fer í þessar ferðir verður oft hissa hvað því líður vel á þessum slóðum og hvað það er öruggt. Það er hressandi. Og sumir hafa farið í margar ferðanna. Enda treystir fólk því sjálfsagt að ég tefli ekki á tvær hættur. Öll svæði í heiminum geta svo auðvitað verið viðsjárverð ef út í það er farið."

Getum lært margt hvert af öðru

En hvað geta Íslendingar lært af menningarheimi araba að mati Jóhönnu og hvað geta arabar lært af okkur? „Það er eiginlega það sama á báða bóga. Við getum kannski ekki skilið menningarheima hvort annars en við getum lært að virða þá. Hjá þeim, og þá sérstaklega í fátækari löndunum, er borin mikil umhyggja fyrir fjölskyldunni. Sýnilegri umhyggju en finna má hér heima. Nú alhæfi ég dálítið, það eru alls staðar til undantekningar, en umhyggja fyrir fjölskyldunni er ósköp yfirborðskennd hér á landi. Við sýnumst dálítið hvað það snertir og segjum oft að það sé ofsalega gott að vera með fjölskyldunni. En hvað sinnum við öldruðum ættingjum okkar mikið? Þetta væri óhugsandi þarna úti – þeir eldri njóta alltaf mestu virðingarinnar. Þú heimsækir ömmu þína af því að það er svo mikill heiður fyrir þig, gaman og þú lærir á því. Arabar eru líka heiðarlegir, öndvert við það sem margur segir um „bévítis þjófótta arabann". Það er skömm að stela og þú gerir það ekki. Með því seturðu blett á heiður fjölskyldunnar. Heiðurshugtak araba er afar ríkt og hefur gerólíka merkingu í þeirra heimi. Auðvitað vilja þeir prútta og plata dálítið en það er helst á þeim slóðum sem túrisminn er mikill."

> Þetta væri óhugsandi þarna úti – þeir eldri njóta alltaf mestu virðingarinnar.

Myndi ekki þola að vera aðal

Jóhanna segist samt oft vera sjálfri sér nóg og er ekki viss um að hún myndi þola það ef hún, ættmóðirin í stórri fjölskyldu, væri heimsótt í tíma og ótíma eins og þykir sjálfsagt í löndum araba. „Nei, við erum kannski ekki beint þannig. Ég man einu sinni þegar ég var á ferðalagi með hóp fólks í Sýrlandi. Þar var þá ekki farsímasamband og þegar við komum yfir til Líbanon ruku allir til og fóru að hringja heim í sitt fólk eftir að hafa ekki heyrt í því í tíu daga. Mér fannst endilega að ég hlyti að þurfa að gera það líka og hringdi í Illuga son minn. Illugi hélt hreinlega að eitthvað hefði komið fyrir. Við vitum hvert af öðru og erum nærri þegar á þarf að halda. Þurfum ekki óþarfa símtöl um veðrið."

Nýir tímar

Jóhanna hefur verið á faraldsfæti í mörg ár og jafnvel farið einar átta ferðir á ári með hópa til Mið-Austurlanda. Árið 1995 hætti hún á Mogganum og lagðist þá í ferðalög, fyrirlestra um Arabíu og kennslu. Hún segir að eftir þetta ár muni hún hægja á ferðinni. „Ég er að spá í að gera annað. Auðvitað mun hjálparstarfið halda áfram í Jemen og ég fer þangað eins og þarf. En ég mun minnka hópaferðirnar þangað út. Við þurfum að halda áfram í hjálparstarfinu og það þarf átak því peningarnir sem við söfnuðum með markaðinum í haust, rétt fyrir kreppu, hafa rýrnað allverulega og sem stendur nægja þeir ekki fyrir nýju skólahúsnæði. En þeir hafa heldur ekki glatast, þeir voru á öruggri bók en ekki sjóðum sem betur fer. Það er erfitt að millifæra milli landa nú og hefur það sett strik í reikninginn. En við reynum okkar besta áfram. Ég ætla að snúa mér að nýju viðfangsefni sem er enn þá leyndarmál. Bók? Tja. Kemur í ljós, en ég mun auðvitað fara áfram til Jemen á eigin vegum til að fylgja eftir hjálparstarfinu. Það er svo skrítið en það verður einhver ögn eftir af hjartanu þegar maður hefur verið í Jemen. Það á við um fleiri þessara landa, svo sem Írak fyrir innrásina 2003 og Sýrland þar sem ég bjó einna lengst. Sálin er stundum lengi á leiðinni heim hvað svo sem ég fer oft."

Hjálparstarf Jóhönnu í Jemen

Það var árið 1986 sem Jóhanna fór í fyrsta skipti til Jemen og á næstu árum áttu ferðirnar eftir að verða enn fleiri. Árið 1995 hætti hún sem blaðamaður á Morgunblaðinu eftir nærri þrjátíu ára starf þar og ákvað að fara til Egyptalands og tók byrjendapróf í arabísku. Hún ákvað að láta ekki staðar numið heldur hélt áfram að ferðast af fullum krafti um Mið-Austurlönd milli þess sem hún hélt námskeið hér á landi í arabísku og kynnti Íslendingum menningu araba. Hún hefur skrifað fimm bækur er tengjast Mið-Austurlöndum. Sú síðasta, Arabíukonur, fékk verðlaun Hagþenkis og peningana notaði hún til að stofna sjóð: Fatímusjóðinn sem styrkja á börn og konur til mennta í Jemen, einu fátækasta ríki arabaheimsins, en þar er ólæsi mikið. Í dag styrkir sjóðurinn 133 börn og 27 fullorðnar konur til náms og starfsþjálfunar. Sjóðurinn safnaði hátt í 30 milljónum í haust þegar glæsimarkaður var haldinn í Perlunni í lok ágúst. Peningana á að nota til að kaupa nýtt skólahúsnæði í Jemen. Jóhanna er formaður í VIMA – Vináttu- og menningarfélagi Mið-Austurlanda. Jóhanna tekur engin laun fyrir starf sitt í þágu barnanna og kvennanna í Jemen en hún segir að á bak við þessa styrki séu Íslendingar sem sumir hafi jafnvel ekki komið til Jemen og aldrei mætt á félagsfundi.

einfaldlega betri kostur

© ILVA Island 2009

Svíf þú inn í svefninn

Í verslun okkar á Korputorgi er mikið úrval af fallegum gæða sængurverasettum. Einnig höfum við á boðstólnum allt sem prýða má glæsilegt svefnherbergi svo sem rúmteppi, púða og spegla að ógleymdum svefnherbergishúsgögnum.

Um helgina er fjöldi tilboða í verslun okkar, miklu fleiri en hægt er að gera skil í einni auglýsingu. Það borgar sig að líta inn og gera góð kaup.

Molise. Sængurverasett. 140 x 220 / 50 x 70 cm. Verð **6.900,-** *(2 fyrir 1 af sængurverasettum 140 x 220 cm.)*
Velvet. Rúmteppi. 270 x 260 cm. **29.900,-**

Fjöldi helgartilboða

nokkur dæmi:

kaupið **3 stk.** og þú borgar fyrir 2

50% afsláttur

Tealight. Kertaglas. Ýmsir litir. Ø6,5 x H.6 cm. Verð 295,- **NÚ 145,-**

50% afsláttur af öllum **60 x 90 cm** púðafyllingum

Arctic. Púðafylling. 60 x 90 cm. Verð 2.990,- **NÚ 1.490,-**
Sleep. Púðaver. 60 x 90 cm. Verð 2.490,- **NÚ 1.490,-**

Kvadrat. Rúmteppi. Hvítt. 180 x 260 cm. Verð 9.900,- **NÚ 4.990,-**
Chynna. Rúmteppi. Svart. 180 x 260 cm. Verð 7.900,- **NÚ 3.990,-**
Einnig til í fleiri stærðum.

2 fyrir 1 sængurverasett **140 x 220 cm**

Hotel. Sængurverasett. 140 x 220 / 50 x 70 cm. Verð **7.500,-**

Yamato. Sængurverasett. 140 x 220 / 50 x 70 cm. Verð **7.900,-**

50% afsláttur af öllum dúnsængum **140 x 220 cm**

nú 9.450,-
SPARAÐU 9.450,-

Dream. Gæsadúnsæng. 135 x 220 cm. Verð 18.900,- **NÚ 9.450,-**
Dream. Koddi. Andadúnn/fjaðrir. 50 x 70 cm. Verð **4.400,-**

Bubble. Sængurverasett. 140 x 220 / 50 x 70 cm. Verð **7.500,-**

August. Sængurverasett. 140 x 220 / 50 x 70 cm. Verð **6.500,-**

Silja. Sængurverasett. 140 x 220 / 50 x 70 cm. Verð **5.900,-**

ILVA kaffi

HJÁLPARSNÚÐURINN
- LÁTUM GOTT AF OKKUR LEIÐA -
145,-
25 kr. af hverjum snúð renna til Mæðrastyrksnefndar



VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

shop online **www.ILVA.is**

ILVA býður Bónus og Krakkahöllina hjartanlega velkomin í góðan félagsskap á Korputorgi.

KORPUTORG

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík **s:** 522 4500
laugardaga **10-18** sunnudaga **12-18** mánudaga - föstudaga **11-19**

Brúðkaupsævintýrið frá upphafi til enda

Dagskrá

Kynnir: Elín María Björnsdóttir
Laugardagur 7. mars

13.00 Prestarnir og hjónin sr. Jóna Hrönn Bolladóttir og sr. Bjarni Karlsson segja nokkur vel valin orð um hjónabandið og opna ***Brúðkaupssýninguna Já.***
13.10 Páll Rósinkrans syngur.
13.40 Dansatriði: **Salsa Iceland** sýnir salsa.
14.10 Tískusýning frá Coast.
14.40 Tískusýning frá Brúðarkjólaleigu Katrínar.
15.00 Stefán Hilmarsson tekur lagið ásamt Þóri Úlfarssyni undirleikara.
15.30 Brúðarvalsinn stiginn.
16.00 Dregið í brúðhjónaleiknum.

Jón Birgir Eiríksson leikur á píanó.

Kynnar: Elín María Björnsdóttir og Jóhann G. Jóhannsson
Sunnudagur 8. mars

13.00 Hinn fullkomni dagur: **Jóhann G. Jóhannsson** leikari gefur góð ráð um ræður og veislustjórn
13.15 Páll Rósinkrans syngur.
14.10 Tískusýning frá Coast.
14.40 Tískusýning frá Brúðarkjólaleigu Katrínar.
15.00 Stefán Hilmarsson tekur lagið ásamt Þóri Úlfarssyni undirleikara.
15.30 Dansarar frá Salsa Iceland sýna salsa.
16.00 Dregið í brúðhjónaleiknum.

Jón Birgir Eiríksson leikur á píanó.

Brúðhjónaleikur

Skráðu þig í brúðhjónaleikinn -og þú gætir unnið!

Hótel Rangá:
Næturgisting fyrir tvo í Junior-svítu. Rósir og jarðarber í herbergi við komu á hótelið, brúðarskreytingar í svítu, morgunverður og fjögurra rétta sælkerakvöldverður.

Gjöf til þín!
Allir sem skrá sig í brúðhjónaleikinn fá 20% afslátt í Blómavali af brúðarvendinum og öðrum blómum í tengslum við brúðkaupið

Flugfélagið Ernir:
Flug á Höfn í Hornafirði fyrir tvo fram og til baka, gisting í tvær nætur fyrir tvo á Hótel Höfn, ásamt siglingu og fjórhjólaferð með Fjöruferðum.

Hreyfing og Blue Lagoon spa:
Fljótandi djúpslökun og nudd í 40 mín. – fyrir tvo. Sannkölluð draumameðferð sem felst í djúpri slökun í vatni með náttúrulegri Blue Lagoon saltlausn. Slökunin er talin jafnast á við allt að átta tíma svefn. Tilvalin endurnærandi meðferð fyrir þá sem þjást af streitu og þreytu. Dregið laugardag og sunnudag.

Café Konditori Copenh.: 30.000 kr. brúðartertugjafabréf

Blómaval: 4 x 15.000 kr. gjafabréf

Bailine: 2 x 10.000 kr. gjafabréf

Partýbúðin: 2 x 5.000 kr. gjafabréf

Mizu: Brúðhjónadekur.
Fyrir hann: Andlitsbað, hand- og fótsnyrting og brúnkumeðferð.
Fyrir hana: Andlitsbað, litun og plokkun, handsnyrting eða gervineglur, fótsnyrting m/french geli og brúnkumeðferð.

Nói Síríus: Súkkulaðiglaðningur

Brúðkaups 7. - 8. mars
í Blómavali Skútuvogi

Allt fyrir brúðkaupið í Blómavali

brúðarvendir - barmblóm fyrir herra
brúðarmeyjarvöndur - skreytingar í veisluna - skreytingar í kirkjuna og skreyting á bílinn - blóm í hárið
ýmiskonar borðskraut - brúðargjafir

Brúðkaupssýningin Já

Veisluföng, fatnaður, snyrtivörur, hárgreiðsla, gjafavörur, ljósmyndir, skreytingar, gisting, bílar, blóm og margt fleira

Frábærir listamenn koma fram á sýningunni

Páll Rósinkrans

Jóhann G. Jóhannsson, leikari

Salsa Iceland

Stefán Hilmarsson

ásta créative clothes · Konditori · Lýður · Eagle Air · Anna Maria · Partýbúðin · EGG · Hekla · coast · www.smilli.is

Partýbúðin
Blómaval/Soldis
Lýður ljósmyndaver
Flugfélagið Ernir
Brúðarkjólaleiga Línu og Lilju
Solid
Salsa Iceland
Ásta Creative Clothes
Coast
Fotografika ljósmyndastofa
Hreyfing
Anna María
Hekla
Café Konditori Copenhagen
www.snilli.is
Bailine
Ljósmyndastofa Erlings
Egg
Hótel Rangá
Mizu
Nói Síríus
Brúðarkjólaleiga Katrínar
Ostabúðin
Icelimo

20% afsláttur
af öllu í EGG
laugardag og sunnudag
EGG

sýningin Já

Til sýnis verða brúðarvendir og skreytingar frá blómaskreytum Blómavals og Soldis. Leitið ráðlegginga varðandi val á brúðarvendinum.

5stk Liljur
999

blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

Hef lært að lifa með þessu

Helga Hjörleifsdóttir var bara 17 ára gömul unglingsstelpa á Dalvík þegar hún varð ólétt að dóttur sinni, Bergdísi Jónsdóttur. Helga fékk kvefvírus á meðgöngunni og Bergdís fæddist því alvarlega fötluð og hefur verið heyrnarlaus og bundin við hjólastól allt sitt líf. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** hitti mæðgurnar rétt eftir 37 ára afmæli Bergdísar á heimili hennar.

EINSTÆÐ MEÐ BERGDÍSI Í 37 ÁR Helga Hjörleifsdóttir var venjuleg sveitastelpa sem hafði bara einu sinni komið til stórborgarinnar þegar hún átti Bergdísi. Við tók flutningur suður og barátta fyrir bættum kjörum dóttur sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Helga var að vinna í kaupfélaginu á Dalvík þegar hún komst að því að hún væri ólétt. Meðgangan gekk ágætlega og hún man óljóst eftir því að hafa orðið eitthvað smávægilega veik. Þau veikindi urðu hins vegar örlagarík því Bergdís, dóttir hennar, fæddist fjölfötluð.

„Bergdís fæddist mánuði fyrir tímann og var því í eftirliti vegna þess. Mér var aldrei sagt beint út hvað væri að en þegar hún fór að vera eftir á í þroska fór maður smám saman að sjá að þetta væri ekki í lagi. Ég veit hreinlega ekki hvort það hefði verið betra að manni hefði verið sagt eins og var strax í upphafi.“

Strangir heimsóknartímar

Helga var ein með Bergdísi og hefur verið einstæð móðir alla tíð. Hún hafði ekki unnið nógu lengi í kaupfélaginu til að eiga rétt á fæðingarorlofi og var því farin að vinna aftur eftir aðeins nokkrar vikur. Vegna Bergdísar og veikinda fyrstu árin þurfti Helga að vera á eilífu landshornaflakki og missti því fljótlega vinnuna í kaupfélaginu og fór í frystihúsið. „Við vorum á Dalvík þar til Bergdís varð fjögurra ára gömul. Ég bjó hjá foreldrum mínum fyrst um sinn og mamma passaði fyrir mig á meðan ég vann.“

Á þessum fyrstu árum í lífi Bergdísar þurfti hún meðal annars að dvelja á barnaspítalanum. Helga fékk að reyna ýmislegt. „Við komum suður nokkrum sinnum. Strangar reglur voru um heimsóknir á spítalann og mátti ég bara heimsækja hana milli klukkan 3 og 4 á daginn og ég var með hana á brjósti þá. Það var hrikalega erfitt.“

Kópavogshælið var eina vistunarúrræðið

Árið 1975, þegar Bergdís var þriggja ára gömul, var Kópavogshæli eina vistunarúrræðið fyrir fjölfatlaða og hafði verið um áratugaskeið. Þar voru stórar deildir starfræktar þar sem geðfatlaðir og líkamlega fatlaðir dvöldust saman á deildum en börnum og fullorðnum var þó skipt niður. „Þetta sumar fékk ég vinnu á Hrafnistu í Reykjavík og leigði herbergi í bænum og við fengum tilboð um að Bergdís yrði vistuð á hælinu. Þetta leit allt ágætlega út í byrjun, það átti að kenna einum starfsmanni æfingar og ég vissi að sjúkraþjálfinn á hælinu var góður, því þarna var ég komin í samband við foreldra í foreldrafélagi fjölfatlaðra barna. Ekkert af því sem mér var lofað stóðst og mér leið allt annað en vel þetta sumar og fannst hræðilegt að hafa Bergdísi þarna. Þannig var það oftar en ekki sem ég fór grenjandi þaðan út. Um haustið fer ég svo norður aftur en finn að það þótti ekkert sniðugt að ég væri á þessu flakki og ég sá mér ekki annað fært en að flytjast suður alfarið haustið 1976.“

Lærði á stórborgina í strætó

Helga hafði, áður en hún átti Bergdísi, aðeins einu sinni komið til borgarinnar. Raunveruleikinn varð því harður. Á Dalvík voru allir hennar ættingjar og vinir og Helga þurfti í borginni að reiða sig fyrstu árin á strætisvagnaferðir þar sem hún hafði ekki efni á að kaupa sér bíl. „Sumarið 1976 fæ ég vinnu á drengjaheimili fyrir fatlaða í Tjaldanesi. Á meðan fær Bergdís sumarvistun í Reykjadal sem voru sumarbúðir fyrir fötluð börn. Ég nýtti tímann og vann eins og ég gat til að safna mér fyrir bíl. Yfir vetrartímann var ekki möguleiki fyrir mig að fá sólarhringsvistun fyrir hana eins og þarna í sumarbúðunum í Reykjadal.“

Um haustið fékk Helga íbúð hjá konu sem vann í Tjaldanesi og var þar í ár og fór svo að leigja með vinkonu sinni sem fluttist að norðan. „Bergdís fær þarna inni í dagheimilinu Lyngási, sem er dagvist fyrir fötluð börn og unglinga á vegum Áss styrktarfélags, áður Styrktarfélags vangefinna. Ég fer að vinna í heimilisþjónustunni fyrst um sinn og fékk ærið tækifæri þar til að læra á Reykjavík enda ferðaðist ég allt með strætisvögnum og heimsótti tvö til þrjú heimili á dag. Á kvöldin vann ég svo í Hollywood.“

Basl í blokk

Bergdís dvaldi á Lyngási allan grunnskólaaldur og nokkur ár eftir að skólaskyldu lauk og sótti jafnframt Safamýrarskóla. Haustið 1978 fékk Helga sjálf vinnu á Lyngási og vinnur þar enn þann dag í dag, en aldrei hins vegar á sömu deildum og Bergdís var á. Margt hefur breyst á Lyngási síðan árið 1976. „Hún var með sjö strákum á deild sem allir voru með Downs-heilkenni. Það var enginn annar en hún svona mikið fötluð, svo að það var mikill hamagangur á deildinni. Á fyrstu dögum Bergdísar á Lyngási kom hún heim með brotna tönn, svo mikil voru lætin stundum. Í dag dvelja hins vegar á Lyngási einungis mjög fötluð börn.“ Á þessum árum bjuggu þær mæðgur í blokk í Ljósheimum og segir Helga frá því að það hafi verið skrautlegt hús því lyftan hafi alltaf stoppað á milli hæða. „Þetta var nú svolítið kostulegur tími. Ég var alltaf með Bergdísi í kerru og þurfti annaðhvort að fara átta tröppur upp eða niður.“

Frelsi að fá eigin bifreið

Með aðstoð og hvatningu góðra kvenna segist Helga svo hafa sótt um niðurfellingu tolla fyrir bifreiðakaup og það var mikið frelsi sem fylgdi því að vera komin á eigin bifreið. „Þetta var það sem kallað er bílastyrkur í dag. Þar sem fólkið mitt var auðvitað allt fyrir norðan og engin hjálp bauðst þarna eftir að vistun lauk á Lyngási var ég auðvitað mikið bundin. Ég fékk því skólakrakka til að passa fyrir mig svo ég gæti sótt foreldrafundi sem haldnir voru á kvöldin á Lyngási.“

Andlegur stuðningur níu árum síðar

Árið 1981 bauðst Helgu í fyrsta skipti andlegur stuðningur frá fagaðila. „Ásta Baldvinsdóttir félagsráðgjafi kom þá til starfa hjá styrktarfélaginu og ég hafði helst leitað mér stuðnings hjá foreldrum annarra fatlaðra barna í styrktarfélaginu. Ásta var þá nýkomin úr námi og í sameiningu skrifuðum við bréf og báðum um fjárhagsaðstoð vegna stuðningsfjölskyldu sem við fengum. Árið 1983 fékk ég svo eigin íbúð á vegum Verkamannabústaðanna á Öldugranda, þar sem ég bý enn þann dag í dag. Árið 1985 var opnuð skammtímavistun fyrir börn eldri en 12 ára í Víðihlíð. Ég þorði ekki að sleppa stuðningsfjölskyldunni alveg strax og var því með bæði um tíma.“

➜ HELGA OG BERGDÍS

Í SAFAMÝRARSKÓLA Bergdís var í Safamýrarskóla til 16 ára aldurs. Hún er bæði fjölfötluð og heyrnarlaus.

MÆÐGURNAR FYRIR 35 ÁRUM Helga og Bergdís þegar Bergdís var tveggja ára og þær bjuggu enn á Dalvík.

> Við rákum okkur á það um daginn þegar hún þurfti að leggjast inn á spítala að verið var að spara í þjónustu við hana.

Erfitt þegar Bergdís fór að heiman

Helga segir að sem foreldri fatlaðs barns sé maður alltaf með hugann við framtíðina. „Maður þarf að vera skrefi á undan. Meðan maður hefur heilsu til vasast maður í því sem hægt er að vasast í og ég hugsaði að ég gæti frekar haft áhrif á hvernig heimilið væri ef ég byrjaði nógu snemma. Þegar Bergdís var 10 ára sendum við bréf, með aðstoð Ástu félagsráðgjafa, um að Bergdís fengi að búa á litlu heimili þegar hún flytti að heiman, með þremur til fimm íbúum.“ Árið 1985 var úthlutað lóð í Reykjavík en nágrönnum hverfisins leist ekkert á „innrás“ í hverfið og hætt var við að byggja þar og við Holtaveginn í Reykjavík var þess í stað úthlutað lóð. „Það er mikil vinna sem fer í hönd þegar undirbúa á það að fatlaður einstaklingur fari að heiman. Og sú vinna er aðallega fólgin í því að vinna með mann sjálfan. Það er erfið tilhugsun þegar maður er búinn að vera svona mikið með einstaklingnum og hann er alfarið upp á mann kominn að láta hann í hendurnar á einhverjum öðrum. Svolítið eins og að láta ungbarn frá sér.“

Slæm heilsa síðustu ár

Bergdís bjó við Holtaveginn til ársins 2002, eða í 15 ár. Frá Holtaveginum fluttu svo hún og allir sambýlingar hennar í íbúðir í Sólheimum en á Holtaveginum höfðu þau bara herbergi til einkanota. „Það er mjög fín aðstaða hér. Þau borða kvöldmat saman og heimsækja hvert annað en geta líka borðað inni í íbúðunum ef þau vilja.“ Bergdís hefur aftur á móti verið mjög veik síðustu fimm árin og þá sérstaklega síðustu þrjú eftir erfiða aðgerð þar sem hún fékk gastrastomiu eða sondu og nærist því ekki í gegnum munn. „Það var farið að verða mjög erfitt fyrir hana að borða en maturinn hrökk ofan í lungu sem olli tíðum lungnabólgum. Í kjölfarið fór hún í aðgerð og hefur ekki náð góðri heilsu síðan.“

Bergdís fór alltaf heim til móður sinnar aðra hvora helgi en hefur ekki getað það út af veikindum síðustu árin. „Ég er auðvitað oft eða mikið hér og meira þegar hún er veik. Ég fer lítið utan og slíkt en hef helst farið á Dalvík til að hlaða batteríin. Það er erfitt að kúpla sig frá því að hringja og koma, helst að ég nái því kannski eina helgi. „Við Bergdís förum alltaf norður um jól og í sumarleyfum og þá bara keyrandi áður en hún varð svona lasin.“

Les í svipbrigði

Helga segir Bergdísi sérdeilis geðprúða og hún les helst í langanir og meiningar dóttur sinnar á svipbrigðunum. „Bergdís er heyrnarlaus þannig að hún er enn einangraðri en ella. Ég sé alveg þegar hún er stolt og glöð, eins og hún var til dæmis þegar hún flutti hingað í þessa íbúð. Hennar félagsskapur er mestur auðvitað í mér og svo fólkinu hér og „í vinnunni“ sem er Lækjarás, dagvistun rekin af Ás styrktarfélagi. Hún á líka góða vini í strákunum úr Downs-hópnum sem voru með henni á Lyngási. Sérstaklega er það einn þeirra sem hefur verið duglegur að heimsækja hana. Þegar hún var yngri hafði hún gaman af allri hreyfingu og það sjónræna er helst það sem styttir henni stundir. Þannig hefur hún enn gaman af því að sjá mann ærslast með bolta og tuskudýr.“

Óttí við framtíðina

Helga segir að nú þegar kreppi að sé hræðslan mikil við það hvort skerða þurfi þjónustu við fjölfatlaða. „Maður er skíthræddur um að það verði eitthvað hróflað við þessu. Bergdís þarf mikla þjónustu og við rákum okkur á það um daginn þegar hún þurfti að leggjast inn á spítala að verið var að spara í þjónustu við hana. Manneskja sem hún þarf að hafa með sér á spítalanum átti í fyrstu ekki að vera í boði. Auðvitað hugsar maður líka og vonar að maður sjálfur veikist ekki, þá hugsar maður hvað verði.“

Þarf enginn að sætta sig við hlutskiptið

Að eignast fatlað barn er eitthvað sem Helgu hefði aldrei dottið í hug en segist ekki hafa velt sér upp úr því hvernig lífið hefði orðið hefði svo ekki verið. „Hins vegar er það þannig að við foreldrar fatlaðra barna höfum alls ekki valið okkur að eignast fatlað barn, annað en til að mynda starfsfólk sem vinnur með fötluðum. Við eigum rétt á að sætta okkur ekki við það en við getum hins vegar lært að lifa með því. Ég held að þannig sé það í mínu tilfelli. En auðvitað eru ekki allir sammála þessu. Það þarf að styrkja foreldra fatlaðra barna mikið, þetta er verkefni sem tekur mikið á mann, andlega og líkamlega, og stuðningsþjónustan þarf að vera góð. Maður vonar að framtíðin bjóði fötluðum og aðstandendum þeirra ekki upp á niðurskurð á þessum erfiðu tímum.“

Valensia

Valensia eru ein vinsælustu undirfötin á Íslandi



Valensia

Í Hagkaup færð þú fjölbreytt úrval Valensia undirfata
í stærðum sem henta íslenskum konum.
Fegurð, vönduð snið og þægindi eru í fyrirrúmi.

íslensk hönnun

ÞREFÖLD ENDURGREIÐSLA!
KORTIN
ekortin.is

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Tyrkland og grís

TYRKLAND
Verð frá 69.900 kr.*
+ 15.000 Vildarpunktar

TYRKLAND

Bodrum

Vinsælasti sólarstaðurinn á Tyrklandi

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrklands við Eyjahaf þar sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, fyrsta flokks þjónusta og gnægð veitingastaða og verslana.



Allt innifalið!

Ersan Resort & SPA ★★★★★

Framúrskarandi lúxushótel með vistarverum í hæsta gæðaflokki við einkaströnd austur af Bodrum. Frábær sundlaugagarður. Fimm veitingastaðir, hver öðrum betri.

Verð frá 96.900 kr.
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 3 fullorðna og 1 barn (2-12 ára) í þríbýli í 7 nætur 30. maí. ALLT INNIFALIÐ, líka loftkæling.
Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli: 115.200 kr. og 15.000 Vildarp.

TYRKLAND ÓDÝRAST!

Hvergi ódýrara að lifa á sólarstöðum sumarið 2009!

Við ströndina

Með hálfu fæði

Parkím Ayaz ★★★½

Æðislegt hótel á frábærum stað við ströndina í Gümbet. Látlaus og björt herbergi, 2 stórar sundlaugar, barnalaug, vatnsrennibraut, 2 veitingastaðir, heilsulind og líkamsræktaraðstaða.

Verð frá 78.800 kr.
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í þríbýli með hálfu fæði í 7 nætur 29. ágúst. Loftkæling innifalin.
Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli: 83.800 kr. og 15.000 Vildarp.

Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is

VITA býður einnig

Alicante Beint leiguflug á þriðjudagsmorgnum frá 26. maí til 20. okt.

Mallorca Beint leiguflug alla miðvikudaga frá 27. maí til 16. sept.

Vildarklúbbur

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

ÍSLENSKA SÍA IS VIT 44849 03/09

Glæsilegar ferðanýjungar í allt sumar!

ka Eyjahafið

TYRKLAND

Kusadasi

Sólskin og saga á „tyrknesku rívíerunni“

Hafnarbær með frábærum baðströnd-um, fjörmiklu mannlífi frá morgni til kvölds, andblæ tyrkneskrar menningar og seið-magni sögunnar.
Í nágrenni Kusadasi er Ephesus, best varð-veitta forna borgin við Miðjarðarhafið.



Með hálfu fæði

Korumar ★★★★

Frábært hótel við hlýlega einkaströnd skammt frá Kusadasi. Úrval veitingastaða og verslana rétt hjá hótelinu. Fyrirmyndaraðstaða, sundlaug, barnalaug, glæsileg heilsulind, nuddstofa, innisundlaug o.fl.

Verð frá 109.900 kr.
og 15.000 Vildarpunktar
á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með hálfu fæði í 7 nætur 22. ágúst. Loftkæling innifalin.
Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli: 111.300 kr. og 15.000 Vildarp.

Grikkland

GRIKKLAND

Kos

Eyja hinna ánægðu

Grísk paradísareyja, skammt frá vesturströnd Tyrklands í gríska Eyjahafinu. Yndislegur staður. Fyrsta flokks þjónusta. Friður, fjör, veðursæld, blátær sjór, heillandi þorp og stórfenglegar minjar frá gullöldum grískrar menningar.



Allt innifalið!

Blue lagoon ★★★★★

Framúrskarandi hótel, heill heimur út af fyrir sig, ógleymanlegt. Fjöldi sundlauga, frábær íþróttaaðstaða.

Verð frá 119.900 kr.
og 15.000 Vildarpunktar
á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára) í tvíbýli í 6 nætur á Kos og 1 nótt í Bodrum 11. júlí.
ALLT INNIFALIÐ. Loftkæling innifalin.
Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli: 123.900 kr. og 15.000 Vildarp.

Upplifðu tvo menningarheima í sömu ferðinni

Í boði eru samsettir pakkar þar sem hægt er að dvelja hluta tímans í Tyrklandi og hluta á Kos.

Beint flug á laugardögum til Tyrklands 30. maí til 19. september.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í ferðaklúbbinn á VITA.is

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

VITA er lífið

*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára) í íbúð með 1 svefnherbergi á Tropicana Beach í 7 nætur 30. maí.

ÆGILEGAR ÍSLENSKAR ÆVISÖGUR

Segja má að ævisagnaritun sé ein af þjóðaríþróttum Íslendinga. Ritvöllurinn getur reynst sleipur viðfangs og oftar en ekki hefur afraksturinn ekki síður hneykslað en skemmt. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* rótaði í ævisögum á Bókamarkaði Perlunnar og dustaði rykið af nokkrum gömlum krassandi slögurum.

Rósumál

Þegar Rósa Ingólfs stóð á hátindi frægðarinnar gaf hún út ævisögu sem núverandi forsætisráðherrafrú, Jónína Leósdóttir, skrásetti. Bókin kom út árið 1992 og Alþýðublaðið lýsti henni sem hressilegustu ævisögu ársins.

Mesta athyglina vöktu sögur Rósu frá Þjóðleikhúsinu sem dagblöðin tóku upp á sína arma. DV birti þann hluta bókarinnar á heilsíðu þar sem sagt var frá uppáferðum leikara og brennivínsdrykkju þegar Fiðlarinn á þakinu var settur upp. Svo langt gengu víst ástaratlotin og framhjáhöldin að einn leikarinn hélt við erlenda leikstjórann beint fyrir framan nefið á öllum, þar með taldri eiginkonu sinni.

Lífsganga Lydíu



Ævisaga Lydiu Pálsdóttur Einarsson var hluti af miklu ævisagnaflóði árið 1992 en þá komu út 25 ævisögur fyrir jólin.

Fjölmiðlakonan Guðrún Helga Johnson skrásetti ævisögu Lydiu sem var eiginkona listamannsins Guðmundar frá Miðdal. Bókin naut einhverra vinsælda enda verður seint sagt að fullkomin sátt hafi ríkt um hjónaband Guðmundar og Lydiu þótt fáir myndu kannski kippa sér upp við það í dag. Guðmundur var nefnilega áður kvæntur móður Lydiu. Ekki skemmdi það svo fyrir að Íslendingar fengu nasasjón af lífi og listum þjóðþekktra manna á borð við Jóhannesar Kjarval og Einars Jónssonar og slíkar kræsingar hefur þjóðin alltaf kunnað að meta.

Kári í Jötunmóð

Úti í hinum stóra heimi tíðkast að blaðamenn og sagnfræðingar gefi út ævisögur þekktra manna án þeirrar vitundar. Á Íslandi er þessi „list“ afar fátíð en Kári í Jötunmóð, um Kára Stefánsson, er undantekning á þeirri reglu.

Sagnfræðingurinn Guðni Th. Jóhannesson fer yfir feril Kára og sögu DeCode og þótt allir hafi verið að tala um þennan mann með sérkennilega hreiminn seldist bókin illa, fólk vildi ekki trúa neinu illu upp á hetjuna Kára, súperstjörnu Íslands.

Kári var enda ekki sáttur við skrif Guðna og sendi frá sér yfirlýsingu sem birtist í Morgunblaðinu 2. desember 1999. Þar gaf hann Guðna og bókinni langt nef, sagði sagnfræðinginn fara með rangt mál. Sagan hefur nú farið í hálfhring; DeCode berst í bökkum en stjarna Guðna hefur aldrei skinið jafn skært.

Björn Jónsson

Þegar læknir í Kanada skrifar ævisögu sína eru fáir sem finna fyrir einhverri sérstakri þörf til að rjúka út í búð. En ef læknirinn heitir Björn Jónsson, er kallaður „Bjössi bomm“, ævisagan heitir Þurrt og blautt að vestan og skartar mynd af læknatólum og viskíflösku þá kveikir slíkt í mörgum.

Helgi heitinn Hálfdanarson útskýrði síðan fyrir lesendum Morgunblaðsins hvaðan „bomm“-nafnið væri komið skömmu eftir útgáfu bókarinnar en Helgi og Björn voru samtíðarmenn á Sauðárkróki sem strákar. „Hann hrópaði einatt bomm þegar hann hæfði skotmark sitt með steinvölu,“ skrifaði Helgi en ævisaga Björns er uppfull af daðri við fallegar konur, drykkjuskap og frásögnum af óhefðbundnum lækningum meðal indíána.

Litróf Lífsins



Anna Kristine Magnúsdóttir skrifaði frásagnir fimm þekktra kvenna í Litrófi lífsins sem kom út 2001. Sigríður Geirsdóttir stal senunni þegar hún talaði opinskátt um ástarsamband sitt við Ólaf Ragnar Grímsson forseta á þeirra yngri árum. Forsetanum var lýst sem órómantískum en þó blíðum og kurteisum manni. Hann hafi verið kommúnisti og hvorki trúað á Guð né hjónabandið.

Sigríður var fyrrum ungfrú Ísland og ferðaðist vítt og breitt um heiminn og snæddi með frægðarfólki og auðjöfrum. Hún þurfti að þola rætnar kjaftasögur um sig og dvölina í Ameríku, meðal annars að hún hefði verið vændiskona í New York. Gróa á leiti varð að lokum til þess að Ólafur sleit sambandi sínu við hana og útskýrir Sigríður það þannig að Ólafur hafi hugað á frama í stjórnmálum. Og þá máttu menn ekki hafa óhreint mjöl í pokahorninu.

Í viðjum vímu og vændis

„Það sem mér finnst tvímælalaust standa upp úr eftir lestur bókarinnar […] er aðdáun á því hvernig Matthildi Jónsdóttur Campbell tókst upp á eigin spýtur að koma sér út úr þeim vítahring heróínneyslu og vændis sem hún hafði um árabil setið föst í,“ skrifar Gunnlaugur A. Jónsson, bókagagnrýnandi DV, um bók Hafdísar L. Pétursdóttur, Í viðjum vímu og vændis.

Bókin vakti mikla athygli þegar hún kom út árið 1993 enda voru hugtök á borð við „vændi“ og „heróín“ í órafjarlægð frá íslenskum veruleika. DV og Dagur birtu bókarkafla og Matthildur varð umtalaðasta manneskjan á Íslandi þau jól. Bókin seldist ekkert sérstaklega vel enda voru hvorki heróín né vændi neitt sérstaklega jólaleg og siðprúðum borgurum þótti ekki við hæfi að lesa um hórur og eiturlyf eftir jólasteikina.

Svínahirðirinn

„Saga dæmigerðs Íslendings sem sækir vatnið yfir lækinn,“ skrifaði Kristín Ólafs, gagnrýnandi Morgunblaðsins um ævisögu Þórhalls Vilhjálmssonar, Svínahirðirinn. Bókin sætti nokkrum tíðindum enda góð innsýn í líf hinna frægu og ríku. Þórhallur var bryti rithöfundarins Daniellu Steel og hafði meðal annars það hlutverk að gæta svínsins Coco, gæludýrs frú Steel.

Svínahirðirinn náði sjötta sæti vinsældalista Morgunblaðsins en á þeim tíma voru ekki komnir fram hinir íslensku auðjöfrar með allt sitt glingur. Þess verður þó vonandi ekki langt að bíða að brytar útrásarvíkinganna breyti upplifunum sínum í ævisögur á borð við Svínahirðinn.

Afbrigði og útúrdúrar

Margir biðu spenntir eftir bókinni Afbrigði og útúrdúrar sem kom út árið 2005 enda hafði höfundurinn, Kjartan Sveinsson, gefið fyrirmæli um að hún mætti ekki koma út fyrr en eftir árið 2000. Kjartan var skjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands og kunni deili á mörgum nafntoguðum mönnum og sögur af þeim.

Sigurjón Björnsson, gagnrýnandi á Morgunblaðinu, var lítt hrifinn af þessari útgáfu í dóm sínum. Tók upp hanskann fyrir marga af þeim sem birtast ljóslifandi í bókinni og nægir þar að nefna Bjarna Sæmundsson, Sigurð Nordal og Guðmund Finnbogason en þeir voru ýmist sagðir vera smásálir, nískupúkar, drykkjumenn eða hálfvitar. Sigurjón lýkur síðan dómi sínum með þeim orðum að kannski hefði útgefandinn mátt hugsa sig tvívegis um. En hver veit? Á dögum kláms og krimma ætti illmælgi og slúður ekki að spilla fyrir. Allt er gott ef líkur eru á að það seljist. Líka hjá Máli og menningu.

35% AFSLÁTTUR AF KING KOIL HEILSURÚMUM!

ARGH!!!

Sökum efnahagsástandsins ákvað Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar, að bjóða Íslendingum **25% AFSLÁTT** af öllum King Koil heilsurúmum. Nú vill Rekkjan gera enn betur og bætir við **10% AUKAAFSLÆTTI.** Það þýðir **35% AFSLÁTTUR** af öllum King Koil rúmum í Rekkjunni næstu daga.

Komdu og fáðu þér hágæða rúm á einstöku tilboði.

Með öllum keyptum rúmum er **25% AFSLÁTTUR** af öllum vörum í mjúku deild Rekkjunnar.

CASTAWAY

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tvíhert sérvalið stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

CASTAWAY
Queen size (153x203)
Verð 220.000 kr.
KK-TILBOÐ
165
= 5
AFS
KK+REKKJAN TILBOÐ
143.000 kr.
= 77.000 kr.
AFSLÁTTUR!

ADVENTURE

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstijöfnunar-svampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

AVERY
Queen size (153x203)
Verð 155.000 kr.
KK-TILBOÐ
50 kr.
TTUR!
KK+REKKJAN TILBOÐ
100.750 kr.
= 54.250 kr.
AFSLÁTTUR!

AVERY

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

ADVENTURE
Queen size (153x203)
Verð 303.900 kr.
KK-TILBOÐ
227
= 75
AFS
KK+REKKJAN TILBOÐ
197.535 kr.
= 106.365 kr.
AFSLÁTTUR!

FERMINGARTILBOÐ
30% AFSLÁTTUR!

Comfort Zone rúmin aðlaga sig á ótrúlegann hátt að líkamanum, hafa einstaka þyngdardreifingu og veita slökun sem er á fárra færi.

COMFORT ZONE
(120x200)
Verð 132.900 kr.
FERMINGARTILBOÐ
93.030 kr.

COMFORT ZONE
(97x200)
Verð 116.900 kr.
FERMINGARTILBOÐ
81.830 kr.

COMFORT ZONE

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt pokagormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- þrýstijöfnunarsvampiur í svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

Á VETTVANGI SKOTÁRÁSAR Lögreglan hefur girt af svæði á Korsgade 17. febrúar síðastliðinn þegar 19 ára maður var skotinn í lærið. Nokkur skotanna fóru inn í íþróttahús þar sem börn voru í leikfimi. Skömmu áður en þessi mynd var tekin hafði hópur innflytjenda veist að ljósmyndaranum, sem sneri þó aftur til að taka myndir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reiði og ótti í Kaupmannahöfn

Margir Íslendingar hafa góðar taugar til Kaupmannahafnar. Fréttir af tíðum skotárásum þar vekja bæði ugg og undrun. Undanfarnar vikur hafa fáir dagar liðið á milli slíkra árása, sem kostað hafa þrjá menn lífið. *Guðsteinn Bjarnason* kynnti sér ástandið.

Síðan í ágúst á síðasta ári hafa þrír ungir menn látið lífið í skotárásum í Kaupmannahöfn. Mun fleiri hafa særst, nokkrir lífshættulega og skotárásirnar í borginni þessa mánuði skipta tugum.

Íbúar borgarinnar eru í senn reiðir og hræddir við ástandið. Úrræði stjórnvalda virðast þó takmörkuð. Mikill fjöldi lögreglumanna var sendur út á göturnar nú í vikunni, eftir að tvö morð bættust við um síðustu helgi. Þá hefur lögreglan gert skipulagða leit að vopnum í farartækjum og á heimilum fólks, sem grunað er um aðild að árásunum. Danska þingið ræðir um að setja lög um hertar refsingar og Brian Mikkelsen dómsmálaráðherra boðar aðgerðir sem eiga að vera án fordæmis í Danmörku.

LEITAÐ Í BÍLUM Þessa viku hefur lögreglan fylgst vel með allri umferð á hættulegustu stöðunum, stöðvað bifreiðar og leitað að vopnum. Fjórir voru handteknir á fimmtudag eftir að vopn fundust í fórum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Gagnkvæmar hefndarárásir

Skotárásirnar virðast flestar vera gagnkvæmar hefndarárásir tveggja hópa. Þar eigast við annars vegar vélhjólasamtökin AK81, sem er stuðningsklúbbur Vítisengla í Danmörku, og hins vegar klíkur ungra innflytjenda sem rétt eins og vélhjólaklíkurnar eru bendlaðar við fíkniefnasölu og aðra glæpastarfsemi.

Upphafið má rekja til þess að ungur maður var skotinn til bana í ágúst í Tingbjerg, úthverfi norðan til í Kaupmannahöfn, þar sem yfirgnæfandi meirihluti íbúanna eru innflytjendur. Talið er að morðinginn sé meðlimur í AK81, og hugsanlega tengdist þessi fyrsta árás deilum um yfirráð í glæpaheimum Kaupmannahafnar.

Eftir þessa fyrstu árás hafa gagnkvæmar skotárásir orðið tíðar í Kaupmannahöfn, og reyndar víðar í Danmörku. Heldur dró úr þeim í haust en í desember hófst leikurinn á ný og hefur magnast verulega síðustu vikurnar.

Mikil spenna

Flestar skotárásirnar eiga sér stað annaðhvort nálægt höfuðstöðvum Vítisengla eða í hverfum þar sem innflytjendur eru fjölmennir, einkum á Norðurbrú og í Tingbjerg. Spennan á milli þessara hópa er mikil og virðist reyndar sem hrein taugaveiklun eigi stóran þátt í mörgum árásanna því oftast eru það saklausir íbúar sem hafa orðið fyrir þeim, bara af því að þeir þóttu grunsamlegir eða voru staddir nálægt árásarfólkinu.

Mikil umfjöllun fjölmiðla virðist reyndar hafa orðið til þess að töluverð fjölgun hefur orðið bæði í vélhjólaklíkunum og innflytjendaklíkunum.

Töluvert er vitað um AK81 og Vítisengla, en minna er vitað um innflytjendaklíkurnar. Meðlimir þeirra eru ungir múslimar af annarri kynslóð innflytjenda. Þeir hafa bæði tengst hefðbundinni glæpastarfsemi en einnig virðast þeir líta á það sem hlutverk sitt að verja hverfin sín gegn aðkomumönnum.

Frábrugðið rokkarastríðinu

Þótt Vítisenglar eigi stóran hlut að átökunum í vetur eru þau frábrugðin rokkarastríðinu svonefnda um miðjan tíunda áratuginn sem stóð á milli vélhjólasamtakanna Vítisengla og Bandidos, að því leyti að nú verða saklausir borgarar nánast alfarið fyrir barðinu á átökunum, sem varla kom fyrir þegar vélhjólaklíkurnar voru að ráðast hvor á aðra.

Auk þess þykir hætta á að kynþáttahatur magnist á báða bóga í þessu nýja stríði sem nú geisar á götum Kaupmannahafnar.

Síðan í ágúst á síðasta ári hafa nærri sextíu skotárásir átt sér stað í Kaupmannahöfn, flestar eru taldar tengjast innbyrðis stríði glæpagengjanna. Þrír hafa látið lífið.

2009

MÍN BORG

ICELANDAIR

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

OSLÓ
frá 14.900 kr.

Nesti, 212 skúlptúrar, teppi, baðföt, ópera, tjaldútilega og gott skap

HELSINKI
frá 17.300 kr.

– þar sem þú ferð í miðbæinn til að sóla þig á ströndinni

Borgarlukkuleikurinn

TAKTU ÞÁTT!

Þú getur unnið flugferð fyrir tvo

Hver vann síðast?

Nafn vinningshafa síðustu helgar er birt í þessu blaði

GEYMIÐ BLAÐIÐ

Vildarklúbbur

Flug til Helsinki gefur 2.500–8.000 Vildarpunkta.

MÍN HELSINKI

Jón Þorsteinsson, viðskiptafræðingur

Helsinki er sérstök að mörgu leyti, en það sem einkennir borgina framar öðru er kannski nálægðin við sjóinn og skerjagarðinn, almenningsgarðarnir, strendur nálægt miðbænum og hve stutt er í allt í miðbænum. Í Helsinki er meginlandsloftslag og þess vegna oftast mjög gott sumarveður og ekki verra að hafa strendur innan borgarmarkanna.

Suomenlinna og siglingar

Almenningssamgöngur eru sérlega góðar og auðvelt að komast á alla þá staði sem vert er að heimsækja. T.d. ganga ferjur á 15 mín. fresti út í Suomenlinna-virkið á eyju fyrir utan borgina þar sem hægt er að skoða virkið eða slappa af á klettaströnd eyjunnar. Frá miðbæjarhöfninni er líka boðið upp á ferðir til annarra áfangastaða og skerjagarðssiglingar. Þá má nefna siglingar til bæði Rússlands og Eistlands, en Tallinn er í innan við 2 tíma siglingu frá Helsinki.

Linnanmäki og Korkeasaari

Börn á öllum aldri taka oftast stefnuna á Linnanmäki-skemmtigarðinn, eða dýragarðinn Korkeasaari. Þar sem dýragarðurinn er á eyju eru reglulegar bátsferðir frá miðbænum þangað. Í nágrannabænum Vantaa er líka vísindagarðurinn Heureka, í 15 mínútna lestarferð frá miðbænum.

Töölö-vatn og Finlandia Talo

Í góðu veðri er tilvalið að rölta meðfram Töölö-vatninu og upplifa finnska rómantík. Finlandiahúsið og Óperuhúsið eru við Mannerheimitie-götu, í garðinum við Töölö-vatn. Austan við vatnið er Borgarleikhús Helsinki. Finlandiahúsið er tónlistar- og ráðstefnuhöll, teiknuð af Alvar Aalto árið 1962. Aalto teiknaði allt sem í húsinu er, innréttingar, ljós og öll húsgögn svo að ekki sé minnst á hurðarhúna. Hér má kynnast finnskri húsagerðarlist á 20. öld eins og hún varð best.

Verslanir í Helsinki

Fólk í verslunarstuði finnur alltaf eitthvað í vöruhúsinu sem er miðpunktur borgarinnar, Stockmann. En ekki má gleyma listasetrinu Arabia þar sem hægt er að finna littala-, Hackman- og Arabiavörur á útsöluverði. Það má líka finna ýmislegt á flóamörkuðunum á Hietalahti-torginu og Valtteri. Ein stærsta verslunarmiðstöð Norðurlanda er líka í Austur-Helsinki, en þangað er auðvelt að komast með hreinustu neðanjarðarlest í heimi.

Sitt hvað er við að vera

Tónleikahald er mjög algengt í Helsinki og venjulega fyllist miðborgin af fólki við þess háttar viðburði, enda leikvangar sem notaðir eru nánast í miðbænum. Besti viðburðurinn í ár ætti þó að vera Evrópumót kvenna í fótbolta sem Ísland tekur þátt í. Sænska leikhúsið býður líka venjulega upp á skemmtilegar sýningar og þær ættu að vera vel skiljanlegar fyrir flesta Íslendinga, enda finnlands-sænskan skýrasta Norðurlandatungumálið.

HÖNNUNARHVERFIÐ Í HELSINKI

Nýja Hönnunarhverfið er miðsvæðis í Helsinki. Þar er fjöldinn allur af hönnunar- og antíkbúðum, tískuverslunum, söfnum, galleríum, veitingastöðum og sýningarsölum. Hérna má sjá verk eftir hönnuðina, sem vakið hafa mesta athygli á síðustu árum, verk eftir sígildu meistarana og eftir hönnuðina sem gefa tóninn og hafa mest áhrif þessa stundina.

Hönnunarhverfið í Helsinki er bæði borgarhverfi og huglæg upplifun. Þarna eru 25 stræti og 150 staðir, merktir inn á kort af svæðinu, allt frá verslunum til gallería og frá hönnunarsmiðjum til hönnunarhótela. Gestir í hverfinu kynnast sköpunarkrafti, einstakri upplifun, hönnun og finnskri borgarmenningu.

Reykjavík – Helsinki
frá 17.300 kr.

Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flogið er allt að 4 sinnum í viku.

Flug og gisting í 3 nætur
frá 58.900 kr.

*á mann í tvíbýli á Radisson SAS Seaside **** Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting og morgunverður.*

SASLIK, NEITSYTPOLKU 12
Einn af þekktustu rússnesku veitingastöðunum í Helsinki. Litríkur og sérstakur heimur út af fyrir sig, eins og Naustið í gamla daga. Aðalréttirnir eru matarmiklir og henta kannski ekki þeim sem vilja eingöngu léttan mat. Katrína mikla er afar eftirminnilegur eftirréttur. Fyrir þá sem vilja aðeins hóflegri útgáfu af rússneskum stað má nefna elsta rússneska veitingastaðinn í Helsinki, stofnaðan árið 1917, Bellevue við Rahapajankatu 3.

GASTONE, KORKEAVUORENKATU 45
Einn vinsælasti ítalski veitingastaðurinn í Helsinki. Hann er nærri Esplanadi-garðinum og var opnaður árið 2003. Hér er oft fullt út úr dyrum. Maturinn er blátt áfram, stórfínn, engin töfrabrögð í gangi og ekkert sem hægt er að kvarta yfir.

Veitingastaðir

G. W. SUNDMANS, ETELÄRANTA 16
Fyrsta flokks einnar Michelin-stjörnu veitingastaður í gulleitu húsi við höfnina. Finnsk matargerð eins og hún gerist best og mikið lagt upp úr góðu hráefni. Á neðri hæðinni er G. W. Sundmans Krog, staður sem sérhæfir sig í sjávarréttum og er með aðeins léttara yfirbragði.

KOSMOS, KALEVANKATU 3
Kosmos, í miðborg Helsinki, beint á móti Stockmann's, hefur í meira en 80 ár verið höfuðvígi menningarvita, stúdenta, leikara, rithöfunda og listamanna. Segja má að núna hafi þessi veitingastaður fengið eins konar sígildan „költstatus“. Flottur staður, eins og hann hefur alltaf verið. Viðskiptaveldi, stjórnmálakenningar og veitingastaðir verða til og hverfa en Kosmos er alltaf á sínum stað.

*Verð aðra leiðina með sköttum og gjöldum.

mars 2009
menning
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

Leikverkið Rústað

Fullkomlega náttúrulaust í öllu sínu samþjappaða ofbeldi, hryllingi, grimmd og fúkyrðum.

BLS. 6

Síðueldar í kvikmynd

Gagarín hefur lokið við að endurskapa mestu náttúruhamfarir Íslandssögunnar í kvikmynd. Móðuharðindin taka nú korter.

BLS. 4

ROF Í BYGGINGARSÖGU *fram undan*

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Höfðatorg hefur verið tekið sem dæmi um yfirgang verktaka og undanlátssemi skipulagsyfirvalda.

Strax eftir hrun bankanna í haust máttu arkitektastofur bregðast hratt við: dregið var saman í mannahaldi eins snögglega og hægt var og á einni viku varð heil stétt í landinu að stærstum hluta atvinnulaus. Við blasir að rof verður í byggingarsögu þjóðarinnar eftir þensluna sem liðin er hjá.

BYGGINGARLIST
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Undanfarin ár hefur verið nóg að gera á íslenskum arkitektastofum: stórverkefni af ýmsu tagi hafa verið undirbúin og sum skriðið af stað. Íslenskir arkitektar hafa mátt hafa sig allan við: stórir reitir í þéttbýli hafa verið undir. Nýjar skipulagstillögur hafa komið fram um mikið byggingarmagn í borg og bæjum og jafnframt höfðu fjármagnssterkir aðilar hugmyndir um stór og ný hverfi: Kvosin, Slippurinn, Grandi, Höfðahverfið, Barónsstígsreitur, raunar allt svæðið umhverfis Laugaveg, Hampiðjureitur og í jaðri byggðarinnar voru stórfenglegar áætlanir um uppbyggingu hverfa inn á heiðarnar: við Elliðavatn suður og vestur fyrir Vatnsendahæð, í Úlfarsárdal, ný hverfi voru skipulögð suður með sjó og víða um land gerðu menn sér vonir um mikla endurnýjun á húsnæði.

Nú blasir raunveruleikinn við: offramboð er á tilbúnum eignum til íbúðar, verslunar- og atvinnureksturs. Kaupendur skila lóðum, grunna verður að hylja, hálfköruð hús eru birgð. Fram undan er tími sem um sumt minnir á þá daga þegar fjölskyldur fluttu í bílskúr og menn byggðu hús sín á áratug í nýjum hverfum. Offjárfesting mun sliga fjölskyldur og fyrirtæki og þegar komið er að þroti verða eigendur í stórum vandræðum með að losa eignir sínar. Starfandi fyrirtæki munu reyna að komast í ódýrara húsnæði takist þeim að losa sig úr samningum um það sem þau eru í. Langvinn stöðnun blasir við byggingariðnaði í nýbyggingum.

Reynsla af viðlíka kreppum sýnir að það tekur menn nokkur ár að koma byggingariðnaði í gang, verkefni þeirra fyrirtækja sem lifa kreppuna af verður viðhald eldri eigna, líka þeirra sem nýsmíðaðar eru, því hraður byggingarmáti þensluástands hefur í för með sér óvönduð vinnubrögð.

Rof er því fyrirsjáanlegt í byggingarsögunni. Næsta áratug verða fyrir augum okkar óklárðar byggingar af öllu tagi, ófrágengnar lóðir, tóm hús. Og byggingarstíll sem gegnumsneitt laut fyrst og fremst hagræði í byggingarmáta.

Arkitektar og verkfræðingar eru ekki teknir með í frumvarpi ríkisstjórnar um niðurfellingu virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað en hafa komið á framfæri athugasemdum þar um að miklu munaði þessar stéttir um ef vinna þeirra væri undanþegin virðisaukaskatti. Sem tryggði þá líka vandaðri vinnu. Þá hafa samtök þeirra ályktað að haldið verði áfram undirbúningi verkefna til framtíðar sem auki verkefni stéttanna. Og eins og Margrét Jónsdóttir, formaður Arkitektafélagsins, segir: „Svo þarf að klára öll þau hús sem nú eru í byggingu – einhvern tíma.“

■ HEIMSKAMMERJAZZDÆGURSINFÓNÍURAFPOPP ■ KVENTÓNSKÁLD MEÐ TÓNLEIKA ■ MÖTTULS SAGA: NÝ ÓPERA KYNNT

UMRÆÐAN

Pétur Gretarsson skrifar pistilinn

Heimskammerjazz-dægursinfóníurafpopp

Strengir, tréblásarar, slagverk og brass. Slík innihaldslýsing var lengi vel einskorðuð við tónlist af akademískum toga. Kompóneraða í ystu æsar og flutta af hefðbundnum flokkum kjólklæddra einstaklinga. Lengi vel voru þessar kjólklæddu verur aðeins karlkyns, en síðustu vígi kynjamismununar í tónlist eru rétt nýfallin, ótrúlegt en satt. Jafnvel þó að ólíkindatól eins og elektróník bættust í uppskriftina voru undirtónar umfjöllunar þannig að ekki fór á milli mála að hér var á ferðinni alvarleg tónlist. TónLIST vel að merkja. Þetta var sko engin MÚSík!

Umræddir undirtónar sinntu því hlutverki að staðsetja fyrirbærið í vitund áheyrenda, sem annaðhvort létu segja sér hvað var hvað, eða leyfðu yfirtónum hljóðanna að raða reynslunni upp á nýtt í undirmeðvitundina. Á sama hátt verða stíltegundir innan dægurtónlistar sífellt óljósari og það sem fyrir fáeinum árum var framandi og ósnertanlegt verður hráefni í nýtt lag. Tónlistarmaður úr Garðabæ stingur upp í sig austurlenskri flautu og blæs danska tónsmíð svo úr verður arabísk tónlist í Reykjavík, tónlist sem gat líka verið jazz. Ætli það sé ekki þessi margumtalaða heimstónlist?

Íslenskur tónsmiður stjórnar sinfóníuhljómsveit í eigin píanókonsert, verki sem er í senn impressjónískt, minimaliskt og fallegt. Ætli það megi? Þetta gerðist hvort tveggja í liðnum mánuði með sólarhrings millibili og það voru meira að segja sömu hljóðfæraleikarar að störfum í nokkrum hlutverkum. Þessi tveir ólíku viðburðir eru síður en svo einsdæmi í okkar tónlistarlífi heldur einungis tvö ágæt dæmi um gerjun tónlistarinnar, sérstaklega þegar hún fetar óskilgreinda braut á milli stíltegunda.

Það eru einmitt þessi óræðu skil sem gera tónlistina svo aðlaðandi. Fyrir einn er kafli úr sinfóníu „skemmtilegt lag“ á meðan öðrum finnst dægurlag með fleiri en tveimur köflum vera „alltof flókið“.

Dilkadráttur í músík er á hröðu undanhaldi. Mörkin eru horfin úr eyrum bæði flytjenda og hlustenda. Lömbin láta ekki flokka sig eftir músíkölsku holdafari lengur heldur jarma hvert innan um annað og gefa hefðbundnum sláturhúsum tónlistariðnaðarins langt nef. Að þessari kjötsúpulíkingu slepptri er það staðreynd að tónlistarlíf okkar Íslendinga er afar jákvætt dæmi um hvernig ólíkar sprænur geta orðið að öflugum straumi.

Sjálfstraust til að ná umtalsverðum árangri í listum er summa margra hluta. Jafnvel hæfileikaríkasti einstaklingur þarf að hafa aðgang að öflugu uppfræðslukerfi á meðan hann þroskast. Sem betur fer hafa tónlistarskólar landsins staðið sig með miklum ágætum og ekki ofsagt að á síðustu 20 árum hafi orðið bylting í menntunarmöguleikum tónlistarfólks, eins og umrædd fjölbreytni ber fagurt vitni.

Það er ákaflega mikilvægt að eftir að uppeldis-, náms- eða þróunarferli tónlistarfólks lýkur sé fyrir hendi öflugt kerfi til eflingar listgreinarinnar. Það er fullkomlega eðlileg krafa að slíkt kerfi, sem gæti birst í sameinaðri tónlistarmiðstöð í nýju tónlistarhúsi – sé þvermúsíkalskt og hafi þau einu viðmið að verið sé að fást við það sem skiptir máli. Sem er hvað? Jú, allt þetta sem lítt gengur að skilgreina með orðum: Heimskammerjazzdægursinfóníurafpoppið!

Fagna tjáningarfrelsi kvenna

TÓNLIST SIGRÚN LÓA SVANSDÓTTIR

Kammertónleikar í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna verða haldnir á sunnudaginn klukkan 17 í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík. Þar munu 11 íslenskar konur flytja 9 tónverk eftir jafnmargar konur, þar á meðal Karólínu Eiríksdóttur, Mist Þorkelsdóttur og Þuríði Jónsdóttur. Tvö verkanna verða flutt í fyrsta sinn á Íslandi.

„Með þessum tónleikum erum við að fagna tjáningarfrelsi kvenna. Það er einmitt svo mikilvægt núna þegar mikið er talað um lýðræðið í þjóðfélaginu, að fagna því að maður geti tjáð sig óhindrað,“ sagði Elín Gunnlaugsdóttir tónskáld, aðstandandi tónleikanna. „Þó að konur á Íslandi hafi getað tjáð sig án hafta í lengri tíma er ekki sama upp á teningnum á mörgum öðrum menningarsvæðum.“

Samkvæmt Elínu hafa nokkrir kvennatónleikar verið haldnir og oft í tengslum við 19. júní, en þær langaði að halda kvennakammertónleika. Hún segir marga tengja tónsmíðar kvenna við söngló, en að þær vilji sýna að konur geti líka samið stærri verk. Höfundar verkanna eru einhver helstu kventónskáld landsins. „Við völdum þessar konur vegna þess að verk þeirra hafa margsinnis verið flutt á tónleikum og þær hafa helgað sig list sinni,“ sagði Elín. „Hljóðfæraleikararnir eru allt úrvalstónlistarfólk og það skiptir miklu máli.“ Elín segir að það megi líta á tónleikana sem hálfgerða tónlistarhátíð, eða tvenna tónleika því þeir standa yfir í góða tvo tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ GVA

En hvernig kviknaði hugmyndin að tónleikunum? „Hugmyndin er nokkuð gömul. Ég var á ferð um Þýskaland fyrir um það bil 15 árum og sá auglýsta kvennatónleika og fannst það athyglisvert. Mig langaði að setja upp sams konar tónleika á Íslandi og hef eiginlega gengið með þetta í maganum síðan. Ég var búin að tala um þessa hugmynd við Eydísi Franzdóttur óbóleikara og loks sóttum við um styrk í Menningarsjóð kvenna, fengum hann og ákváðum að kýla á þetta. Okkur fannst það líka tímabært núna því að Jórunn Viðar varð níræð í desember.“

Aðspurð hvort það væri búið að vinna lengi að verkefninu sagði Elín þetta hafa verið þónokkra vinnu, en að ferlið hafi verið stutt þar sem þær fengu styrkinn ekki fyrr en í lok janúar. Mesta vinnan núna mæðir þó á hljóðfæraleikurunum við æfingar.

Elín telur að staða íslenskra kventónskálda sé nokkurn veginn jafnfætis við stöðu karlmanna í faginu. „En til að sinna list þarf maður að vera tilbúinn að fórna miklum tíma og konur virðast oft gefa sér minni tíma.

Núorðið eru nokkuð margar konur sem eru tónskáld og alltaf fleiri að útskrifast í faginu. Ég var einmitt í gær að kynna mér að um helmingur þeirra sem eru að læra tónsmíði í Listaháskólanum eru konur.“ Þegar Elín var sjálf að byrja að læra fyrir svona 20 árum þá þótti það merkilegt að kona væri að læra. „Þá var um það bil ein kona á ári að læra tónsmíðar og í sumum árgöngum voru engar.“

Hluti af flytjendum var gripinn í pásu við æfingar Sinfóníunnar en mörg þeirra leika með henni.

Möttulssaga kynnt

Af starfsbræðrum sínum hefur Jón Ásgeirsson skáld notið þeirrar gæfu að koma tveimur fullunnum óperum á svið: Þrymskviðu (1974) og Galdra-Lofti (1996). Hann hefur um árabil unnið að frágangi á óperu sem byggir á Möttulssögu. Sagan sú er ein fimm þýðinga sem unnar voru á miðöldum á Íslandi. Texti Möttulssögu er ýmist frumsaminn af Jóni, eða unninn upp úr fornum kvæðum, fornaldasögum Norðurlanda, Möttulssögu, þjóðkvæðum og ljóðum eftir Grím Thomsen og fleiri. Sögusviðið er höll Ólafs Tryggvasonar.

Í tengslum við áttræðisafmæli Jóns hefur íslenskt tónlistarfólk staðið fyrir ýmsum dagskrám. Í dag kl. 15 efnir Söngskólinn í Reykjavík til kynningar á verkinu eins og það er nú statt í vinnslu tónskáldsins. Kynningin fer fram í Snorrabúð, tónleikasal Söngskólans í Reykjavík. Einsöngshlutverkin syngja sautján söngvarar Óperudeildar Söngskólans í Reykjavík og er Garðar Thór Cortes gestasöngvari í hlutverki kolbítsins Gunnars steinhöggvanda og Óperukórinn í Reykjavík er í kórhlutverkinu.

Aðgangur er ókeypis .

Jón Ásgeirsson er að ljúka við sína þriðju óperu sem verður kynnt í dag kl. 15 í sal Söngskólans við Snorrabraut.



Galleri BORG

Skipholti 35
105 Reykjavík. sími 511 7010
Gsm: 847-1600
petur@galleriborg.is

LISTMUNAUPPBOÐ Í GALLERÍ BORG
SUNNUDAGINN 15. MARS KL. 20:00

Erum að taka á móti verkum. Ókeypis verðmat-Lægri sölulaun
Opið í dag, laugardag og á morgun, sunnudag frá kl. 13 til 16

Tökum einnig við listmunum, skartgripum, antikmunum og fl.
Vinsamlegast hafið samband við Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600

Galleri BORG

Skipholti 35
105 Reykjavík. sími 511 7010
Gsm: 847-1600
petur@galleriborg.is

maður lifandi

LÍFRÆNT OG BÆTANDI • LÍFRÆNT OG BÆTANDI • LÍFRÆNT OG BÆTANDI • LÍFRÆNT OG BÆTANDI •

LÍFRÆNT & BÆTANDI

LÍFRÆN OG BÆTANDI

LAGERÚTSALA

MATVARA
VÍTAMÍN
SNYRTIVÖRUR
KÓKOSOLÍA
HNETUSMJÖR
HREINLÆTISVÖRUR
BOSSAÞURRKUR
BÖKUNARVÖRUR
SÆLGÆTI
PRÓTEIN
SOKKABUXUR
SÓSUR
KAFFI
TE
ÞURRMJÓLK
OG MARGT FLEIRA

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

TVEIR FYRIR EINN

ÓDÝRT OG HOLLT



SMIÐJUVEGUR 16
græn gata

OPIÐ LAUGARDAG 7/3 10-17
SUNNUDAG 8/3 12-16

maður lifandi

Ekta fiskur
466 1016
www.ektafiskur.is
FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - FISKVINNSLA FRÁ ÁRINU 1940

NÝ SENDING
Vor línan streymir inn.
Sængurgjafir í miklu úrvali.
IANA
Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið í dag 10-17.

ALLT UM FERMINGUNA
SÉRBLAÐ MEÐ FRÉTTABLAÐINU ÞRIÐJUDAGINN 10. MARS
AUGLÝSENDUR TRYGGIÐ YKKUR PLÁSS
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:
BENEDIKT
5125411 / BENEDIKTJ@365.IS
BJARNI
512-5479 / BJARNITHOR@365.IS
HLYNUR
512-5439 / HLYNURS@365.IS
SIGRÍÐUR DAGNÝ
512-5462 / SIGRIDURDAGNY@365.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

Síðueldar í kvikmynd

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í smærri söfnum víða um land og ör þróun á sér stað í vinnslu myndræns efnis í ranni safna víða innlendum og erlendum mönnum til skemmtunar og fræðslu. Í sumar geta gestir á Klaustri séð Skaftárelda í kvikmynd.

KVIKMYNDIR PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Í vikunni var frumsýnd ný íslensk kvikmynd – stórslysamynd væri hægt að kalla hana. Þótt myndin taki aðeins fimmtán mínútur þá fjallar hún um löngu liðna tíð en jafnframt hroðalegustu óáran sem fallið hefur yfir landið – móðuharðindin – sem voru ekki af mannavöldum.

Myndin er gerð af margmiðlunarfyrirtækinu Gagarín fyrir Skaftárelda ehf. en forgöngumaður þess félagsskapar er Jón Helgason, fyrum ráðherra og bóndi á Seglbúðum. Myndin var frumsýnd í Öskju, Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands.

Skaftáreldar eru mestu náttúruhamfarir sem dunið hafa á Íslendingum frá upphafi landnámsbyggðar og hafa engar náttúruhamfarir verið jafn áhrifamiklar í sögu liðinna alda, ekki aðeins fyrir Íslendinga heldur íbúa landa víðar á jarðarkringlunni. Um fimmtungur landsmanna lést og urðu áhrif umbrotanna mjög mikil með öskufalli og gróðureitrun bæði í Evrópu og víðar sem leiddi til uppskerubrests og hungursneyðar sem leiddi aftur til þjóðfélagsóróa víða. Alls er talið að um ein milljón manna hafi látist af völdum þeirra í heiminum. Þannig eru leiddar sterkar líkur á að harðæri í Frakklandi í kjölfar Skaftárelda hafi hrint af stað frönsku stjórnarbyltingunni og um leið leyst úr læðingi þjóðfélagsbreytingar í Evrópu sem hrundu aðals- og einveldisstjórnum víða um álfuna.

Fimmtungur þjóðarinnar fórst í kjölfar eldanna og réði þar mestu lofteitrun, enda tíminn kenndur við móðuna, sem lagðist yfir allt. Helmingur af búfénaði féll.

Umbrotin stóðu árin 1783-1784 og var þá eldur í Lakagígum og Grímsvötnum og gáfu eldsumbrotin frá sér 14 rúmkílómetra af basaltkviku og eitraða gufustróka sem drápu yfir helming búsmala landsmanna. Eldgosið hófst 8. júní 1783 þegar 130 gígaröð opnaðist. Lauk eldsumbrotum hinn 8. febrúar árið eftir.

Talið er að 120 milljón tonn af sulfur dioxide hafi farið í loftið sem gerbreytti lofti yfir löndunum. Háþrýstisvæði yfir landinu veitti eiturstróknum til Evrópu. Sumarið 1783 var það heitasta í manna minnum. Eiturskýið fór hratt yfir. Þess varð fyrst vart í Bergen, menn greindu það í Prag 17 júní, í Berlín deginum eftir, í París hinn 20. og í Lundúnum hinn 23. Svo þykk var þokan að bátar voru í höfn og sólinni lýstu samtímamenn sem blóðlitaðri. Talið er að dauðsföll vegna eitrunar í Bretlandi hafi skipt tugum þúsunda. Veturinn varð óvenjuharður með löngum samfelldum frosthörkum. Næstu ár voru harðindatími um alla álfuna með afbrigðafullu veðri, bæði vetur og sumur.

Vestur í Ameríku var veturinn 1874 óvenju harður: hefur kuldi ekki mælst jafn mikill. Svo harður að Mississippifljót fraus við ósa sína í New Orleans og Mexíkó-flóa lagði. Talið er að monsún-kerfi Afríku hafi riðlast og hungursneyð í Japan megi rekja til Skaftárelda. Umbrotin er jarðfræðilegt undur og heimildir sr. Jóns Steingrímssonar eldklerks um gosið í ævisögu hans og skýrslum um umbrotin alveg einstakar. Það var einn

karlmenn og krabbamein

LAUGARDAGUR 7. MARS 2009

Karlmennogkrabbamein.is

ÁVARP HEILBRIGÐISRÁÐHERRA:

Heilbrigðir lífshættir hafa jákvæð áhrif

Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikið hefur áunnist í krabbameinsvörnum á þeim tæpu 60 árum sem Krabbameinsfélag Íslands hefur verið starfrækt. Ljóst er að félagið hefur lagt lóð sitt á vogarskálarnar með ötulli vinnu að forvörnum, rannsóknum og greiningu krabbameina til að ná þeim árangri sem við búum við í dag.

Krabbameinsfélagið hefur beitt sér fyrir fjölda átaksverkefna og af umfjöllun mætti draga þá ályktun að krabbamein væri algengara hjá íslenskum konum en körlum. Þessu er öfugt farið. Karlmenn greinast oftar með krabbamein en konur en það hafa ekki verið til hentugar skimunaraðferðir og því ekki verið hægt að bjóða upp á hópleit hjá körlum. Forvarnarstarfið hefur því í meira mæli beinst að konum þar til nýlega að breyting hefur orðið þar á.

FORVARNIR

Sem heilbrigðisráðherra fagna ég átaki Krabbameinsfélagsins, enda brýnt að vekja karla til umhugsunar um hvernig þeir geta sjálfir minnkað hættuna á að fá krabbamein.

Horfur þeirra sem greinast með krabbamein hér á landi eru almennt góðar og er heilbrigðisþjónusta okkar vel í stakk búin til að takast á við þennan sjúkdóm. Þrátt fyrir þetta skiptir miklu að reyna að koma í veg fyrir krabbamein með ýmiss konar forvörnum. Sýnt hefur verið fram á að heilsusamlegur lífsstíll, góð heilsa og hollt mataræði hafa mikið forvarnargildi en aðrir þættir spila einnig inn í, s.s. erfðir og umhverfisáhrif.

Að auki er oft talað um krabbamein sem sjúkdóm efri áranna. Íslendingar verða allra þjóða elstir og því eðlilegt að krabbamein sé algengt dánarmein hér en krabbameinsvarnir geta komið í veg fyrir ótímabæran dauða af völdum krabbameina.

Rannsóknir sýna að auk reykinga, sem við vitum að auka hve mest líkur á krabbameinum, þá á óhollusta í mat, ofþyngd og hreyfingarleysi að einhverju leyti þátt í um 30 prósent allra tilfella krabbameina í vestrænum ríkjum heims. Mikilvægi þess að reykja ekki, borða hollan mat, halda réttri líkamsþyngd og hreyfa sig verður seint brýnt um of fyrir fólki.

HEILBRIGÐIR LÍFSHÆTTIR

Heilbrigður lífsstíll, næg hreyfing og jafnvægi og hóf í matarvenjum er lykillinn að bættri heilsu og vellíðan og fyrirbyggjandi gagnvart sjúkdómum hvort sem um ræðir krabbamein, hjarta- og æðasjúkdóma eða áunna sykursýki svo fátt eitt sé nefnt.

Kæru landsmenn. Ég hvet ykkur til að styðja við átakið sem nú er í gangi og hugleiða hvernig þið getið sjálf nýtt ykkur það, eða stutt þá sem í kringum ykkur eru til að nýta sér þá vitneskju og úrræði sem við í dag búum yfir.

Ögmundur Jónasson

Staða hópleitar að krabbameini

Engin skipulögð allsherjarhópleit hefur verið á Íslandi að krabbameini hjá körlum en lengi hefur verið leitað að krabbameini í leghálsi og brjóstum kvenna.

Undirbúningur að leit að ristilkrabbameini, bæði hjá körlum og konum, hefur staðið yfir í nokkur ár hérlendis, þar sem meðal annars hefur verið lagt mat á gildi slíkrar hópleitar, en engar ákvarðanir liggja þó fyrir um hvort eða hvenær af þeim geti orðið.

JÁKVÆTT GILDI HÓPLEITAR VEGNA RISTILKRABBAMEINS

Tíðni ristilkrabbameins fer vaxandi og margar rannsóknir sýna fram á jákvætt gildi skipulegrar hópleitar og hafa ýmsir sérfræðingar og áhugamenn sem starfa á þessu sviði leitað til Krabbameinsfélags Íslands með samstarf í huga.

Hópleit kostar hins vegar talsverða fjármuni og er óljóst í augnablikinu hvort vilji er fyrir því af hálfu stjórnvalda að fara af stað með slíka starfsemi við þær erfiðu fjárhagslegu aðstæður sem við búum nú við.

Við hópleit að krabbameini í ristli væri leitað að blóði í hægðum og þeir sem greindust með blóð í hægðum færu síðan í ristilspeglun, til frekari greiningar og meðferðar.

ALLSHERJARHÓPLEIT EKKI RAUNHÆF ENN SEM KOMIÐ ER

Tvær aðrar tegundir krabbameina eru gjarnan einnig nefndar þegar hópleitir berast í tal. Annars vegar krabbamein í blöðruhálskirtli og hins vegar í lungum. Rannsóknir eru þó enn of misvísandi um gildi slíkra hópleita og því er erfitt að mæla með skipulegri hópleit á þessu stigi.

„Margar rannsóknir sýna fram á jákvætt gildi hópleita og hafa ýmsir sérfræðingar og áhugamenn sem starfa á þessu sviði leitað til Krabbameinsfélags Íslands með samstarf í huga," segir Sigríður Snæbjörnsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Íslands. MYND/ELLERT

Hvað framtíðin ber í skauti sér skal ósagt látið. Sífellt verður til ný þekking sem getur breytt áherslum í meðferð og greiningu krabbameina, eins og annarra sjúkdóma.

Sigríður Snæbjörnsdóttir
formaður Krabbameinsfélags Íslands

Algeng krabbamein

Árlega greinast 655 karlmenn með krabbamein á Íslandi. Flestir með krabbamein í blöðruhálskirtli, eða 197, þvínæst 66 með lungnakrabbamein, 54 með ristilkrabbamein, 49 með krabbamein í þvagvegum og blöðru, og 22 með magakrabbamein. Að sögn Höllu Skúladóttur, yfirlæknis í lyflækningum krabbameina á Landspítalanum, eiga þessar tegundir krabbameins flestar sameiginlegt að þær má greina tímanlega og fyrirbyggja að miklu leyti með réttum aðferðum.

„Íslendingar hafa tileinkað sér vestræna lífshætti sem hvetja til kyrrsetu og neyslu á óhollustu, sem stuðlar að þyngdaraukningu og offitu. Ekki nóg með að það auki líkur á krabbameini og dragi úr batahorfum þeirra sem greinast, heldur aukast líkur á æða- og hjartasjúkdómum." Halla segir að því verði karlar að halda sér í kjörþyngd með því að hreyfa sig og huga að mataræðinu. „Rannsóknir sýna að með daglegri neyslu um 500 gramma af ávöxtum og grænmetis má jafnvel helminga líkur á að krabbamein myndist." Hún minnist á reykingar í því samhengi. „Íslenskir karlmenn hafa verið duglegir að hætta, nú reykja um 18 prósent fullorðinna karla, en þegar mest lét reyktu yfir 50 prósent að staðaldri. Ég er oft spurð að því hvort sé ekki of seint að hætta ef maður hefur reykt fram að sextugu. Það er öðru nær, líkur á lungnakrabbameini nærri helmingast þó að hætt sé svo seint, ef hætt er fyrir þrítugt eru líkur á að fá lungnakrabbamein hverfandi.

Því miður láta karla heilsutengd málefni sitja á hakanum. En karlar þurfa að læra að bregðast við einkennum sínum, það getur skipt sköpum." *- rve*

Halla segir reglulega læknisskoðun mikilvæga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útgefandi: Krabbameinsfélag Íslands **Heimilisfang:** Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík **Vefsíður:** www.krabb.is og www.karlmennogkrabbamein.is **Netfang:** krabb@krabb.is **Ritstjóri:** Gústaf Gústafsson **Ábyrgðarmaður:** Guðrún Agnarsdóttir **Forsíða:** ÞÖK **Auglýsingar:** Fréttablaðið/Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5339

Flautað til leiks!

Krabbameinsfélag Íslands stendur nú í annað sinn fyrir átakinu Karlmenn og krabbamein og er athyglinni að þessu sinni beint að fyrirbyggjandi þáttum tengdum lífsstíl, heilsu og mataræði en rannsóknir sýna að hægt er að koma í veg fyrir þriðja hvert krabbameinstilfelli með heilbrigðu líferni.

Hættan á krabbameini eykst eftir fertugt hjá körlum og því fór vel á því að gamlar landsliðskempur í knattspyrnu skyldu hefja átakið formlega 1. mars síðastliðinn með því að skora á ungu mennina í A- og B-liði karlalandsliðsins í innanhússfótbolta.

„Við vildum leggja okkar af mörkum við að vekja athygli á þessum góða málstað," segir Pétur Ormslev, fyrrverandi landsliðsmaður, sem dæmdi leikinn en hann hefur sjálfur háð baráttu við krabbamein. „Hreyfing og hollt mataræði getur skipt sköpum, ekki bara hvað krabbamein varðar heldur einnig almenna heilsu og vellíðan, og því vildum við nota þetta tækifæri til að sýna ungu mönnunum hvað við gömlu karlarnir gætum!"

Það vantaði ekki tilþrifin í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda en leikar fóru þannig að ungu mennirnir höfðu sigur með þrem mörkum gegn einu, þó svo að gömlu kempurnar legðu allt í leikinn og spiluðu berir að ofan með þrílitt herrabindi átaksins!

Hér eru samankomin liðin sem spiluðu í Vodafone-höllinni. MYND/ÞÖK

Krabbameinsfélagið færir Pétri Ormslev og leikmönnum beggja liða bestu þakkir fyrir aðstoðina en liðin skipuðu:

40+
Bjarni Sigurðsson
Ólafur Jóhannesson
Arnór Guðjohnsen
Ólafur Þórðarson
Þorgrímur Þráinsson
Arnar Gunnlaugsson
Rúnar Kristinsson
Pétur Pétursson
Dómari: Pétur Ormslev

A+B landslið
Daði Lárusson
Davíð Þór Viðarsson
Bjarni Ólafur Eiríksson
Gunnar Már Guðmundsson
Heiðar Geir Júlíusson
Arnór Sveinn Aðalsteinsson
Haukur Ingi Guðnason
Tryggvi Guðmundsson
Hjálmar Þórarinsson
Guðmundur Kristjánsson
Helgi Sigurðsson
Þórður Ingason

Hollustuveisla!

Heilbrigður lífsstíll og hollt mataræði er grundvöllur góðrar heilsu og hreysti.

Í bókunum *Eldað í dagsins önn*, *Af bestu lyst 1* og *Af bestu lyst 3* má finna mikinn fjölda uppskrifta að hollum og ljúffengum réttum fyrir fjölskylduna.



FJÖLBREYTTUR, EINFALDUR OG ÓDÝR HEIMILISMATUR VIÐ ALLRA HÆFI.

Uppskriftirnar eru samdar samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar og allar bækurnar geyma ítarlegar upplýsingar um næringargildi og hitaeiningar í hverjum rétti.

Ómissandi bækur fyrir alla sem vilja gera vel við sig og sína og bera á borð hollan og gómsætan mat.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

JPV ÚTGÁFA / MÁL OG MENNING / IÐUNN / VAKA-HELGAFELL

Páll Gíslason ásamt konu sinni, Arnfríði Gísladóttur, að loknu vel lukkuðu Reykjavíkurmaraþoni. MYND/ÚR EINKASAFNI

Hélt upp á fimm ár án krabba með maraþoni

Páll Gíslason verkfræðingur greindist með illkynja nýrnakrabbamein árið 2002. Hann gekkst undir skurðaðgerð þar sem annað nýrað var fjarlægt og dvaldi í tíu daga á spítala. „Ég gaf mér það strax og ég var kominn heim að sennilega yrði stór hluti af því að ná fyrri þrótti að fara að hreyfa sig," segir Páll sem byrjaði að ganga strax og hann gat. „Í fyrstu voru það aðeins nokkur hundruð metrar en brátt var ég farinn að ganga í kringum Seltjarnarnesið, þar sem ég á heima, á hverjum degi," segir Páll sem fór á rjúpnaveiðar aðeins nokkrum vikum eftir að hann var skorinn. „Svo fór ég á skíði aðeins þremur mánuðum eftir greininguna við litla hrifningu læknisins," segir hann glettinn.

Páll hafði stundum verið að gutla við að hlaupa áður en hann greindist og hljóp fyrsta sumarið eftir uppskurðinn tíu kílómetra. „Það var þó ekki fyrr en fjórum árum síðar sem vinkona mín sló því fram í hálfkæringi hvort við ættum ekki að hlaupa saman í maraþoninu í New York," segir Páll sem þá ákvað að halda upp á að fimm ár væru liðin frá greiningu með því að hlaupa maraþon bæði í New York og Kaupmannahöfn. En oft er miðað við að fólk teljist úr áhættu eftir fimm ár.

Páll hefur ekki slegið slöku við; á síðasta ári hljóp hann fimm erfið hlaup og í ár verða þau tvö eða þrjú, en meðal annars er stefnan sett á Laugaveginn í júní.

En hefur hann breytt einhverju öðru í lífi sínu? „Ja, ég hugsa aðeins meira um hvað ég læt ofan í mig. Svo tek ég ekki lyf nema tilneyddur eftir þetta."

Páll fer í reglulegt eftirlit en svo virðist sem læknarnir hafi náð öllu krabbameininu í fyrstu atrennu. „Þegar maður fær krabbamein er best að það greinist snemma og að hægt sé að skera það allt í burtu. Það var mitt lán að hægt var að taka nýrað og krabbameinið í heilu lagi," segir hann og áréttir að fjölskyldan sé ótrúlega mikilvæg þegar farið sé í gegnum slíka reynslu. „Ég hefði ekki komist í gegnum þetta nema með hjálp hennar." - sg

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Haukur Bergsteinsson sprettur úr spori.

Metur betur útiveru

Haukur Bergsteinsson greindist með blöðruhálskirtilskrabbamein árið 2005. Hann var þá nýlega byrjaður að skokka, 69 ára gamall. „Ég tók þátt í sex vikna skokknámskeiði í vinnunni og hefði líklega gefið skokkið upp á bátinn ef ég hefði ekki greinst," segir Haukur sem ákvað að halda áfram að hreyfa sig þrátt fyrir veikindin og geislameðferð. „Maður fór að meta það betur að geta verið úti að hlaupa og naut þess betur," segir Haukur.

Haukur byrjaði að stunda sjósund síðastliðið sumar og hefur í vetur farið tvisvar í viku í sjóinn. „Nú er opið þrisvar í viku og þá fer ég líka þrisvar," segir hann glaðlega og stefnir á að þreyja Viðeyjarsund í sumar.

Haukur breytti einnig mataræði sínu eftir að hann greindist. „Ég finn að ég er léttari á mér ef ég borða meira grænmeti. Ég er ekki hættur að borða kjöt en hef minnkað það mikið," segir Haukur sem fór á Hvannadalshnúk þegar hann var sjötugur og árið eftir á Heklu. „Síðasta sumar ætlaði ég á Fimmvörðuháls en það datt upp fyrir, en ég stefni ótrauður á það í sumar," segir Haukur sem tók blóðþrýstingslyf í mörg ár áður en hann greindist en gat hætt á þeim eftir að hann byrjaði að skokka. - sg

Ekki alltaf dauðadómur

Rannsóknir sýna að koma má í veg fyrir þriðjung allra krabbameina með hollum lífsháttum.

Guðrún Agnarsdóttir er forstjóri Krabbameinsfélags Íslands. Hún segir batahorfur krabbameinssjúkra hafa stórbatnað á liðnum áratugum. Hér er hún með bindi átaksins, sem sýnir einkennisliti þriggja algengustu krabbameina í körlum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Krabbamein er ógnvekjandi orð í eyrum margra og enn loðir við sjúkdómsgreininguna ótti við dauðadóm, en batahorfur hafa gjörbreyst til hins betra á undanförnum áratugum varðandi margar tegundir krabbameina. Alltaf skiptir samt mestu að greina meinið nógu snemma," segir Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, sem útskrifaðist úr læknadeild Háskóla Íslands vorið 1968.

„Þá var hvítblæði í börnum nær undantekningarlaust dauðadómur, en nú læknast langflest þeirra og verða albata. Miklar framfarir hafa orðið bæði í greiningu og meðferð krabbameina; þó er það mismunandi eftir tegundum sjúkdóma."

Guðrún segir batahorfur lungnakrabbameins einna verstar, en sú tegund er ein þriggja algengustu krabbameina sem greinast hjá íslenskum körlum. Hin eru blöðruhálskirtiskrabbamein, sem er algengast, og krabbamein í ristli.

„Þetta er í annað sinn sem við erum með átak vegna karla og krabbameins, en í fyrra var áherslan á að þekkja einkenni sjúkdómsins. Það átak mældist með mestu áhrifavirkni svipaðra átaka í Evrópu sem sýndi sig í aukinni aðsókn karla til þvagfæralækna og í Ráðgjafarþjónustu okkar. Nú viljum við vekja karla til umhugsunar um hvernig koma má í veg fyrir eitt af hverjum þremur krabbameinum með því að bæta eða temja sér góðan lífsstíl, hollt mataræði og reglubundna hreyfingu."

Að sögn Guðrúnar er körlum enn ekki boðið upp á reglulega hópleit að blöðruhálskirtilskrabbameini, líkt og lengi hefur verið gert vegna krabbameins í brjóstum og leghálsi kvenna. „Enn eru ekki til nógu áreiðanlegar aðferðir til að leita að því krabbameini, en hægt væri að bjóða bæði körlum og konum í ákveðnum aldurshópum upp á hópleit að ristilkrabbameini og slík skoðun getur skipt miklu til að lækka bæði sjúkdóms- og dánartíðni. Við vonumst til að heilbrigðisyfirvöld setji slíka hópleit á laggirnar sem fyrst og viljum gjarnan taka þátt í henni," segir Guðrún. „En karlar þurfa að vera vakandi, þekkja einkenni krabbameina almennt og leita til lækna ef ástæða er til," bætir hún við.

Samkvæmt Krabbameinsskrá er einn af hverjum þremur Íslendinga líklegur til að greinast með krabbamein á lífsleiðinni.

„Tíðni krabbameina er að aukast hjá báðum kynjum og áframhaldandi aukningu er spáð. Meginástæðan er sú að ævilengd okkar eykst, en krabbamein er fyrst og fremst sjúkdómur efri áranna," segir Guðrún. Hún bætir við að krabbamein sé að einhverju leyti lífsstílssjúkdómur.

„Um miðja síðustu öld var magakrabbamein mjög algengt á Íslandi, en eftir að þjóðin eignaðist ísskápa og hóf neyslu ferskari fæðu í stað reykts og saltaðs matar, hrapaði tíðni þess. Og bara sú eina aðgerð að allir myndu hætta að reykja og enginn byrja, mundi valda straumhvörfum í heilsufari þjóðarinnar. Reykingar eru lífsstíll, en sama á við um áfengi, sólböð, mataræði og hreyfingu. Þannig er það ýmislegt sem við getum gert þótt enginn sé óhultur, en líkur á langlífi og hreysti aukast til muna með góðum lífsstíl." - þlg

Næsthæst tíðni meðal Íslendinga

„Við höfum ályktað svo að hérlendis ætti að bjóða upp á hópleit að krabbameini í blöðruhálskirtli, en læknum á Norðurlöndum þykir það ekki ráðlagt þar sem aðferðin er ekki nógu áreiðanleg. Bandarísku læknasamtökin hafa í langan tíma ráðlagt skimun fyrir PSA í blóði, sem blöðruhálskirtill gefur frá sér ef krabbamein er komið í hann, og hefur tíðni nýgengis vestra lækkað mikið á liðnum árum," segir Oddur Benediktsson, prófessor í tölvunarfræði og formaður Krabbameinsfélagsins Framfarar, sem stofnað var 2007 (sjá www.framfor.is).

Um mitt ár gefur Framför, í félagi við JPV, út bókina Cooking with foods that fight cancer, þar sem farið er vel í nýjustu athuganir á fæði sem heftir tilurð og viðgang krabbameins.

„Eftir að ég greindist sjálfur með sjúkdóminn fór ég að athuga hvað skrifað hefði verið um orsakir hans. Fljótlega kom í ljós að hæsta tíðni á heimsvísu er á Norðurlöndunum; þar sem Íslendingar eru næstefstir í röðinni á eftir Norðmönnum. Við höfum leitað svara við ástæðum þessa, en engin svör fást, utan hvað mjólkurneysla ásamt fituneyslu er há í þessum löndum, samanborið við Miðjarðarhafsþjóðir sem hafa helmingi lægri tíðni, en þar er mataræði og lífsmáti allt annar. Í Kína er tíðnin afar lítil, enda mjólkurneysla nær engin, og meira framboð fæðutegunda sem hefta tilurð og viðgang hormónabundinna kirtlakrabbameina, eins og blöðruhálskirtils- og brjóstakrabbameina." - þlg

Prófessor Oddur Benediktsson stofnaði Krabbameinsfélagið Framför í félagi við aðra sem greinst höfðu með sjúkdóminn veturinn 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gunnjóna Una Guðmundsdóttir er félagsráðgjafi hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og aðstoðar fólk sem hefur verið greint með krabbamein, aðstandendur og vini. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gefur góða raun

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins býður upp á fjölþætta þjónustu fyrir krabbameinssjúka og aðstandendur þeirra.

Mörgum þeim sem veikjast af krabbameini kemur á óvart að hve mörgu er að huga. „Þetta er ekki einfalt ferli og oft fallast fólki hendur andspænis vandanum," segir Gunnjóna Una Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Hún er önnur tveggja starfsmanna Ráðgjafarþjónustunnar sem er þriggja ára tilraunaverkefni og hefur nú starfað í eitt og hálft ár og gefið góða raun. Auk þess eru sálfræðingur og iðjuþjálfi sem taka að sér verkefni fyrir Ráðgjafarþjónustuna.

„Við erum upplýsingamiðstöð og beinum fólki í farvegi þannig að það fái einhver bjargráð og líði betur," segir Gunnjóna Una og heldur áfram: „Þegar fólk veikist finnur það oft til einsemdar því fólk þarf að tjá tilfinningar sínar og það eru ekki allir sem vilja leggja það á fjölskylduna að ræða þessi mál sífellt. Fólk lætur sig því oft hafa það og hummar vanlíðanina fram af sér. Svo versnar ástandið og kvíðinn eykst enda óvissa með framtíðina og fjármálin," segir Gunnjóna Una sem gerir mikið af því að hitta fólk og hjálpa því gegnum kerfið. Til dæmis hjálpar hún fólki að sækja um ýmislegt hjá Tryggingastofnun, hún hringir í sjúkrasjóði og stéttarfélög og aðstoðar þá sem þurfa við að sækja um örorkumat.

ÞJÓNUSTA SEM BOÐIÐ ER UPP Á

Viðtöl við fagfólk.
Þjónusta í gegnum síma og tölvupóst.
Könnun á áunnum réttindum.
Stuðningur og fræðsla.
Stuðningshópar.
Námskeið, fræðsla og fyrirlestrar.
Heimilislegt húsnæði, sérhæft bókasafn, aðgengi að tölvum, prenturum og hressingu.

Um 1.250 manns að meðaltali greinast með krabbamein á ári og um helmingur heldur áfram í lyfja- og geislameðferð. Þó eru ekki allir sem nýta sér Ráðgjafarþjónustuna. „Það er oft erfitt að stíga fyrsta skrefið, að hringja eða koma, en hins vegar hefur orðið mikil aukning í aðsókn á þeim tíma sem stöðin hefur starfað og greinilega mikil þörf fyrir hana," segir Gunnjóna Una og tekur fram að alger trúnaður ríki milli þeirra sem sæki þjónustuna og starfsmanna. Þá er þjónustan öll ókeypis.

Sem dæmi um það sem boðið er upp á má nefna námskeið í hugrænni atferlismeðferð, sjálfstyrkingarnámskeið, djúpslökun og námskeið fyrir börn og unglinga sem eru aðstandendur krabbameinssjúklinga. Auk þess eru starfandi ýmsir stuðningshópar þar sem fólk getur talað við aðra í sömu sporum og það sjálft. Þá er einnig hópur ekkla og ekkna sem hittist einu sinni í mánuði til að ræða málin sín á milli.

Þeir sem vilja hafa samband við Ráðgjafarþjónustuna geta hringt í síma 800 4040 eða sent tölvupóst á 8004040@krabb.is

- sg

● GÓÐ RÁÐ ERU EKKI ALLTAF DÝR

Hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins er hægt að leita svara við spurningum af ýmsu tagi um krabbamein – bæði að kostnaðarlausu og nafnlaust. Hægt er að heimsækja Ráðgjafarþjónustuna í Skógarhlíð 8, hringja eða senda tölvupóst eftir hentisemi hvers og eins. Gjaldlaus símaráðgjöf er í síma 800 4040 og netfang þjónustunnar er 8004040@krabb.is

MYND/ÞÖK

Áhugasamir drengir spjalla við Steinar á opnun átaksins Karlmenn og krabbamein í Vodafone-höllinni síðastliðinn sunnudag.

Bragðgóður stuðningur í baráttunni gegn krabbameini

Íslenskt grænmeti er dyggur stuðningsaðili átaksins Karlmenn og krabbamein.

islenskt.is

ÍSLENSKA/SÍA.IS/SFG 45376 03/09

SOLARAY - HEIMSÞEKKT VÍTAMÍN & BÆTIEFNI!

Vegna einstakra gæða nýtur SOLARAY sívaxandi virðingar og trausts um allan heim

Útsölustaðir: *Heilsuhúsið, Maður lifandi, Yggdrasill, Fjarðakaup, Lífsins lind í Hagkaup, Hagkaup Smáralind, Lyfja, Lyfjaval, Krónan og Blómaval.*

heilsa
-hafðu það gott

Guðjón Þór Mathiesen, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Pennans, með slaufuna góðu sem Penninn selur nú öðru sinni fyrir Krabbameinsfélag Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilja sýna samhug í verki

„Krabbamein er skelfilegur sjúkdómur, sama í hvaða mynd hann birtist, og hefur mikil áhrif á fjölskylduna og raunar alla, burtséð frá því hvar þeir eru staddir í þjóðfélagsstiganum, því hann snertir flesta með einum eða öðrum hætti. Því viljum við láta gott af okkur leiða og taka samfélagslega ábyrgð með því að leggja góðu málefni lið," segir Guðjón Þór Mathiesen, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Pennans, sem annast nú í annað sinn sölu á slaufum fyrir Krabbameinsfélag Íslands til fyrirtækja í landinu.

„Þetta er í annað sinn sem við nýtum söluteymi okkar í að bjóða slaufur Krabbameinsfélagsins til sölu en allur ágóði rennur beint til félagsins. Við seldum bleiku slaufuna í október sem mæltist mjög vel fyrir og gekk einstaklega vel, en fólk kann virkilega að meta þetta framtak þar sem við gefum alla okkar vinnu."

Að sögn Guðjóns gengur salan þannig fyrir sig að fyrirtækjaþjónustan heimsækir fyrirtæki og býður slaufuna til sölu, en einnig má hringja í pöntunarnúmer fyrirtækjaþjónustunnar 540 2050 og fá hana senda.

„Viðtökurnar hafa verið góðar, enda álslaufan virkilega stássleg og flott. Því geta karlar jafnt sem konur borið hana með stolti og þannig sýnt samhug í verki." -þlg

Aldrei selt tóbak

Bónus er einn af stuðningsaðilum átaksins Karlmenn og krabbamein en í verslunum Bónus má kaupa miða til styrktar átakinu. Þá hefur Bónus einnig þá sérstöðu að hafa aldrei selt tóbak í verslunum sínum.

„Það voru stofnendur fyrirtækisins þeir Jóhannes og Jón Ásgeir sem tóku þessa ákvörðun," segir Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, og telur að þar hafi hollustu- og heilsufarssjónarmið ráðið miklu.

„Þetta var eitthvað sem Jóhannes var alveg harður á og vildi ekki sjá inni í Bónus," segir Guðmundur og bætir við að Bónus sé eini matvörumarkaðurinn sem ekki selji tóbak. En hvað segja viðskiptavinirnir við því? „Ég held að þeir séu almennt ánægðir með þetta framtak enda deyja margir af völdum reykinga á hverju ári," segir Guðmundur.

Hann segir einnig frá því að Bónus hafi haft í hyggju að selja nikótíntyggjó á tímabili þar sem talið var að hægt væri að selja það á lægra verði. „En við komumst að því að við þyrftum lyfjaleyfi til að flytja það inn," segir Guðmundur og telur ákaflega litlar líkur á að sígarettur verði til sölu í verslunum Bónus í framtíðinni. - sg

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, telur engar líkur á því að tóbak verði selt í verslunum fyrirtækisins í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



● VISSIR ÞÚ AÐ:

- Um 700 krabbamein greinast árlega hjá íslenskum körlum.
- Lungnakrabbamein er það krabbamein sem dregur flesta íslenska karla til dauða.
- Eistnakrabbamein er algengasta krabbameinið hjá ungum körlum.
- Árlega greinast sex karlar á aldrinum 15 til 39 ára með eistnakrabbamein.
- Einn af hverjum níu körlum á Íslandi fær krabbamein í blöðruhálskirtil.
- Talsverð aukning hefur orðið á ristilkrabbameini hjá íslenskum körlum undanfarna áratugi.

Bindin styrkja starfið

Ýmsir aðilar hafa lagt átaksverkefninu Karlmenn og krabbamein lið. Þar á meðal verslanakeðjan Herragarðurinn sem selur sérstök þrílit bindi til styrktar málefninu.

Dagur Ingason, verslunarstjóri Herragarðsins í Smáralind, ásamt starfsmanni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er alveg frábært málefni og við hikuðum því ekki við að leggja okkar af mörkum og með okkar hætti þegar haft var samband," segir Hákon Hákonarson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Fata og skóa, sem selur sérstök þrílit bindi frá Krabbameinsfélagi Íslands í verslunum sínum, Herragarðinum, Boss og Herralagernum. Bindin eru einkennandi fyrir átaksverkefnið Karlmenn og krabbamein sem er í gangi um þessar mundir en allur ágóði af sölu þeirra rennur óskiptur til verkefnisins.

„Hugsanlega velta einhverjir vöngum yfir því hvaða erindi þetta átak eigi við okkur," segir Hákon. „En auðvitað liggur beint við að bindin séu seld í okkar verslunum; bæði vegna þess að þær eru með þekktustu og útbreiddustu herrafataverslunum um land allt og svo er stór hluti kúnnahópsins, sem er frá tvítugu og upp í nírætt, miðaldra karlar," bendir hann á og bætir við: „Karlar á miðjum aldri og eldri eru í stórum áhættuhópi."

Sjálfur segist Hákon huga vel að heilsunni með reglulegri hreyfingu og hollu mataræði. Hins vegar hafi hann ekki verið alveg nógu duglegur að fara í læknisskoðun en þetta átak Krabbameinsfélags Íslands hafi svo sannarlega hreyft við honum og vakið til umhugsunar um gildi þess að fara reglulega til læknis.

Bindin fara vel með ýmsum litum, svo sem bláu, hvítu og bleiku.

„Það segir sig sjálft að þetta hefur allt áhrif og það á auðvitað við um ansi marga sjúkdóma, ekki bara krabbamein. Mikilvægt er að vera með heilsuna í lagi, hreyfa sig, borða þokkalega hollt og gæta hófs á sem flestum sviðum."

Hvað bindunum viðvíkur bendir Hákon á að þau fari vel með ýmsum jakkafötum og skyrtum, eins og meðfylgjandi myndir sýna þar sem starfsmenn Herragarðsins í Smáralind víluðu ekki fyrir sér að stilla sér upp með bindin fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins. - rve

Vaknar í góðu skapi

„Þeir sem hafa verið í sundi eða öðrum íþróttum eru betur í stakk búnir til að taka á einhverju sem upp kemur," segir Jörgen Már Berndsen sem fer alltaf í Laugardalslaug í hádeginu. „Ég er búinn að vera hátt í fjörutíu ár í laugunum," segir Jörgen sem æfði einu sinni sund með sundfélaginu Ægi en lætur sér nægja að stinga sér í heitu pottana í dag enda fleira þangað að sækja en ylinn.

„Á svona stað myndast vinskapur manna sem hittast alltaf á sama tíma í hádeginu," segir Jörgen og útskýrir að flestir fari ávallt í sömu pottana og stundum myndist rígur þeirra á milli. Það sé þó yfirleitt í góðu og eftir sundferðina gæði pottormar sér á heitri súpu á kaffistofunni í sátt og samlyndi.

Sá hópur sem stundar heitu pottana gerir ýmislegt saman. Jörgen skipuleggur til að mynda árlegt þorrablót og hengir upp vatnsheldar auglýsingar um það í pottana. „Þetta er félagsskapur þar sem allir hjálpa öllum," segir Jörgen sem reynir alltaf að vakna í góðu skapi. „Það er helmingurinn af því að fá mikið út úr lífinu." - sg

Jörgen mætir í laugarnar á hverjum degi og segir sundferðirnar og félagsskapinn gefa lífinu gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



BRÚÐKAUPSSÝNINGIN Já verður haldin í Blómavali í Skútuvogi um helgina. Dagskráin er fjölbreytt og um 20 fyrirtæki kynna vörur sínar og þjónustu. Kynnir er Elín María Björnsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Simi 581 2900
glofaxi@simnet.is

Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

TILBOÐ VIKUNNAR
Patti húsgögn
landsins mesta úrval af sófasettum
kr. 239.900,-
verð áður 359.900

Sófasett 3+1+1
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

UWAGA KIEROWCY

Nastepny kurs na prawo jazdy kategorii C i CE dla Polaków rozpocznie sie 13 marca, jesli zbierze sie wystarczajaca liczba uczestników. Kurs bedzie tlumaczony na jezyk polski.

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Tel: 5670300



Máni Sær ætlar á árshátíð í kvöld en þarf líka að sinna náminu um helgina þar sem hann nemur fatatækni við Tækniskólann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dansar og les fyrir próf

Flugþjónninn og klæðskeraneminn Máni Sær Viktorsson ætlar að vera duglegur um helgina en í kvöld fer hann á árshátíð á vegum Atlanta og á morgun hyggst hann læra algebru.

„Fyrir nokkrum árum fórum við til Barcelona á vegum starfsmannafélags Atlanta, STAMA, en nú ætlum við að vera heima og halda árshátíð í Haukaheimilinu Hafnarfirði," segir Máni Sær Viktorsson, flugþjónn hjá Atlanta og nemi í fatatækni, eða klæðskerasaumi eins og það kallast líka, við Tækniskólann. „Á árshátíðinni verður happdrætti og þar eru vinningar ekki af verri endanum. Má þar nefna ferð til Kuala Lumpur fyrir tvo, ferð til Abu Dhabi fyrir tvo og ferð til London. Þannig að það er mjög spennandi," segir hann áhugasamur.

Máni Sær stundar nám í fatatækni við Tækniskólann þannig að þótt stuð og skemmtun sé handan við hornið togar skynsemin líka í hann um helgina. „Ég byrjaði í námi núna í janúar og er að taka grunninn, sem mér finnst frekar leiðinlegur, en ég hlakka til að klára hann og fara að gera það sem ég vil virkilega gera sem er að framleiða það sem er í heilanum á mér og tengist það einkum herratísku. Þannig að ég þarf að læra fyrir próf sem er í næstu viku," segir Máni Sær einlægur en hann hefur hug á að breyta ímynd herratískunnar. „Margir karlmenn eru hræddir við að ef þeir klæðist of tískulega þá séu þeir hommalegir. Mig langar að breyta þessari ímynd þannig að tískan tengist ekkert kynhneigð heldur geti fólk klæðst að vild."

En þrátt fyrir skólaskyldur hlakkar Máni Sær mikið til árshátíðarinnar og hefur skemmt sér vel á þeim hingað til. „Þar er dans, fjör og góður matur og vonandi vinn ég eitthvað í happdrættinu," segir hann og brosir. *hrefna@frettabladid.is*

friendtex
ÚTSALA
Opið í dag frá
11⁰⁰ – 16⁰⁰
Nú er að hægt að gera snilldarlega flott kaup!
OPIÐ ALLA LAUGARDAGA í MARS 11⁰⁰-16⁰⁰
Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík,
simi 568 2870 - www.friendtex.is

INNRÉTTINGATILBOÐ
SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!
30% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum í 3 vikur
30%

EINNIG 25% AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM
OPIÐ
Mán. - föst.kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
www.friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

NÁM

ASK.HI.IS er vefsvæði Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins. Þar er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um nám erlendis, stúdentaskipti, styrki og tungumálanámskeið.

Hópmynd af krökkum í sumarbúðum á vegum CISV samtakanna. MYND/ÚR EINKASAFNIN

Ómetanleg upplifun

Samtökin CISV eru alþjóðleg samtök sem senda ungmenni í sumarbúðir um allan heim. Markmið samtakanna er að vinna gegn fordómum gagnvart menningu annarra þjóða og stuðla þannig að friði.

Hugmyndina að samtökunum átti barnasálfræðingurinn Dr. Doris Allen árið 1946 þegar heimurinn var í sárum eftir seinni heimstyrjöldina. Dr. Allen fannst ekki rétt að miða hugmyndir um friðaruppbyggingu eingöngu við fullorðna heldur ætti að innræta umburðarlyndi gagnvart ólíkri menningu þjóða strax á barnsaldri. Árið 1951 voru fyrstu sumarbúðir barna frá mismunandi löndum haldnar.

„Við höfum starfað hátt í 30 ár á Íslandi og sent yfir eittþúsund einstaklinga í sumarbúðir til útlanda," segir Ástbjörg Ýr Gunnarsdóttir en hún heldur utan um sumarbúðirnar ásamt Eddu Halldórsdóttur, formanni samtakanna á Íslandi.

„Við sendum hópa af ellefu ára krökkum um allan heim. Einn hópur samanstendur af tveimur stelpum og tveimur strákum og svo fararstjóra. Í ár erum við að senda til meðal annars til Noregs, Bandaríkjanna og Portúgal."

Búðirnar standa í fjórar vikur og í viðkomandi landi gistir hópurinn í skóla ásamt tólf öðrum hópum frá mismunandi löndum. Ásta útskýrir að á þessum aldri séu krakkar móttækilegastir fyrir utanaðkomandi áhrifum og því sé þetta besti aldurinn til að koma í veg fyrir fordóma.

„Þarna kynnast þau menningu ólíkra þjóða sem er markmið samtakanna. Krakkarnir fara í leiki og er meðal annars rætt við þau um stríð í heiminum. Hver þjóð hefur svo kynningarkvöld á sinni menningu. Krakkarnir héðan fara til dæmis með nammi frá Íslandi, setja upp skemmtiatriði og dreifa bæklingum. Einnig fara hóparnir í kynnisferðir um landið sem búðirnar eru í og gista inni á heimili eina helgi, tvö og tvö saman frá sitthvoru landinu," útskýrir Ásta.

Krakkarnir í hnútaleik þar sem reynir á samvinnu. MYND/ÚR EINKASAFNI

Samtökin standa einnig fyrir tveggja vikna skiptiprógrammi fyrir unglinga á aldrinum 12 til 13 ára til Ítalíu. Krakkarnir fara út í 10 manna hóp og er skipt niður á heimili. Dagskrá er fyrir allan hópinn fyrri vikuna en þá koma ítölsku unglingarnir til Íslands og gista hjá vinum sínum í viku. Ásta segir reynsluna sem krakkarnir öðlist í sumarbúðunum einstaka og vinatengslin sem myndast milli krakkanna eitthvað sem þau búi að alla æfi. „Foreldrarnir fá allt annað barn heim en það sem þau sendu út."

Nánari upplýsingar er að finna á www.cisv.org en einnig er hægt að sækja um á tölvupósti til cisv@cisv.is.

heida@frettabladid.is

Næstu námskeið

Grjóthleðslur 1 – náttúrugrjót
Námskeiðið er ætlað fyrir þá sem vinna við eða hafa áhuga á grjóthleðslum úr náttúrugrjóti.
Tími: 25. - 27. mars.
Námskeiðsgjald: 42.000 kr.

Íslenskt hönnunarferli
Vinnustofa með handverkshefðina sem leiðarvísir að vistvænni hönnun.
Karl Aspelund fatahönnuður.
Tími: 18. mars.
Námskeiðsgjald: 3.500 kr.

Smáskipanámskeið (12 m)
Smáskipanám kemur í stað þess sem áður var nefnt 30rl réttindanám (pungapróf).
Tími: 15. apríl og í fjarnámi frá 4. apríl.
Námskeiðsgjald: 105.000 kr.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

KRAKKAHÖLLIN verður opnuð í Korputorgi í dag. Í Krakkahöllinni getur öll fjölskyldan skemmt sér saman því hún er leikland fyrir bæði börn og fullorðna.

HELGIN

Sunnudagar barnadagar

Á Borgarbókasafninu við Tryggvagötu er fjölbreytt barnastarf. Undanfarin fjögur ár hafa sunnudagarnir verið tileinkaðir yngstu safngestunum og boðið er upp á litríka dagskrá fyrir krakkana.

„Fólk getur gengið að því sem vísu að alla sunnudaga yfir vetrartímann klukkan þrjú, er boðið upp á einhverja dagskrá fyrir börnin," segir Þorbjörg Karlsdóttir barnabókavörður á Borgarbókasafninu. „Dagskráin liggur niðri yfir sumartímann og reyndar í desember líka en þá er fólk svo upptekið við annað."

Dagskráin er fjölbreytt og hafa meðal annars komið efnafræðinemar frá Háskóla Íslands og skemmt krökkunum með því að búa til fílatannkrem og fleira. Annan daginn kom sirkusleikari sem lék listir sínar fyrir krakkana og gaf þeim blöðrur og einnig hefur verið boðið upp á föndur.

Þorbjörg Karlsdóttir barnabókavörður segir alltaf eitthvað um að vera fyrir krakkana á sunnudögum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Kristín Arngrímsdóttir listakona heldur utan um föndurstundirnar og lætur krakkana til dæmis búa til grímur eða mála eða klippa út dýr. Foreldrarnir verða að vera með en það er ekkert aldurstakmark, tveggja ára börn geta alveg málað og fleira þegar foreldrarnir eru með til að aðstoða. Við reynum alltaf að brydda upp á einhverju nýju og vorum meðal annars með spiladag síðustu helgi og stundum er boðið upp á þrjúbíó."

Á morgun klukkan þrjú mun Áslaug Jónsdóttir rithöfundur lesa upp úr bókum sínum en hún hefur skrifað bækurnar um litla skrímslið. Nú fyrir jólin kom út bókin Skrímslapest en Áslaug mun lesa upp úr einhverri af skrímslabókunum á morgun. „Við viljum fá höfundana til að koma og lesa fyrir krakkana. Þeir geta þá hitt sinn höfund og jafnvel komið með bækurnar sínar að heiman og fengið þær áritaðar. Höfundar eins og Sigrún Eldjárn og Herdís Egilsdóttir hafa komið og lesið hjá okkur en Áslaug er að koma í fyrsta skipti."

Þorbjörg segir sunnudagana vel sótta og aðsóknin hafi frekar aukist í vetur en hitt. Andrúmsloftið er afslappað og skemmtilegt og allir velkomnir. *heida@frettabladid.is*

Kiðlingarnir nýbornu eru huðna og hafur.

Nýbornir kiðlingar í Húsdýragarðinum

Geitburður er hafinn í Húsdýragarðinum og tilvalið að líta þar við um helgina og skoða ungviðið.

Huðnan Perla bar tveimur hvítum kiðlingum, hafri og huðnu, árla morguns á fimmtudaginn var. Perla er gráflekkótt á litinn en faðir kiðlinganna, sem eru hvítir, heitir Brúsi og er einnig hvítur á litinn. Perla sinnir móðurhlutverkinu vel en faðirinn virðist láta burðinn hafa lítil áhrif á sig.

Tveir mánuðir eru í áætlaðan burð hjá ánum en huðnurnar eru flestar við það að bera. Líklegt er talið að næst í röðinni verði huðnan Ísbrá sem er einnig gráflekkótt á litinn og lestina reki þá svartflekkóttu huðnurnar, Prýði, Dís, Dáfríð og Snotra. *- eö*

NÚ FERÐAST ALLIR INNANLANDS Í SUMAR

ÚTSALA!

Á NOTUÐUM FERÐAVÖGNUM

200.000 AFSLÁTTUR
AUKAHLUTIR
Coleman Utah 2007
Tilboðsverð 1.790.000
ÁÐUR 1.990.000

100.000 AFSLÁTTUR
AUKAHLUTIR
Palomino Yearling 2007
Tilboðsverð 1.590.000
ÁÐUR 1.690.000

100.000 AFSLÁTTUR
AUKAHLUTIR
Viking 1706 Epic 2001
Tilboðsverð 590.000
ÁÐUR 690.000

100.000 AFSLÁTTUR
AUKAHLUTIR
A - Liner 2007
Tilboðsverð 1.690.000
ÁÐUR 1.790.000

40.000 AFSLÁTTUR
AUKAHLUTIR
Sterckerman 410CP 2007
Tilboðsverð 1.360.000
ÁÐUR 1.400.000

200.000 AFSLÁTTUR
Trigano Rubis 380 2006
Tilboðsverð 1.790.000
ÁÐUR 1.990.000

200.000 AFSLÁTTUR
AUKAHLUTIR
LMC Mün 510 MDK 2006
Tilboðsverð 2.590.000
ÁÐUR 2.790.000

50.000 AFSLÁTTUR
AUKAHLUTIR
Knaus Sudwind 2004
Tilboðsverð 1.940.000
ÁÐUR 1.990.000

Nú er tækifærið að gera góð kaup á notuðum ferðavagni.
Komdu í heitann sýningarsalinn og finndu ferðavagninn fyrir ferðalagið innanlands í sumar.
Þetta er bara brot af úrvalinu,
SKOÐIÐ TILBOÐIN Á

FYRSTIR KOMA, FYRSTIR FÁ

VERIÐ VELKOMIN
OPIÐ LAUGARDAG KL. 12-16
SUNNUDAG KL. 13-17.

VÍKUR V·E·R·K

WWW.VIKURVERK.IS
VÍKURHVARFI 6
SÍMI 557 7720

Sálrænn stuðningur

Kópavogsdeild Rauða krossins heldur námskeiðið Sálrænn stuðningur mánudaginn 16. mars kl. 17-21 í Hamraborg 11, 2 hæð.

Á námskeiðinu fræðast þátttakendur um gildi sálræns stuðnings í aðstæðum sem geta valdið áföllum. Þátttakendur læra að gera sér betur grein fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og hvernig þeir geti veitt stuðning og umhyggju.

Viðfangsefni eru meðal annars: Mismunandi tegundir áfalla, áhrif alvarlegra atvika á einstaklinginn, sálræn skyndihjálp, stuðningur við úrvinnslu alvarlegs atviks, sorg og sorgarferli.

- Námskeiðsgjald: 5.000 kr. á mann.
- Innifalið er þátttökuskírteini og **námskeiðsgögn.**
- Leiðbeinandi er Margrét Blöndal.

Frekari upplýsingar fást í síma **554 6626** eða með tölvupósti á **kopavogur@redcross.is**.

Skráning er til 13. mars.

Rauði kross Íslands Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • www.redcross.is/kopavogur • opið virka daga kl. 10-16

Efla glaðir saman söng

Karlakórarnir Söngbræður og Þrestir taka höndum saman og halda tónleika í Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðarströnd í kvöld.

Karlakórinn Söngbræður og Karlakórinn Þrestir halda sameiginlega tónleika í Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðarströnd klukkan 20 í kvöld. Ætlunin er að létta kreppuoki af landsmönnum og lyfta huganum með fallegum söng.

Efnisskráin er fjölbreytt. Kórarnir munu syngja sín lög hvor í sínu lagi og síðan nokkur sameiginleg, þar á meðal hina fallegu Þakkarbæn sem hljómar afar vel í svo stórum kór. Aðgangur er ókeypis.

Í tilefni tónleikanna var ort eftirfarandi vísa:

Burtu hrinda basli og þröng
bráðvel sprækir flestir
Efla glaðir saman söng
Söngbræður og Þrestir

- sg

Karlakórinn Þrestir stígur á svið ásamt karlakórnum Söngbræðrum.

Á laugardaginn opnar Inga Björk Harðardóttir sýninguna Réttir á Café Karólínu á Akureyri.

Menningarveisla á Akureyri um helgina

Mikið er um að vera í menningarlífinu á Akureyri þessa helgina. Þar má hlýða á tónlist, skoða myndlist og fara í leikhús.

Um helgina er síðasta tækifæri til að sjá sýningu Margrétar Jónsdóttur leirlistakonu í Listasafninu á Akureyri en sýningin ber yfirskriftina Hvítir skuggar.

Í Gallerí BOX í Listagilinu er einnig síðasta sýningarhelgi á sýningunni „Kappar og ofurhetjur“. Þetta er fyrsta sýningin sem Myndlistarfélagið skipuleggur í Gallerí BOXi sem nú er í umsjá félagsins eftir nokkrar endurbætur og stækkun.

Á laugardaginn klukkan 15 opnar Inga Björk Harðardóttir sýninguna „Réttir“ á Café Karólínu. Þetta er þriðja einkasýning Ingu Bjarkar en hún hefur tekið þátt í átta samsýningum. Hún útskrifaðist árið 2008 frá Myndlistaskólanum á Akureyri en áður hafði hún útskrifast sem gullsmiður og starfað um árabil. Sýningin stendur til 3. apríl.

Síðasta sýning Leikfélags Akureyrar á verkinu „Falið fylgi“ eftir Bjarna Jónsson er á laugardaginn en auk þess sýnir Leikfélagið verkið „Fúlar á móti“ þar sem þær stöllur Helga Braga, Edda Björgvins og Björk Jakobsdóttir fara á kostum.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands heldur tónleika í Samkomuhúsinu á Akureyri á sunnudaginn klukkan 16.

- sg

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

GERRY WEBER
VORFATNAÐURINN
ER KOMINN

BIRKENSTOCK

Arisona inniskór
Stærðir: 36 - 48 litur: svart
Verð: 10.350.-

Profi-Birki vinnuskór
Vatnsheldir klossar úr Alpro-foam með lausu fótlaga innleggi. Henta vel í eldhús, matvælaiðnað, þrif og margt fleira. Stærðir: 39 - 47
litir: svart og hvítt
Verð: 10.790.-

BIRKENSTOCK
Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

SÍÐASTA VIKA LAGERSÖLU 70% AFSLÁTTUR AF ÖLLU
MaxMara HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54

Fjölskyldupartí í fjöllum

Það verður sannkölluð Alpastemning í Bláfjöllum í kvöld þegar Dr. Spock heldur þar útitónleika og skíðafólki verður skemmt með tískusýningu, brettafjöri, kjötsúpu, kakói, þjóðsöngvum og blysför.

„Okkur langar til að brjóta upp þetta þunga skap sem hrjáð hefur Íslendinga síðan kreppan skall á, um leið og við sjáum tækifæri til að láta gott af okkur leiða," segir Sigurður Páll Sigurðsson, kennari og myndlistarmaður, sem ásamt Sunnefu Burgess lífskúnstner hefur skipulagt æðislegt fjölskyldugaman í Bláfjöllum frá klukkan 17 til 22 í kvöld. Allur ágóði af miðasölu skíðasvæðisins mun renna óskiptur til Breiðra brosa, sem eru samtök aðstandenda barna með skarð í vör.

„Við ákváðum strax að styrkja börn í einhverri mynd og þegar starfsmaður Bláfjalla benti okkur á Breið bros, sem aldrei hafa hlotið slíkan styrk, vorum við viss um að gera rétt með því að leyfa þeim börnum að njóta góðs af."

Sú nýlunda skapast í Bláfjöllum þegar kvöldar að opið verður til 22, en alla jafna er skíðasvæðinu lokað klukkan 17 um helgar. „Laugardagskvöld eru sparikvöld vikunnar því þá gefast tækifæri fyrir fjölskyldur og vini að gera eitthvað sérstakt saman. Skíðaferð sameinar útivist, hollustu, fjölskyldusport og skemmtan og með því að hafa skíðasvæðið lifandi með uppákomum að kvöldi til skapast eftirsóknarverð stemning sem margir þekkja úr Ölpunum, en

Sunnefa Burgess lífskúnstner og Sigurður Páll Sigurðsson, kennari og myndlistarmaður, eru hugmyndasmiðir að skemmtan kvöldsins í Bláfjöllum, en hvatinn að fjörinu var að þjappa þjóðinni saman á glaðri stundu um leið og góðu málefni væri lagt lið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

víst er að margir þurfa að neita sér um árlega skíðaferð til útlanda í ástandinu nú," segir Siggi Palli, og víst verður margt til að gleðja gesti Bláfjalla í kvöld.

Á svæðinu mun DJ Áki Pain leika tónlist úr ýmsum áttum við lyfturnar og við lyftuhúsin verður selt kakó og piparkökur, ásamt kjötsúpu og samlokum í veitingaskála. Þá verður Brettafélagið með sýningu, Þorsteinn Guðmundsson grínisti kynnir tískusýningu frá Brimi, byrjendum býðst skíðakennsla og Ölgerðin gefur gestum hressandi Mountain Dew.

„Rúsínan í pylsuendanum verða útitónleikar Dr. Spock sem loka dagskránni, en það er einsdæmi að hljómsveit stígi á ísi lagt svið í kolsvörtum kvöldfaðmi íslenskra fjalla. Þá mun vafalaust valda geðshræringu og þjóðerniskennd þegar öll ljós verða slökkt klukkan 21 og 40 manna blysför fer skíðandi niður brekkurnar undir íslenskum þjóðlögum. Ef skyggnið verður gott mun bjarminn líka sjást alla leið til Reykjavíkur."

Boðið verður upp á fríar rútuferðir frá BSÍ klukkan 16.30 og 18.30 og til baka úr Bláfjöllum klukkan 22. Landsmenn eru hvattir til að þjappa sér saman og taka þátt í gleðinni. *thordis@frettabladid.is*

Meðal þess sem hægt er að sjá í Bláfjöllum í kvöld er sýning Brettafélagsins.

Gestir eru hvattir til að mæta í þjóðbúningi.

Frítt inn fyrir þá þjóðlegu

Þjóðbúningadagur verður haldinn í Þjóðminjasafni Íslands í dag.

Gestir Þjóðminjasafnsins eru hvattir til að mæta á þjóðbúningi í dag til að sýna sig og sjá aðra. Nýbúar eru sérstaklega boðnir velkomnir á þjóðbúningi síns heimalands og skemmtilegt að fjölbreytnin verði sem mest.

Athyglisvert getur verið fyrir alla þá sem eru áhugasamir um þjóðbúninga að koma og sjá margbreytileika búninganna. Aðstaða verður til myndatöku fyrir þá sem vilja mynda fólk í mismunandi þjóðbúningum.

Allir sem mæta í safnið í búningi fá frítt inn. *- eö*

GLÆSILEGAR
SÉRFERÐIR
Ævintýri og ógleymanlegar minningar!

Sérferðir Heimsferða í sumar hafa fengið frábærar viðtökur eins og fyrri ár, enda hefur framboðið sjaldan verið glæsilegra. Sætin eru óðum að fyllast í margar ferðanna, en þó eru enn sæti laus í fjölmargar spennandi ferðir sem bjóða ævintýri, upplifanir og ógleymanlegar minningar.

Tryggðu þér strax sæti í frábæra sérferð!

Gardavatn 27. júlí - 3. ágúst
Rapallo – Ítalska rivíeran 15.-22. júní
Tyrkland Sól – saga – menning 12.-26. september
Töfrar Andalúsíu 26. apríl - 3. maí
Náttúruperla í Austurríki 13.-20. ágúst
Í hjarta Toskana 24.-31. ágúst
Alpaævintýri í Seefeld 9.-16. júlí
Ævintýri í Marrakesh – Marokkó 22.-30. september

GÖNGUFERÐIR
Spánn – Valenciahéraðið 16.-23. maí
Ítalía – Cinque Terre 30. maí • 24. ágúst
Ítalía – Chiantihérað 1.-8. júní
Spánn – Pýreneafjöllin 12.-18. september

SIGLINGAR
Gersemar Miðjarðarhafsins 27. júní - 11. júlí.
Töfrar Miðjarðarhafsins 5.-12. júní • 18.-25. september
Vikusiglingar frá Kaupmannahöfn
• *Norsku firðirnir*
• *Eystrasaltið*

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

ENNEMM / SÍA • NM37015

KOLAPORTIÐ
Kolaportið er OPIÐ laugardaga og sunnudaga
frá kl. 11⁰⁰-17⁰⁰

Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

bílaborg.is

Tilboð 1990 þús Möguleiki á allt að 100% láni DODGE DURANGO 5,7 Hemi 4WD LIMITED. Árgerð 2005, ekinn 49 þ.mílur , BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.990.000.

Tilboð 399 þús Möguleiki á 100% láni NISSAN TERRANO II. Árgerð 1998, ekinn 170 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 590.000.



SUBARU LEGACY LUX SEDAN leður lúga krókur ny dekk . Árgerð 2006, ekinn 96 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.190.000.

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is

FRÁBÆRT VERÐ 2 bílar í boði, Toyota Hilux 2.5 Diesel 03/2006 ek 75 þ.km verð 2.450 ákv 2150 (eftir lokun 864-8989)

M-Benz ML 350árg 2006 ek 54 þ.km ssk, silvur, leður, 17" álf ofl verð 5.9 ákv 5.0 mil (eftir lokun 864-8989)

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast

TOYOTA LAND CRUISER 80 VX. Árg 1993, ekinn 196 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Ásett 1.590. þús TilboðsVerð 990. þús Skipti möguleg. Rnr.150338

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast

MINI COOPER R50. Árg 2003, ekinn 73 þ.km, 5 gírar. Verð 1.890.þús. lán 1.660. þús. 100% lánamöguleiki Rnr.127459

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast

Milljón í afslátt!
M.BENZ G 400 CDI V8. Árg 2003, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 9,9 millj TilboðsVerð 8.9. millj ýmis skipti athugandi Rnr.102102

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast

FORD F350 KING-RANCH 37". Árgerð 2007, ekinn 97 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 4.990. þús 100% lánamöguleikar Rnr.102001

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

100bílar.is

MZ570) Nissan NAVARA 4WD DOUBLE CAB MT SE árg.09/06, ek.46þús, beinsk, Álfelgur, Dráttarbeisli, Líknarbelgir, Plasthús, Ásett verð 2990 þús.kr. , Tilboð 2500þús.kr staðgreit!!

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Fjarstýrðir rafmagns- og bensínbílar í miklu úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is

Polar 560, árg. 07. Glæsilegt koju hús mjög vel útbúið. Uppl. í s. 861 2504.

Volvo fl6 11 árg. '98 ek. 240 þús. S. 856 0060, Torfi.

Toyota Hiace 4X4 8 MANNA árg. 6/'04, ek. 95þ.km 2500cc vél, Ný heilsársd. Ný sk. Listav. 3m. Lán 1730þ. TILBOÐ 2.590þ. S. 847 9508.

Opel Astra árg. '01, ek. 159þ.km, Bskþ, 1200cc vél, Ný naglad., Listav. 700þ. Lán 250þ. TILBOÐ 360þ. S. 847 9508.

Gott tækifæri, Renault Master 18 manna. Skráður 09.06.06. Ek. 28 þ. Belti í öllum sætum. Ásett v. 4,2 millj. Nýr um 7 millj. S. 899 3847.



LAND ROVER DISCOVERY HSE. Árg. 1999, ek. 195þús.km, BENSÍN, Sskiptur. Afsl. 900þús. Verð. 1.990þús. TILBOD. 1.090.000. Upplýs. 864-8866.

MINI COOPER. Árg. 2002, ek. 95þús. km, BENSÍN, Ssk., afsl. milljón. Verð 2.200.000. TILBOÐ. 1.200þús. Upplýs. 896-9616

SKODA OCTAVIA AMBIENTE NÝJA ÚTLITIÐ. Árg. 2005, ek. 59þús.km, BENSÍN, bsk., Verð. 1.590þús. Tilboð. 1.190þús. Upplýs. 896-9616.

Toyota Yaris t-sport árg 02 3 dyra ek 51 þús vetrard sk 11 verð 730þ. S. 868 2352

Adria Adora 552UK
Árgerð 2007, kojuhús, 7 manna, heit og kalt vatn, gólfhiti + gasmiðstöð, stórt fortjald, skipti möguleg á pallhúsi. Uppl. 699-8483

M. Benz ML 320 árg. '99 ek. 170þ. Gott verð. Skoða skipti á ód. smábíl. S. 897 1889.

BARA YFIRTAKA ÍSLENSKT LÁN. 1050000.- Afb. 30þ. Skoda Octavia Turbo station. Ek. 89þ. Nýsk. Krókur, s&v-dekk. S. 897 3281.

Til sölu VW Caravelle Cyncro árg'98 ekinn 160000. Verðhugm 600 þús. skipti á ódýrum fólksbíl koma til gr. Upplýsingar í s 8639444

Peugeot 306 árg. '98 í toppstandi ek. 170þ. Verð 250þ. stgr. S. 662 6122.

Pajero V6 bensin 7 manna árg. '93. Ný skoðaður. V.180þ. Uppl. í s. 867 3022.

Frítt í bílastæðin í Rvk
Toyota Prius Hybrid, árg.09/2006,ekin 36þ. Km. Keyrir á bensíni + rafmagni og eyðir því litlu og fær frítt í bílastæðin í RVK. Ásett verð 2,800 þús, Tilboð 2.100 þús. Uppl. 699-8483

Cadillac Escalade árg.'07. Ek. 78 þús. Km. Með öllum aukahlutum sem Cadillac býður upp á. 2 dekkjagangar,vetrardekk á 20" felgum og sumardekk á 24" Verð 8.200 þús. Ath skipti á ódýrara. Uppl. Í síma 699-8483.

Mjög falleg Toyota Corolla 4dr. sedan, 5.gr. nýskráð 6.2005. Ekinn 66 þús. km. Mjög vel með farin og nýkomin úr ábyrgðarskoðun. Hagstætt verð 1.190 þús. Ekkert áhvílandi. Upplýsingar veitir Pétur í síma 897 0047.

Til sölu nýtt pallhús á Izusu Dimax. Verð 135 þ. Uppl. í s. 893 3386.

Subaru Legacy árg. '99 til sölu. V. 350.000 staðgreitt. Öll skipti skoðuð, t.d. fjórhjól eða sjóþota. S. 864 1220.

BMW 120 Diesel 11/05. Dökkgrár sanseraður, 4d., ssk., vetrar og sumard. ek. 33þ.km. V. 3,3 millj. Áhv. 3.0 millj. Glæsilegur bíll. Uppl. sími 895 8956.

Benz Kompressor 180c árg. 02. 2 eigendur. Ásett 2100þ. TILBOÐ 1650 stgr. S. 695 4847.

Hyundai Sonata '97 ek. 24þ. 2.0 ssk. Sk. V. 260þ. Uppl. í s. 896 3044.

LÍTIÐ EKINN ! Til sölu Ford Fiesta árg.2000 ek.53.þús.lítur vel út verð 380 þús uppl.6917822.

Suzuki Vitara '93. Mikið breyttur á 37" dekkjum. 2l .Turbo diesel. V. 400þ. Uppl. í s. 698 9511.

V.W.Transporter 2007 m.talstöð/mælir/s+v-dekk,Tilbúinn til aksturs á stöð.Eða breyta í HÚSBÍLL-einkabill allt árið.uppl. í síma 6994166

FORD F350 EXTENDED CAB 4X4 LARIaT. 03/05, ekinn 57 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 2.990.000.- með vsk. Uppl. í síma 695 7000 og 696 6689.

NISSAN PATROL ELEGANCE nýjar felgur og 35" dekk, 10/02, 80 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 2.890.000.- Uppl. í síma 695 7000 og 696 6689.

Isuzu NPR65PL Pallbíll Toppbíll nýsk. '10 ek. 135þ. dísel mikið endurnýjaður. V. 980þ. S. 847 6400.

VW TRANSPORTER DOUBLE CAB SYNCRO árg. 8/'05. Diesel 6 manna 4x4 nýsk. '10 ek. 120þ. VSK númer. Verð 1980 þús. + vsk. S. 847 6400.

Stórtilboð !
Hyundai H1 VSK númer árg. 9/'01 bensín nýsk. '10 ek. 155þ. Smá sjúskaður en góður bíll tombóluverð 150þ. + vsk. S. 895 8873.



2008 F350 KING RANGE 49 e 6þ SÁ FLOTTASTI Á LANDINU - M ÖLLU Skoða skipti Verð 11,9 Uppl 8927858

Subaru Impreza WRX árg. '07. Fæst á yfirtöku. Upplýsingar í s. 846 2919.

Dodge Dakota'95 Sk.til maí 2010. ek.50þ. sj.sk. 6cyl. 180 hp. V.400þ. uppl.893-2550

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

Þjóðgarðsvörður á Kirkjubæjarklaustri

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir starf þjóðgarðsvarðar á Kirkjubæjarklaustri laust til umsóknar. Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun, sem tók fyrr á þessu ári við rekstri landsvæða sem ná alls yfir u.þ.b. 12.000 km^2 og tilheyra Vatnajökulsþjóðgarði.

Vatnajökulsþjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði: Norðursvæði, Austursvæði, Suðursvæði og Vestursvæði. Starf þjóðgarðsvarðar á Kirkjubæjarklaustri tilheyrir Vestursvæði.

Á öllum rekstrarsvæðum starfa svæðisráð sem eru þjóðgarðsverði og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins á viðkomandi rekstrarsvæði. Svæðisráðin gera tillögu um ráðningu þjóðgarðsvarðar. Næsti yfirmaður þjóðgarðsvarðar er framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs.

Þjóðgarðsvörður annast daglegan rekstur og stjórn Vestursvæðis í samráði við framkvæmdastjóra og ræður starfsfólk á sínu svæði.

Önnur verkefni þjóðgarðsvarðar eru:

- Umsjón með landvörslu og yfirstjórn landvarða.
- Að aðstoða svæðisráð við gerð tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði.
- Að koma verndaráætlun þjóðgarðsins til framkvæmda innan þess fjárhagsramma sem viðkomandi rekstrarsvæði er ætlaður hverju sinni.
- Að hafa eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum laga og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð og að ákvæði verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn séu virt.
- Fræðsla um náttúruvernd á sínu rekstrarsvæði og um Vatnajökulsþjóðgarð.

Eftirfarandi kröfur um menntun, reynslu og þekkingu eru hafðar til viðmiðunar við val á umsækjendum:

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun er kostur
- Mikil þekking á umhverfismálum og náttúruvernd.
- Reynsla af almennum rekstri og mannaforráðum
- Reynsla eða þekking á fræðslu til mismunandi hópa
- Góð íslensku- og enskukunnátta, frekari tungumálakunnátta er kostur.

Eftirfarandi kröfur um hæfni eru hafðar til viðmiðunar við val á umsækjendum:

- Tekur ákvarðanir og fylgir þeim eftir.
- Sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Er skipulagður og með ríka þjónustulund.
- Sýnir lipurð í mannlegum samskiptum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. maí 2009.

Umsóknir um ofangreint starf skulu hafa borist Vatnajökulsþjóðgarði, Klappastíg 25-27, 101 Reykjavík, eigi síðar en 16. mars nk.

Upplýsingar um starfið veita Elín Heiða Valsdóttir, formaður svæðisráðs Vestursvæðis, elinhv@simnet.is og Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, thordur@vatnajokulsthjodgardur.is eða í síma 575 8400.

PORT hönnun

Hárgreiðslustörf, vélstjórastörf og fleiri störf í Noregi

Kíktu á www.vinna.is

vinna.is

NÝ TÆKIFÆRI

Forritari
Fyrirtæki óskar eftir að ráða forritara til að annast sérhæfð verkefni og ráðgjöf til viðskiptavina. Þekking og reynsla á JSP og Java forritun skilyrði. Reynsla á SQL æskileg. Viðkomandi þarf að búa yfir öguðum og skipulögðum vinnubrögðum sem og hafa hæfni og getu til að tileinka sér nýja hluti. Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð ásamt góðri enskukunnáttu.

Starf nr. 090225-02

Vélaverkfræðingur / tæknifræðingur
Leitað er að vélaverkfræðingi eða tæknifræðingi í spennandi verkefni við ráðgjöf og stjórnun við uppbyggingu vélbúnaðar. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði og búa yfir skipulögðum, sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum. Áhugavert tækifæri fyrir nýútskrifaða.

Starf nr. 090306-01

Forritari - störf í Noregi
Ef þú ert forritari sem vilt vinna í Noregi bjóðum við þér að vera á skrá hjá okkur. Við leitum að forriturum með margskonar reynslu. Viðkomandi þarf að hafa háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærilega menntun og góða forritunarkunnáttu. Góð enskukunnátta skilyrði og kostur ef viðkomandi hefur góða kunnáttu í dönsku/norsku/sænsku.

Starf nr. 081209-06

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Forsætisráðuneytið auglýsir embætti aðstoðarseðlabankastjóra Seðlabanka Íslands laust til umsóknar.

Forsætisráðherra skipar aðstoðarseðlabankastjóra Seðlabanka Íslands til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands. Við skipun í embættið nú skal forsætisráðherra þó, sbr. 1. mgr. ákvæðis III til bráðabirgða í lögum nr. 5/2009, skipa aðstoðarseðlabankastjóra til fjögurra ára. Aðeins er hægt að skipa sama mann aðstoðarseðlabankastjóra tvisvar sinnum. Aðstoðarseðlabankastjóri skal fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Aðstoðarseðlabankastjóri er staðgengill seðlabankastjóra.

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Gerð er krafa um stjórnunarhæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum.
Við skipun í embættið mun forsætisráðherra, skv. 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands, skipa þriggja manna nefnd er hefur það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda um stöðuna. Verður einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar.

Í umsókn um embættið skal greina frá nafni, kennitölu og heimilisfangi umsækjanda auk þess sem veita skal ítarlegar upplýsingar um menntun viðkomandi, starfsferil og reynslu.
Um laun og önnur starfskjör fer eftir ákvörðun bankaráðs Seðlabanka Íslands, sbr. b-lið 28. gr. laga um Seðlabanka Íslands.
Umsóknarfrestur er til 31. mars 2009. Vinsamlega sendið umsóknir og starfsferilskrár til forsætisráðuneytisins, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, eða á netfang ráðuneytisins postur@for.stjr.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins.

Í forsætisráðuneytinu, 5. mars 2009.

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Forsætisráðuneytið auglýsir embætti seðlabankastjóra Seðlabanka Íslands laust til umsóknar.

Forsætisráðherra skipar seðlabankastjóra Seðlabanka Íslands til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Aðeins er hægt að skipa sama mann seðlabankastjóra tvisvar sinnum. Seðlabankastjóri skal fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
Seðlabankastjóri stýrir Seðlabanka Íslands og ber ábyrgð á rekstri hans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Gerð er krafa um stjórnunarhæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum.
Við skipun í embættið mun forsætisráðherra, skv. 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands, skipa þriggja manna nefnd er hefur það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda um stöðuna. Verður einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar.

Í umsókn um embættið skal greina frá nafni, kennitölu og heimilisfangi umsækjanda auk þess sem veita skal ítarlegar upplýsingar um menntun viðkomandi, starfsferil og reynslu.
Um laun og önnur starfskjör fer eftir ákvörðun bankaráðs Seðlabanka Íslands, sbr. b-lið 28. gr. laga um Seðlabanka Íslands.
Umsóknarfrestur er til 31. mars 2009. Vinsamlega sendið umsóknir og starfsferilskrár til forsætisráðuneytisins, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, eða á netfang ráðuneytisins postur@for.stjr.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins.

Í forsætisráðuneytinu, 5. mars 2009.

Sumarstörf hjá Garðabæ 2009

Umsóknarfrestur um sumarstörf hjá Garðabæ er til 31. mars.

Upplýsingar um störfin eru á vef Garðabæjar www.gardabaer.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

Sveitarfélagið Árborg framlengir umsóknarfrest um starf hjá Fjölskyldumiðstöð Árborgar

Fjölskyldumiðstöð Árborgar auglýsir eftir sérfræðingi á sviði félagslegrar ráðgjafar í 100% starf. Verkefni sviðsins er fyrst og fremst samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Starfssvið:
- Félagsleg ráðgjöf í einstaklings- og fjölskyldumálum
- Fjárhagsaðstoð
- Húsnæðismál
- Barnavernd

Menntun og hæfniskröfur:
- Starfsréttindi í félagsráðgjöf eða háskólamenntun á sviði félagsvísinda
- Reynsla á sviði félagsþjónustu æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til Annýjar Ingimarsdóttur, verkefnisstjóra félagslegrar ráðgjafar, Fjölskyldumiðstöð Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss, eigi síðar en 23. mars 2009.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anný Ingimarsdóttir, verkefnisstjóri félagslegrar ráðgjafar, anny@arborg.is, eða í síma 480-1900.

Fjölskyldumiðstöð Árborgar er eitt þriggja sviða í stjórnsýslu Sveitarfélagsins Árborgar og veitir íbúum sveitarfélagsins þjónustu á sviði félags-, fræðslu-, íþrótta-, forvarna- og menningarmála með það að markmiði að efla velferðarþjónustu sveitarfélagsins og skapa fjölskylduvænt samfélag. Umsækjendum er bent á að kynna sér heimasíðu sveitarfélagsins þar sem m.a. er að finna stefnu sveitarfélagins í málaflokkum sem tengjast fjölskyldunni með einum eða öðrum hætti.

HAUGEN-GRUPPEN Nordic

Haugen-Gruppen er leiðandi innflutnings-, sölu- og markaðsfyrirtæki á Norðurlöndum með fyrirtæki í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Fyrirtækið selur mörg mjög þekkt vörumerki í háum gæðaflokki með mikla markaðshlutdeild á mat- og drykkjarvörumarkaði.

Vörumerkjastjóri – fyrirtækjamarkaður

Haugen-Gruppen óskar eftir að ráða vörumerkjastjóra til starfa í Noregi. Fyrirtækið er staðsett í Vestby, sem er í nágrenni Osló.

Starfssvið:
- Sala og markaðssetning á matvörum til stóreldhúsa
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Samskipti við birgja
- Markaðsrannsóknir og greiningar

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Matreiðslumeistari/matreiðslumaður
- Reynsla og/eða menntun á markaðssviði
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Frumkvæði og geta til vinna sjálfstætt undir álagi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð kunnátta í skandinavísku og ensku

Nánari upplýsingar veita:
Ari Eyberg, ari@hagvangur.is
Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 15. mars nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



Framkvæmdastjórar á Landspítala

Hulda Gunnlaugsdóttir forstjóri Landspítala

„Landspítali er helsta sjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús. Þar starfar öflugt fagfólk sem hefur sótt menntun sína og reynslu innanlands og utan. Samstillt átak starfsfólks og landsmanna hefur styrkt spítalann í áranna rás þannig að hann stenst að mörgu leyti samanburð við bestu sjúkrahús erlendis. Nú stendur Landspítali á tímamótum. TIl að verða enn betra háskólasjúkrahús sem stöðugt eflir þjónustu við sjúklinga, kennslu og vísindastarf þarf hann að geta tekið breytingum. Mestu máli skiptir að bæta innra skipulag og verkferla en til að ná þeim markmiðum hefur nýtt skipurit verið gert í náinni samvinnu við starfsmenn. Helstu einkenni skipuritsins eru aukið vægi þjónustu við sjúklinga, stuttar boðleiðir og skýr ábyrgð. Gert er ráð fyrir meiri dreifingu ábyrgðar og áhersla lögð á að ábyrgð og völd fari saman. Klínísk svið verða 6 talsins og einn framkvæmdastjóri yfir hverju þeirra. Nýrra framkvæmdastjóra bíða krefjandi og spennandi verkefni enda eiga störf þeirra að leiða til skilvirkrar þjónustu við sjúklinga, eflingar kennslu og vísindastarfs og bestu nýtingar fjármagns, sjúklingum og öllum almenningi til hagsbóta.“

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar

Framkvæmdastjóri bráðasviðs
Bráðasvið annast þjónustu við bráðveika og slasaða. Meginverkefni sviðsins á næstunni verður sameining slysa- og bráðadeildar í Fossvogi og bráðamóttöku við Hringbraut. Önnur starfsemi á bráðasviði verður neyðarmóttaka, áfallahjálp, viðbragðsáætlun við hópslysum og miðstöð um skilvirkt flæði. Á sviðinu verða um 350 starfsmenn og áætluð velta þess er um 1,9 milljarðar króna.

Framkvæmdastjóri geðsviðs
Geðsvið annast þjónustu vegna geðrænna vandamála fullorðinna og hæfingar. Þjónustan mun færast í æ ríkari mæli í dag- og göngudeildir og vinnu við búsetuúrræði fyrir fjölfatlaða og langveika geðfatlaða. Sálfræðingar og félagsráðgjafar tilheyra sviðinu en veita þjónustu á öðrum klínískum sviðum spítalans. Á sviðinu verða um 670 starfsmenn og áætluð velta þess er um 3,3 milljarðar króna.

Framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs
Á kvenna- og barnasviði verður veitt þjónusta vegna kvensjúkdóma, meðgönguvandamála og fæðinga-, nýbura- og barnalækninga. Barna- og unglingageðdeild verður einnig starfrækt á sviðinu. Að auki mun sviðið þjóna langveikum börnum með rekstri Rjóðursins. Á því verða um 600 starfsmenn og áætluð velta þess er um 3,3 milljarðar króna.

Framkvæmdastjóri lyflækningasviðs
Á lyflækningasviði verður veitt þjónusta í öllum helstu greinum lyflækninga. Sviðið er umfangsmikið og nær einnig til þjónustu blóð- og krabbameinslækninga auk öldrunarlækninga og endurhæfingar. Sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar tilheyra sviðinu en veita einnig þjónustu á öðrum klínískum sviðum spítalans. Á lyflækningasviði verða um 1.490 starfsmenn og áætluð velta þess er um 8,8 milljarðar króna.

Framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs
Á rannsóknarsviði eru rannsóknarstofur í blóðmeinafræði, erfðalæknisfræði, litningarannsóknum, meinafræði, ónæmisfræði, sýklafræði og veirufræði. Öll myndgreiningarþjónusta spítalans tilheyrir þessu sviði. Þar verða um 420 starfsmenn og áætluð velta þess er um 3,8 milljarðar króna.

Framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs
Á skurðlækningasviði verður veitt þjónusta í öllum helstu greinum skurðlækninga á legu-, dag- og göngudeildum. Öll þjónusta er varðar svæfingar og gjörgæslu tilheyrir sviðinu auk reksturs skurðstofa og Blóðbankans. Sviðið er umfangsmikið en á því verða um 1.060 starfsmenn. Áætluð velta þess er um 7,9 milljarðar króna.

Lykiltölur um Landspítala
Fjárlög: Um 34 milljarðar

- Starfsmenn eru um 5.000
- Einstaklingar sem leita þjónustu á ári eru um 107.000
- Komur á dag- og göngudeildir eru um 435.000
- Komur á slysa- og bráðamóttökur eru rúmlega 95.000
- Innlagnir eru um 29.000
- Skurðaðgerðir eru um 15.000
- Fæðingar eru um 3.400
- Nemendur á ári eru um 1.100
- Vísindagreinar í alþjóðlegum tímaritum á ári eru um 200

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda
- Stjórnunarreynsla í heilbrigðisþjónustu
- Leiðtogahæfileikar
- Samskiptahæfni

Almennar kröfur til stjórnenda
- Vera leiðtogar við framkvæmd á stefnu spítalans
- Helga sig sýn og markmiðum spítalans til framtíðar
- Hæfni og vilji til að líta á starfsemi spítalans sem eina heild
- Vinna kerfisbundið að þróun og einföldun verkferla
- Vinna að stöðugum umbótum í starfsemi spítalans
- Styrkja kennslu- og vísindastarf á spítalanum

Ábyrgð
- Framkvæmdastjórar heyra beint undir forstjóra og eiga sæti í framkvæmdastjórn
- Fjárhagsleg ábyrgð
- Ábyrgð á starfsmönnum
- Fagleg ábyrgð með þeim takmörkunum sem greinir í lögum um heilbrigðisþjónustu 2007 nr. 40 27. mars

Nánari upplýsingar
- Ráðið er í stöðurnar frá 1. maí 2009, til 5 ára
- Umsóknum skal skila í tvíriti í síðasta lagi 23. mars 2009 á skrifstofu forstjóra, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík. Umsækjendur geta sótt um fleiri en eitt starf. Fram komi í umsókn um hvaða framangreint starf eða störf er sótt
- Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af stjórnunarstörfum og kennslu og vísindavinnu eftir því sem við á
- Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í störfin á þeim og innsendum gögnum
- Nánari upplýsingar um störfin veitir Hulda Gunnlaugsdóttir forstjóri í síma 543 1101 eða í tölvupósti huldgunn@landspitali.is
- Ábyrgðarsvið stjórnenda og frekari upplýsingar um störfin eru á vef Landspítala, www.landspitali.is

Fagmennska Jafnræði Virðing Öryggi Þekking

Starfskjör byggjast á kjarasamningum og lögum um starfsmenn ríkisins. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

SJÓNFRÆÐINGUR

Hlutastarf á stór Reykjavíkursvæðinu
(30 - 60% vinnuhlutfall)

Umsókn sendist afgreiðslu 365
merkt "**Sjónfræðingur-01**"
fyrir mánudag 16. mars

Kaffihús

Til sölu er góður rekstur kaffihúss í miðbæ Reykjavíkur. Um er að ræða spennandi einingu sem hefur verið í höndum sömu eigenda um árabil á sama stað. Töluvert er um fasta viðskiptavini og tryggur leigusamningur til staðar um húsnæðið.

Um er að ræða frábært tækifæri fyrir dugmikla aðila til að taka við góðum rekstri með auðveldum hætti.

Áhugasamir hafi samband með tölvupósti á brynja@debet.is

Kranastjóri

ÍAV

Óskum eftir að ráða kranstjóra á Liebherr 200-280EC byggingakrana sem staðsettur er á höfuðborgarsvæðinu.

Umsóknum skal skila um heimasíðu ÍAV fyrir 14. mars n.k. merkt „kranastjóri". Upplýsingar veitir Stefán B. Guðjónsson í síma 660-8127.

www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9,
110 Reykjavík, sími 530 4200

Vopnafjarðarskóli auglýsir

Vopnafjarðarskóli

Kennara vantar við Vopnafjarðarskóla næsta skólaár. Kennslugreinar eru smíðar, myndmennt, tungumál, náttúrufræði og almenn kennsla.

Í Vopnafjarðarskóla eru 85 nemendur og góð aðstaða fyrir nemendur og starfsfólk. Grunnskólinn, tónskóli og bókasafn sveitarfélagsins eru undir sama þaki og leikskólinn handan götunnar. Nemendur grunnskólans sækja tónskólann úr kennslustundum og æskulýðs- og íþróttastarf er í beinum tengslum við grunnskólastarfið.

Vopnafjörður er fallegt og vinalegt byggðarlag sem býður upp á fjölbreytta náttúru, fagra sveit og snyrtilega byggð, Góð almenn þjónustu er í boði og staðurinn hefur verið lofaður fyrir gott veðurfar.

Frekari upplýsingar eru veittar af skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra.
Skólastjóri, sími 470-3251, 861-4256
netfang: adalbjorn@vopnaskoli.is
Aðst.skólastjóri, sími 470-3252
netfang: sirra@vopnaskoli.is

MAST Matvælastofnun

Lögfræðingur á stjórnsýslusviði

Matvælastofnun óskar eftir að ráða lögfræðing á stjórnsýslusvið stofnunarinnar. Um er að ræða fullt starf á aðalskrifstofu Matvælastofnunar á Selfossi.

Helstu verkefni:
- Úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna stofnunarinnar, s.s. afgreiðsla stjórnsýsluerinda, umsagna og álitsgerða
- Ráðgjöf um lögfræðileg atriði á sviði stjórnsýsluréttar og annarra réttarsviða sem tengjast starfsemi stofnunarinnar
- Framkvæmd og innleiðing löggjafar vegna EES-samningsins
- Vinna við framkvæmd og innleiðingu löggjafar á sviði stofnunarinnar
- Þátttaka í nefndum og samskipti við innlendar og erlendar stofnanir
- Leyfisveitingar

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Kandídatspróf eða meistarapróf í lögfræði
- Þekking á EES-samningnum og framkvæmd hans æskileg
- Þekking og starfsreynsla í opinberri stjórnsýslu æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Viktor S. Pálsson (viktor.palsson@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og í síma 530-4800. Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum "lögfræðingur" eða með tölvupósti á mast@mast.is en umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2009. Öllum umsóknum verður svarað. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Upplýsingar um Matvælastofnun má nálgast á vefsíðu stofnunarinnar, www.mast.is.

KJÖTSÉRFRÆÐINGUR

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaupum starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

Samkvæmt könnun VR, Fyrirtæki ársins 2006, eru ánægðustu starfsmenn í stórmörkuðum og matvöruverslunum landsins í Hagkaupum.

Hagkaup óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmann, matreiðslumann eða matgæðing til starfa. Um er að ræða fullt starf og hlutastarf. Starfið er fólgið í daglegum rekstri kjötdeilda og þjónustu við viðskiptavini.

Nauðsynlegt er að viðkomandi sé lipur í mannlegum samskiptum, þjónustulundaður, geti unnið sjálfstætt og hafi metnað fyrir því að ná árangri í starfi.

Áhugasömum er bent á að senda inn umsókn á netfangið starfsmannahald@hagkaup.is eða hafa samband við Arndísi Arnarsdóttur í síma 563-5000.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ERTU Á RÉTTUM STAÐ?

Kíktu á www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

NORDKYN KRAFTLAG

Nordkyn Kraftlag AL er fyrirtæki sem framleiðir, selur og dreifir raforku. Fyrirtækið hefur 12 starfsmenn. Stjórn þess hefur aðsetur í Kjøllefjord í Norður-Noregi þar sem búa 1150 manns. Strandferðaskip koma þangað daglega, þjóðvegur tengist staðnum og flugferðir eru um Mehamn-flugvöll. Á staðnum er fyrir hendi öll nauðsynleg þjónusta, svo og ýmis starfsemi og góðar aðstæður til útvistar allt árið um kring. Þeir sem búa á Finnmörku fá afslátt af námslánum, lægri skatta og hærri barnabætur.

Rafveituvirki (Energimontør)

Nordkyn Kraftlag AL vill ráða tvo rafveituvirkja

Starfið:
- Smíð, rekstur og viðhald háspennu- og lágspennuvirkja, svo og ljósleiðara
- Eftirlit með kerfum og búnaði

Hæfniskröfur:
- Sveinsbréf skv. A- eða H-flokki í Noregi eða sem rafveituvirki (háspennuvirki)
- Ökuskírteini sem samsvarar a.m.k. B-flokki í Noregi
- Þessi er krafist að umsækjandi geti tjáð sig á norsku eða dönsku

Persónulegir eiginleikar:
- Sveigjanleiki
- Þjónustulund
- Ábyrgð
- Geta til að starfa sjálfstætt

Við bjóðum upp á:
- góða framtíðarmöguleika
- samkeppnishæfar aðstæður
- góð eftirlaun og tryggingar
- áhugaverð og fjölbreytt verkefni við hlýlegar aðstæður
- aðstoð við útvegun húsnæðis

Nánari upplýsingar gefur Per-Kåre Langås
í síma 0047 78 49 97 00 eða 0047 916 53 364.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2009.
Skriflegar umsóknir sendist til:
Nordkyn Kraftlag AL
Strandveien 114
N-9790 KJØLLEFJORD
Norge

Netfang: per@nordkyn-kraftlag.no

„...fyrst á visir.is"

visir.is
...ég sá það á visir.is

Skapandi sumarstörf

Ertu á aldrinum 17 - 25 ára og hefur áhuga á menningu og listum?

Hitt Húsið auglýsir eftir umsóknum í Skapandi sumarstörf á vegum Reykjavíkurborgar Hópum eða einstaklingum býðst tækifæri á að starfa í 8 vikur á timabilinu 2. júní - 28. júlí við framkvæmd hugmynda sinna.

Skila þarf inn umsókn þar sem fram koma eftirfarandi upplýsingar:

- Greinargóð lýsing á verkefninu, umfangi þess og markmiðum.
- Tíma- og verkáætlun verkefnisins.
- Fjárhagsáætlun.
- Upplýsingar um alla aðstandendur verkefnisins og tilgreina einn aðila sem tengilið verkefnisins.
- Auk þess skal sækja um "Skapandi sumarstörf" á www.reykjavik.is/sumarstorf og útprentuð staðfesting frá þeim verður að fylgja umsókninni

Umsóknarfrestur er til 19. apríl. Umsóknum skal skilað í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3 - 5, 101 Reykjavík, merktum „Skapandi sumarstörf"

Upplýsingar í síma 411 5526

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

Áhugaverð og gagnleg starfsemi í Rauðakrosshúsinu

Allir velkomnir í Rauðakrosshúsið

Rauðakrosshúsið er miðstöð fyrir alla landsmenn þar sem einstaklingar og fjölskyldur geta leitað stuðnings við að takast á við breyttar aðstæður, fengið ráðgjöf um margvísleg úrræði sem bjóðast í samfélaginu - eða nýtt krafta sína öðrum til gagns. Öll þjónusta og viðburðir eru gestum að kostnaðarlausu.

Fagaðilar veita ráðgjöf

Í Rauðakrosshúsinu getur fólk sótt sér sálrænan stuðning hjá fagaðilum úr áfallateymi Rauða krossins sér að kostnaðarlausu. Sérþjálfaðir sjálfboðaliðar taka á móti fólki og aðstoða það við að finna úrræði við hæfi . Ýmsir aðrir sérfræðingar veita ráðgjöf, m.a. frá samstarfsaðilum en þeir eru Fjármálastofa heimilanna, Þjóðkirkjan og Öryrkjabandalag Íslands.

Félagsstarf og fræðsla

Rauðakrosshúsið er vettvangur fyrir ýmis konar félagsstarf og fræðslu (sjá nánari dagskrá á heimasíðunni raudakrosshusid.is). Þar er aðstaða fyrir börn, kaffihorn þar sem lesa má blöð og bækur, tölvuver, námskeið og ýmislegt fleira. Gestir eru hvattir til að nýta sér aðstöðuna og félagsskap annarra til að halda uppi lifandi starfi í Rauðakrosshúsinu. Dagleg starfsemi er í höndum sjálfboðaliða.

Námskeið vikuna 9. - 13. mars

Sálrænn stuðningur

Á námskeiðinu verður fjallað um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks og viðbrögð þess í kjölfar slíkra atburða. Bent verður á hvað er mikilvægt fyrir fólk að gera í þessu sambandi til þess að mæta vandanum á uppbyggilegan hátt. Þá verður einnig farið yfir það hvernig best er að mæta börnunum í þeim aðstæðum sem nú ríkja hér á landi.

Götubörn í Windhoek í Namebíu

Kynning á niðurstöður meistararitgerðar í Þróunarfræðum um aðstæður götubarna í Windhoek höfuðborgar Namibíu. Fjallað verður um rannsóknarspurningu verkefnisins sem er: Eru götubörnin í Windhoek leiðtogar í sínu lífi eða eru þau fórnarlömb aðstæðna?

Foreldrafærni

Kynning á lykilatriðum í foreldrafærni sem geta skipt sköpum ekki síst á óvissutímum. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þessara þátta í góðu uppeldi.

Endurlífgun

Oftast eru það vinir eða ættingjar sem fyrstir koma á vettvang þegar einhver slasast eða veikist alvarlega? Stutt skyndihjálparnámskeið getur gert þér kleyft að bjarga mannslífi þegar mínútur skipta máli. Á þessu stutta námskeiði verða nær eingöngu verklegar æfingar. Allir þátttakendur fá að æfa endurlífgun (hjartahnoð og blástur) og losun aðskotahlutar úr öndunarvegi.

Grundvallaratriði í ljósmyndun

Farið verður í þá þætti ljósmyndunar sem oftast "klikka" hjá fólki og nokkur einföld og hagnýt ráð um ljósmyndun gefin sem geta gert góðar ljósmyndir en betri. Létt spjalla og fyrirspurnir í lok kynningar.

Ráðgjafastofa um fjármál heimilana

Kynning á hlutverki og helstu verkefnum stofnunarinnar. Fyrirspurnir og spjall í lok kynningar.

Rauðakrosshúsið

Borgartún 25 • Sími: 5704000 • www.raudakrosshusid.is • Opið alla virka daga kl. 14-18

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Atvinna

GRINDAVÍK

Staða skólastjóra við nýjan grunnskóla í Grindavík er laus til umsóknar

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að móta starf í nýjum grunnskóla sem tekur til starfa næsta haust. Í upphafi verða í skólanum u.þ.b. 90 nemendur í 1. og 2. bekk en ráðgert er að í skólanum verði nemendur á yngsta stigi í nánustu framtíð.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Kennarapróf og kennslureynsla á grunnskólastigi
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða stjórnunarreynsla í grunnskóla
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsókninni skal fylgja greinargerð um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna skólastjórastarfi. Jafnframt fylgi umsókninni greinargerð þar sem reifaðar eru hugmyndir umsækjanda um starfið og þær áherslur sem hann vill leggja í skólastarfinu til framtíðar.

Umsóknarfrestur er til 23. mars 2009. Viðkomandi þarf að geta hafið störf hinn 15. apríl 2009.

Allar upplýsingar um stöðuna veita Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, bæjarstjóri, netfang: jonak@grindavik.is og Nökkvi Már Jónsson, skólamálafulltrúi, netfang: nmj@grindavik.is í síma 420 1100.

ICEWEAR

FATAHÖNNUÐUR - ½ STARF

Icewear óskar eftir að ráða hönnuð í ½ starf.

Starfið felst í hönnun og vöruþróun á fatnaði með aðaláherslu á prjón sem er markaðssettur bæði innanlands og erlendis

Menntunarkröfur:
- Fatahönnunarnám
- Haldgóð undirstöðumenntun-Stúdentspróf.
- Klæðskeramenntun og/eða tæknimenntun á sviði fataþróunar og undirbúnings fatnaðar fyrir framleiðslu.

Hæfniskröfur:
- Reynsla af störfum í fataiðnaði og vöruþróun fatnaðar er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að taka ábyrgð
- Áreiðanleiki og hæfni til að vinna undir álagi
- Skipulagshæfileikar og námkvæmni
- Gott vald á ensku.
- Góð almenn tölvuþekking, Illustratror, Photoshop, Word og Excel

Um er að ræða spennandi og krefjandi starf í ört vaxandi fyritæki. Ferðalög erlendis er hluti af starfinu. Áhugasamir sendi umsóknir til Drífu ehf, Suðurhrauni 12 C, 210 Garðabæ. agust@icewear.is og hilda@icewear.is fyrir 15. mars. Umsóknum ekki svarað í síma.

Um Icewear: Icewear var stofnað 1972 og starfaði í ullariðnaði. Á undanförum árum hefur fyritækið þróðað útvistarlínu sem er seld í yfir 300 verslunum í Evrópu og Norður Amríku ndir vörumerkjunum Icewear og Norwear.

Útboð

Húsfélagið Álfheimum 26-30 óskar eftir tilboðum í endurnýjun á þaki húseignarinnar.

Helstu magntölur eru:

Þakjárn	700 m²
Rennur	100 m
Niðurföll	80 m

Áhugasömum bjóðendum er bent á að hafa samband við Hrafnkel í síma 869-9674 eftir kl. 16:00 eða á netfanginu alfheimar28@gmail.com. Tekið verður við tilboðum laugardaginn 28. mars nk. kl. 11:00-13:00. Húsfélagið áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Auglýsingasími 512 50 50 Mest lesið

ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:

Málningarvinna í fasteignum Reykjavíkurborgar, vesturhluta.

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 2.000, frá kl. 14:00, mánudaginn 9. mars 2009 í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 18. mars 2009 kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12230

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

VALHÚSASKÓLI SELTJARNARNESI
Viðhaldsframkvæmdir
FORVAL

VSÓ Ráðgjöf, fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar, efnir til forvals vegna viðhaldsframkvæmda við Valhúsaskóla til að velja þátttakendur í fyrirhugað lokað útboð.

Verkefnið felst í viðgerðum á steyptum byggingarhlutum á þaki hússins ásamt endurnýjun þakpappa. Áætlaður verktími er 1. júní 2009 - 11. september 2009.

Forvalsgögn verða afhent frá og með **þriðjudeginum 10. mars 2009** í mótttöku VSÓ Ráðgjafar, Borgartúni 20, 105 Reykjavík. Hægt er að óska eftir gögnum á rafrænu formi með því að senda póst á netfangið vso@vso.is.

Umbeðnum upplýsingum í forvalsgögnum skal skilað í móttöku VSÓ Ráðgjafar eigi síðar en **kl. 15:00 þriðjudaginn 31. mars 2009.** Allt að fimm hæfum aðilum verður gefinn kostur á að taka þátt í lokuðu útboði.

VSÓ RÁÐGJÖF

Námskeið

VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – Heimasíða: www.ver.is

Námskeið í áhættumati á störfum

Samkvæmt nýlegri reglugerð (920/2006) skal gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á öllum vinnustöðum. Áhættumat starfa er hluti af slíkri áætlun.
Vinnueftirlitið heldur námskeið þar sem kennd er aðferð til nota við gerð áhættumats.

Námskeiðið er ætlað atvinnurekendum, öryggisnefndum, ráðgjöfum, eftirlitsaðilum og öðrum sem áhuga hafa á að fræðast um gerð áhættumats.

Næstu námskeið í Reykjavík verða 17. mars, 21. apríl og 12. maí nk.
Staður: Ökuskólinn í Mjódd, Þarabakka 3, Rvík. kl. 13:00 - 17:00

Sjá nánar á heimasíðu Vinnueftirlitsins: www.vinnueftirlit.is

Skráning í síma 550 4600 (skiptiborð Vinnueftirlitsins) eða á netfangið vala@ver.is

Hugarfar

Félag fólks með heilaskaða, aðstandenda þeirra og annarra áhugasamra.

Félagsfundir vorið 2009 verða sem hér segir:

11. mars 2009.	**Umræðuefnið verður um þráhyggju**
21. apríl 2009.	**Aðalfundur**
12. maí 2009.	**Umræðuefnið verður auglýst síðar.**

Allir fundirnir verða að Hátúni 10. jarðhæð frá kl. 20,00 – 22,00.

Nánar auglýst á heimasíðu okkar er nær dregur; hugarfar.is

HAFNARFJÖRÐUR
www.hafnarfjordur.is
ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Auglýsing um skipulag

Breyting á mörkum deiliskipulags Lækjargata – Hringbraut – Öldugata í Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 10. febrúar 2009, að auglýsa breytingu á mörkum deiliskipulags Lækjargata – Hringbraut - Öldugata í Hafnarfirði, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að mörkum skipulagssvæðisins er breytt þannig að lóðir nr. 1-23 austan Öldugötu munu tilheyra skipulagi „Öldugata, Öldutún 2-6, Öldulóð 1-10 og 12 og Hringbraut 1-15". Það skipulag var samþykkt i bæjarstjórn Hafnarfjarðar 25. nóvember 2008. Jafnframt eru skilmálar varðandi þessar lóðir samkv. skipulagi Lækjargata - Hringbraut - Öldugata felldir úr gildi.

Breyting á deiliskipulagi Norðurbakka, Norðurbakka 5 í Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 10. febrúar 2009, að auglýsa tillögu um breytingu á deiliskipulagi Norðurbakka, Norðubakka 5 í Hafnarfirði, skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst m.a. í að felld er niður krafa um niðurgrafna spennistöð og grenndargám.

Tillaga að deiliskipulagi í Kapelluhrauni 2. áfanga í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2009, að auglýsa tillögu um deiliskipulag Kapelluhrauns 2. áfanga í Hafnarfirði, skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Um er að ræða nýtt iðnaðarsvæði með 26 lóðum þar sem lóðastærð er frá 3.036 m² til 17.885 m². 16 lóðir eru flokkaðar sem B3 og 10 lóðir eru flokkaðar sem B2 sem er í samræmi við flokkanir skilgreindar í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025.

Deiliskipulögin verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 6. mars 2009 - 3. apríl 2009 ásamt deiliskipulagi „Öldugata, Öldutún 2-6, Öldulóð 1-10 og 12 og Hringbraut 1-15", sem hefur verið samþykkt í bæjarstjórn. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is/skipulag_og_framkvaemdir/skipulag. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 17. apríl 2009. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytingarnar innan tilskilins frests, teljast samþykkir þeim.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

Aðalfundur
ASTMA- OG OFNÆMISFÉLAGIÐ
heldur AÐALFUND

Þriðjudaginn 10.mars n.k. kl. 18.00
að Síðumúla 6 í húsakynnum SÍBS.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

FIRMA CONSULTING

Ráðgjöf til fyrirtækja

Firma Consulting er óháð ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfir sig í stórum og millistórum fyrirtækjum

Magnús Hreggviðsson viðskiptafræðingur og löggiltur fyrirtækja-, fasteigna- og skipasali. Magnús er með áratuga reynslu af endurskoðunarstörfum, sem rekstrarráðgjafi, fyrirtækja- og fasteignasali, útgefandi, fasteignarekandi, „land-developer" í Smárahvammi og starfandi stjórnarformaður í nokkrum fyrirtækjum. Er aðalráðgjafi hjá Firma Consulting. (magnus@firmaconsulting.is)

Firma Consulting, Þingaseli 10, 109 Reykjavík, GSM: (+354) 820 8800 og (+354) 896 6665, Fax: (354) 557 7766, Veffang: firmaconsulting.is

Menningarstarf í Kópavogi

Lista- og menningarráð Kópavogs auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna/viðburða á sviði menningar og lista í Kópavogi.

Einstaklingar, félagasamtök og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum. Styrkþegum ber að skila greinargerð um nýtingu styrks eigi síðar en 6. mánuðum eftir úthlutun.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum umsóknareyðiblöðum fyrir **10. apríl** nk., ásamt fylgiskjölum.

Eyðublöðin fást í Þjónustuveri Kópavogsbæjar, Fannborg 2, og á heimasíðu Kópavogs, www.kopavogur.is

Lista og menningaráð Kópavogs veitir styrki til menningarstarfs í Kópavogi tvisvar á ári, í október og apríl.

Umsóknum skal skilað til:
Lista- og menningarráðs Kópavogs
Fannborg 2, 2. hæð
200 Kópavogi

Nánari upplýsingar veitir deildarstjóri menningarmála, Linda Udengård í síma 570- 1500 eða linda@kopavogur.is

Lista- og menningarráð Kópavogs

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

Aðalfundur Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands 2009
Þriðjudaginn 17. mars 2009 að Laugavegi 120, 5. hæð kl. 17:00

Dagskrá:
1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til umræðu og staðfestingar
2. Skýrsla stjórnar um starfið frá síðasta aðalfundi
3. Endurskoðaðir reikningar fyrir síðasta almanaksár lagðir fram til samþykktar
4. Kosning stjórnarmanna skv. lögum félagsins
5. Lagabreytingar
6. Starfs- og fjárhagsáætlanir næsta árs lagðar fram til umræðu
7. Önnur mál

Boðið verður upp á léttar veitingar

Minningarsjóður Guðjóns Samúelssonar

Minningarsjóður dr. phil. húsameistara Guðjóns Samúelssonar auglýsir hér með eftir umsóknum um styrkveitingar úr sjóðnum. Styrkir eru veittir annað hvert ár og fer styrkveiting fram í áttunda sinn þann 22. apríl 2009.

„Það þarf auðvitað að skoða okkur karlana eins og bílana og blessaðar konurnar, en hingað til hefur vakning verið mest í sambandi við kvennakrabbamein. Því fögnum við karlar þessu ágæta átaki því ekki virðist vanþörf á að vekja okkur aðeins," segir Helgi Harðarson, skoðunarmaður hjá Frumherja, sem er einn af styrktaraðilum átaksins Karlar og krabbamein. Hann bætir við að ungum mönnum sé heilsubrestur síst í huga, en menn verði meðvitaðri um hverfulleika lífsins eftir því sem þeir verða eldri. Því væri gott að geta farið til læknis í almenna skoðun og fengið staðfest að kroppurinn væri í pottþéttu standi.

„Oftast er það nú óvart sem krabbamein uppgötvast hjá körlum, en ég hef á tilfinningunni að menn séu að verða samviskusamari gagnvart eigin kroppi við þessa vakningu. Auðvitað væri réttast að geta gengið að árvissri læknisskoðun, rétt eins og okkur er fyrirskipað að fara með bílinn okkar í árlega skoðun þegar hann nær vissum árafjölda. Líkaminn hlýtur að vega þyngra en bíllinn og eftir því sem við eldumst verður nauðsynlegra að kíkja á ástandið," segir Helgi sem býður viðskiptavinum Frumherja að kaupa strikamerki í þremur verðflokkum til stuðnings Krabbameinsfélaginu.

„Hér er alltaf mikið rennerí og meirihlutinn karlar að koma með bílana í skoðun. Flestir fara milliveginn og kaupa strikamerki á 500 krónur, en margt smátt gerir eitt stórt. Okkur Frumherjafólki finnst góð tilfinning að veita fjölskyldum öryggi með því að yfirfara ástand bifreiða þeirra, og ekki síst að safna fjármunum fyrir Krabbameinsfélagið og leggja málefninu lið."

- þlg

Helgi Harðarson starfar sem skoðunarmaður hjá Frumherja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gerum þetta með stæl

„Við studdum Krabbameinsfélag Íslands í fyrra, þrátt fyrir að taka ekki beint þátt í herferðinni Karlmenn og krabbamein, og hlutum góðar viðtökur. Apótekin og viðskiptavinirnir voru mjög ánægðir með þetta framtak hjá okkur. Við ákváðum því að gera þetta með meiri stæl í ár og þannig undirstrika sameiginleg markmið Krabbameinsfélagsins og Nicotinell í baráttunni gegn reykingum," útskýrir Brynjúlfur Guðmundsson, sölu og markaðsstjóri fyrirtækisins Artasan sem er með umboðssölu á Nicotinelli lyfjum, svo sem tyggigúmmíi, munnsogstöflum og plástrum. Rannsóknir sýna að með því að nota Nicotinelli vörur geta reykingamenn tvöfaldað möguleika sína á að hætta tóbaksreykingum til frambúðar.

Í fyrra runnu 20 krónur af hverjum seldum Nicotinelli pakka beint til Krabbameinsfélags Íslands. Í ár ætla forsvarsmenn fyrirtækisins að bæta um betur, með því að láta 100 krónur af hverjum seldum pakka renna til félagsins, og gildir þá einu um hvernig vöru er að ræða eða hvar hún er keypt. „Það skiptir engu máli hvort þú kaupir Nicotinelli tyggigúmmí, munnsogstöflur eða plástra, í litlum eða stórum umbúðum, í apóteki eða almennum verslunum; Alltaf renna hundrað krónur af hverjum pakka til félagsins," bendir Brynjúlfur á og bætir við að 460.000 krónur safnast hafi safnast í fyrra, en nú sé stefnt að því að safna einni og hálfri milljón íslenskra króna.

Að mati Brynjúlfs er mjög mikilvægt að benda á skaðsemi reykinga og ekki síst um þessar mundir. Því þótt honum sé ekki kunnugt um að tilfellum lungnakrabbameins hafi fjölgað að undanförnu viti hann hins vegar til þess að tóbakssala hafi aukist í efnahagskreppunni. „Við erum að reyna að spyrna gegn þeirri þróun með því að fá fólk til að hætta reykingum með eða án hjálpar Nicotinell. Við skulum muna að landlæknir hefur lýst því yfir að reykingar séu helsta heilsuvandamál 21. aldarinnar, enda ekki að ósekju þar sem einn Íslendingur deyr á dag af völdum reykinga."

- rve

Brynjúlfur segir rannsóknir sýna að með notkun nikótínvara geti einstaklingur tvöfaldað möguleikana á að hætta reykingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kjartan Freyr og Arnbjörg, móðir hans, tókust saman á við erfið veikindi Kjartans sem er orðinn mun hraustari í dag en er þó undir eftirliti. MYND/HELGI GARÐARSSON

Þakklát fyrir hjálpina

„Sonur minn greindist með krabbamein 21. apríl 2008 og var þá tólf ára. Breytingin frá því ég fór með hann til læknis var afar hröð. Hann hafði verið mjög þreyttur og alltaf með blóðnasir þannig ég fór með hann til heimilislæknis. Um kvöldið fórum við með hann suður og hann greindist eftir miðnætti. Daginn eftir var allur líkaminn þakinn húðblæðingum og hann varð bara allt annað barn á einum sólarhring," segir Arnbjörg Kjartansdóttir, starfsmaður hjá Alcoa. Sonur hennar, Kjartan Freyr Hlöðversson, greindist með beinmergshvítblæði og var í stífri átta mánaða meðferð við því. „Hann er mjög hress í dag, eiginlega vonum framar, en lífið tók eiginlega stakkaskiptum þarna á einum degi," segir hún og bætir við: „Vissulega var skelfilegt að fá þessar fréttir en í raun áttaði ég mig ekki almennilega á þessu fyrr en seinna. Maður fer í einhvern gír en Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna veitti mér og syni mínum mikinn stuðning."

Fyrirtækið Alcoa Fjarðaál stóð einnig þétt við bakið á Arnbjörgu og fjölskyldu á þessum tíma. „Ég og eiginmaður minn, fósturfaðir Kjartans, vinnum bæði hjá Fjarðaáli og var vinnustaðurinn mjög sveigjanlegur. Um leið og ég fór suður fékk maðurinn minn að breyta yfir í dagvaktir því við eigum tvö yngri börn sem eru í skóla og leikskóla. Auk þess fékk ég fjárhagslega aðstoð og aðra hjálp þannig að ég þurfti ekki að hafa neinar áhyggjur af vinnumissi eða öðru og veitti það mikið öryggi að þurfa ekki að hugsa um það líka," segir hún og nefnir að hún hefði vart mátt til þess hugsa að vera án þeirrar hjálpar sem fyrirtækið veitti henni. „Vinnustaðurinn er í raun eins og fjölskylda," segir hún og hvetur fólk í sömu sporum til að þiggja alla hjálp sem býðst. - hs

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Ófeigur í faðmi fjölskyldunnar. „Eitt það erfiðasta er tilhugsunin um að kveðja börnin sín og því vil ég vera til staðar fyrir dætur mínar eins lengi og ég get. Þó svo líkamleg líðan sé ekki góð núna þá er andleg líðan mjög góð. Planið er að komast yfir þennan hjalla og fara að vinna aftur," segir hann.

Tek þetta á bjartsýn

Ófeigur Gústafsson lætur ekki deigan síga þrátt fyrir að hafa greinst með krabbamein og nýtur þar ómetanlegs stuðnings aðstandenda.

„Ég greindist 17. júní 2008 og hafði fundið fyrir þessu lengi en leitaði mér því miður ekki hjálpar við því strax," segir Ófeigur Gústafsson, 29 ára fjölskyldufaðir sem starfar hjá Alcoa Fjarðaáli, en hann er með ólæknandi krabbamein. „Ég fann fyrir miklum kviðverkjum og greindist með krabbamein í gallgöngum, sem er mjög sjaldgæft. Ég tók þeim fregnum hins vegar með jafnaðargeði og bjartsýni þar sem í raun var ekkert annað að gera en að taka í hornin á nautinu," segir hann einlægur og hvetur karlmenn til að láta skoða sig ef þeir kenna sér meins. Ófeigur gat hins vegar ekki hafið meðferð fyrr en þremur mánuðum síðar þar sem hann glímdi við lifrarbilun. „Horfurnar þetta sumar voru vægast sagt slæmar en fyrir eitthvert kraftaverk og frábæra lækna komst ég í gegnum þetta og gat þá hafið meðferð."

Krabbameinsmeðferð er langt og strangt ferli og þá er dýrmætt að mæta skilningi í samfélaginu. Ófeigur starfaði hjá Alcoa Fjarðaáli þegar hann greindist og gerir enn. Þar hefur hann notið mikils stuðnings. „Fjarðaál hefur staðið á bak við mig eins og klettur og í raun mun meira en ég bjóst við. Maður hefur heyrt sögusagnir um að fyrirtæki reyni að losa sig við starfsfólk sem lendir í svona en annað er upp á teningnum á mínum vinnustað. Vaktin mín og minn yfirmaður hafa sérstaklega stutt mig," segir Ófeigur hrærður og nefnir dæmi: „Fólk fékk frí til að koma í dagsheimsóknir til mín suður á sjúkrahúsið, yfirmaður minn hringdi reglulega til að heyra í mér og peppa mig upp, tekin var hópmynd af vaktinni og hún send með baráttukveðjum og fólk tók sig saman og vann fyrir mig til að styrkja mig. Oft var erfitt að tala við vinnufélagana þar sem ég varð klökkur yfir þeim gríðarlega samhug og stuðningi sem þau sýndu mér." Einnig þykir Ófeigi ómetanlegt að þurfa ekki að hafa áhyggjur af vinnunni á meðan hann berst við sjúkdóminn. „Víst er um nóg að hugsa þó áhyggjur af starfi og afkomu bætist ekki við," segir hann og heldur áfram: „Einnig er mikilvægt að hafa að einhverju að stefna

Áhersla á velferð starfsfólks

Alcoa Fjarðaál er aðalstyrktaraðili átaksins Karlmenn og krabbamein sem Krabbameinsfélag Íslands stendur fyrir, en í fyrra keypti fyrirtækið 225 bleikar slaufur til styrktar leit á brjóstakrabbameini hjá konum. „Okkur þykir ekki síður mikilvægt að styrkja viðleitni Krabbameinsfélagsins við að vekja athygli karla á krabbameini en á síðustu árum hefur sjónum meira verið beint að konum, enda fer fram skipuleg leit að krabbameini meðal þeirra," segir Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi.

Samstarf Alcoa Fjarðaáls við Krabbameinsfélag Íslands hófst með kaupum á bleiku slaufunni en þá kviknaði hugmyndin að því að Fjarðarál yrði aðalstyrktaraðili átaksins Karlmenn og krabbamein. „Að þessu sinni er álnæla seld til styrktar átakinu. Fjarðaál leggur mikla áherslu á heilbrigði og forvarnir en í fyrirtækinu fer fram heilmikil vinna sem tengist því. Við höfum hvatt fólk til að taka upp holla lifnaðarhætti og í fyrirtækinu er starfandi heilsugæsla sem hefur meðal annars lagt hönd á plóginn," segir Tómas Már og nefnir að í næstu viku verði forvarnarátak í álverinu á Reyðarfirði til að vekja athygli á átakinu Karlmenn og krabbamein.

„Auðvitað er sérstaklega ánægjulegt að vera í samstarfi við Krabbameinsfélagið sem hefur unnið stórmerkilegt starf á sviði krabbameinsleitar og rannsókna," segir Tómas Már. „Eitt helsta gildi Alcoa Fjarðaáls er virðing fyrir einstaklingnum og lögð er áhersla á velferð starfsmanna. Okkar starfsmenn njóta að sjálfsögðu sömu veikindaréttinda og aðrir en auk þess höfum við reynt að vera sveigjanleg og koma til móts við þá sem veikjast eins og kostur er." - hs

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa, segir fyrirtækið leggja mikla áherslu á að hvetja starfsmenn til að hreyfa sig, borða holla fæðu og lifa almennt heilbrigðu lífi í forvarnarskyni.



MYND/ÓG

Nýbreytni í fjáröflun

Bryddað er upp á nýbreytni í fjáröflun í átakinu Karlmenn og krabbamein.

Sérstakir styrktarmiðar eru til sölu hjá öllum samstarfsaðilum átaksins, þar á meðal öllum helstu matvöruverslunum landsins. Rennur allur ágóði af sölu miðanna óskiptur til Krabbameinsfélags Íslands. Miðarnir kosta 250, 500 og 1.000 krónur.

● VISSIR ÞÚ AÐ:

● Ávextir og grænmeti innihalda efni sem gera við frumur líkamans og koma í veg fyrir marga sjúkdóma.

● Rannsóknir benda til þess að tómatar og tómatafurðir geti dregið verulega úr áhættu á krabbameinum í blöðruhálskirtli.

● Mikið af rauðu kjöti og unnum kjötvörum getur aukið líkur á krabbameinum í meltingarvegi.

● Trefjaríkt fæði, t.d. korn og baunir, getur dregið úr hættu á ristilkrabbameini.

● Rannsóknir benda til að hvítlaukur og gulrætur séu öflug í baráttunni við krabbamein.

inni

og hafa hugfast að það er líf eftir greiningu. Þá er gott að vinnan bíði manns.“

Helsta ráðlegging Ófeigs til þeirra sem greinast er að gefast aldrei upp. „Jafnvel þó þér sé sagt að þú eigir bara einhverjar vikur eftir þá má ekki gefast upp. Mikilvægast er að safna saman öllum sínum yndisstyrk og nota hann. Veröldin hrynur þegar þér er sagt að þú sért með krabbamein og lífið stöðvast í smá tíma. Þó sjokkið komi strax þá tekur nokkra mánuði að meðtaka upplýsingarnar og sorgin er mikil, sérstaklega hjá aðstandendum. En þá má ekki leggja árar í bát,“ segir hann ákveðinn og bætir við kíminn: „Ég hef nú löngum verið þrjóskur og hef aldrei farið vel eftir fyrirmælum þannig ég ákvað að spyrna við og tek hverjum degi sem gjöf.“ - hs

MYND/BIG

100 KRÓNUR
AF HVERJUM SELDUM PAKKA RENNUR TIL ÁTAKSINS karlmennogkrabbamein.is*

Það besta sem þú gerir fyrir heilsuna er að reykja ekki!

Nicotinell styrkir

Karlmennogkrabbamein.is

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

*Í mars renna 100 kr. af hverjum seldum pakka af Nicotinell beint til átaksins karlmennogkrabbamein.is

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið var reykt. Lyfjatyggigúmmí: skammtar mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Munnsogstöflur: skammtar af 1 mg mega aldrei vera stærri en 30 stykki á dag og af 2 mg mest 15 stykki á dag. Plástrar: skammtar eru einn plástur á sólarhring, hvaða styrkleika skal nota fer eftir því hversu mikið var reykt. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 18 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare.
Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

Guðmundur Júlíusson, verslunarstjóri í Nóatúni, segir karlmenn kaupa minna af hollustuvörum en konur. Þeir kaupi frekar það sem þá langar í hverju sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Karlar kaupa sjaldnar lífrænt

Guðmundur Júlíusson hefur verið verslunarstjóri í Nóatúni í tólf ár. Hann segir kaup á lífrænni vöru hafa verið nánast óþekkta þegar hann hóf störf í verslun.

„Það var varla til lífræn vara þegar ég byrjaði og maður þekkti hana ekkert, en aukningin hefur verið mikil síðustu fjögur, fimm árin. Þeir sem á annað borð hafa vanið sig á þessar vörur halda sig við þær," segir Guðmundur. „Lífrænar vörur eru yfirleitt dýrari og fólk heldur kannski aðeins um aurinn núna."

Guðmundur segir konur í miklum meirihluta kaupa hollustuvörur og lífrænar. Þær leggi meiri hugsun í innkaupin en karlarnir sem grípi yfirleitt það sem þá langar í þá stundina.

„Konurnar kaupa meira af hollustuvörum, það er ekki spurning. Við karlar hugsum ekki eins mikið þegar við erum að kaupa inn og drífum innkaupin bara af. Þá kippum við hverju sem er úr hillunum. Annars er nú örugglega einhver hópur karlmanna sem hugsar út í hollustuna, en meðal karlmaðurinn er samur við sig miðað við það sem ég tek eftir hér í búðinni," segir Guðmundur og viðurkennir að sjálfur kaupi hann frekar það sem hann langar í en lífrænt hollustunnar vegna.

„Ef ég finn vöru sem ég er ánægður með þá kaupi ég hana, en ég eltist nú ekki sérstaklega við lífrænt."

- rat

Ferskleikinn forréttindi

Þriðjungur þess sem við setjum á matardiskinn okkar skal vera grænmeti eða ávextir. Íslenskt grænmeti er hlaðið næringarefnum og einstaklega ferskt.

Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri Sölufélags garðyrkjumanna, segir íslenskt grænmeti einstakt að ferskleika.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gildi grænmetis fyrir heilsuna er löngu sannað. Tómatur inniheldur til dæmis B1-vítamín, C- og A-vítamín, auk járns og kalíum, að ógleymdum trefjunum, en næg trefjaneysla er talin vera vörn gegn krabbameini í ristli. Einnig innihalda tómatar andoxunarefnið lýkópen sem er talið vörn gegn krabbameini. Sérstök tegund tómata er ræktuð hér á landi sem hefur verið nefnd heilsutómatar.

„Íslenskir garðyrkjubændur framleiða margar tegundir af tómötum," útskýrir Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri Sölufélags garðyrkjumanna. „Venjulega tómata, plómutómata, kirsuberjatómata og konfekttómata svo eitthvað sé nefnt og svo heilsutómatana. Allir tómatar eru hollir en heilsutómatarnir innihalda þrefalt meira magn af efninu lýkópen en aðrir tómatar. Heilsutómatarnir eru ræktaðir af bóndanum á Melum á Flúðum."

Kristín segir að það sem geri íslenska tómata og íslenskt grænmeti yfir höfuð einstakt að bragðgæðum og hollustu sé ræktunartækni íslenskra garðyrkjubænda.

„Íslenska grænmetið er bragðmeira en erlent grænmeti. Ástæðan er sú að við notum íslenskt hreint vatn og grænmetið fær að þroskast á plöntunni í friði þann tíma sem það þarf því ekki þarf að tína grænmetið snemma til dæmis vegna langra flutninga. Hér er grænmetið komið til neytenda daginn eftir að það er tínt, eins ferskt og það getur verið. Það er alls ekki sjálfsagður hlutur og í raun forréttindi að hafa aðgang að þessum ferskleika vegna nálægðarinnar við sveitina og ræktendur."

Kristín bendir einnig á að við ræktun grænmetis á Íslandi séu ekki notuð vaxtarörvandi efni eða eitur á plönturnar. Garðyrkjubændur notist við náttúrulegar varnir eins og býflugur. Einnig sé lágt hitastig hér á landi kostur þegar kemur að útiræktun því grænmetið fær að þroskast hægt og á sínum hraða sem skerpi bragðgæðin.

„Íslendingar eru meðal færustu þjóða í heimi í ræktun grænmetis í gróðurhúsum. Slagorðið Einn tómatur á dag kemur heilsunni í lag á sannarlega við um íslenska tómata," segir Kristín.

Á heimasíðunni www.islenskt.is er að finna greinargóðar upplýsingar um ræktun grænmetis á Íslandi og nánari fróðleik um heilsu tómata.

- rat

„Allir tómatar eru hollir en heilsutómatar innihalda þrefalt meira magn af efninu lýkópen en aðrir tómatar," segir Kristín Linda.

NORDICPHOTOS/GETTY

Nota hugmyndaflugið

Nanna Rögnvaldardóttir, matgæðingur og höfundur matreiðslubóka á borð við Matarást, vann uppskriftir í þriðja bindið af Af bestu lyst í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands, Hjartavernd og Lýðheilsustöð. Hún segir hollt mataræði eitt af grundvallaratriðum góðrar heilsu.

„Mataræði og hreyfing eru þeir ytri þættir sem fólk getur haft áhrif á sjálft. Öðrum þáttum eins og loftslagi og mengun getur fólk ekki stýrt. Mér finnst mikilvægt að börn læri snemma að borða hollt og að ekki sé haldið að þeim feitum eða sætum mat. Auðvitað er alltaf hægt að breyta mataræðinu en það er auðveldara ef fólk hefur vanist hollu."

Nanna Rögnvaldardóttir matgæðingur mælir með því að prófa nýjar uppskriftir með ódýru grænmeti.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Nanna leggur áherslu á að þriðjungur matardisksins fari undir kjöt eða fisk, þriðjungur undir kolvetni eins og grjón eða kartöflur og svo þriðjungur undir grænmeti og ávexti. Fjölbreytt fæða skili bestum árangri þegar kemur að forvörnum gegn sjúkdómum.

„Bara að fæðan sé fjölbreytt og holl og innihaldi mikið af grænmeti og hollari fitutegundum. Því auðvitað þarf að vera fita en ekki mettuð fita heldur mjúk eins og olíur og jurtafeiti."

Nanna bendir einnig á að nú sé grænmeti dýrara en undanfarið og mælir með því að fólk láti hugmyndaflugið ráða í kreppunni við matargerðina. Hún bendir á að leita uppskrifta á netinu.

„Það er um að gera að skoða eitthvert annað grænmeti en maður er vanur og leita að nýjum leiðum til að nýta ódýrt íslenskt grænmeti. Til dæmis þekkir fólk gulrófur bara soðnar eða sem rófustöppu og finnst þær kannski ekki spennandi en það er hægt að gera svo margt annað við þær. Baka þær í ofni eða steikja á pönnu eða rífa í salöt. Laukur er líka ódýrasta grænmeti sem völ er á og það er hægt að gera marga góða rétti úr honum fyrir lítinn pening."

- rat

Slæmt að brenna í sólinni

Sveinbjörn Kristjánsson, doktor og verkefnisstjóri hjá Lýðheilsustöð, skrifaði doktorsverkefni sitt um húðkrabbamein. Hann segir heilbrigðan lífsstíl snúast um að reykja ekki, hreyfa sig reglulega, borða holla fæðu, neyta áfengis í hófi og haga sér skynsamlega í sólinni.

„Húðkrabbamein er hættulegasta krabbameinið og það mein sem hefur aukist mest á Norðurlöndunum," segir Sveinbjörn. „Auk þess er aldurinn að færast neðar. Þetta er þó það krabbamein sem við vitum hvað veldur: útfjólublái geislar sólar og ljósabekkir."

Sveinbjörn segir mikilvægt að verja sig gegn sólinni. Hann segir skaðann meiri eftir því sem einstaklingur er yngri þegar hann brennur í sól. Hann segir ekki liggja fyrir hversu mikið notkun ljósabekkja spili inn í þá aukningu húðkrabbameins sem orðið hefur en aukningin sé meiri hjá ungum konum. Hann bendir þó á að karlmenn beri síður á sig sólarvörn.

„Karlmenn bera sjaldan á sig krem en á móti sækja þeir ekki eins í sólina og konur. Þó er munurinn ekki eins mikill milli drengja og stúlkna á notkun ljósabekkja í dag."

Sveinbjörn Kristjánsson, doktor og verkefnisstjóri hjá Lýðheilsustöð, segir mikilvægt að verja sig gegn útfjólublláum geislum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Spurður hvort hraði í samfélaginu geti haft áhrif á heilsufarið segir hann rétt álag í eðli sínu ekki þurfa að vera til ills. Mikilvægt sé þó að láta álagið ekki ná yfirhöndinni og gefa sér tíma fyrir hvíld, hreyfingu og hollt mataræði. Hreyfing og útivist sé mest heilsueflandi af öllu sem fólk gerir.

„Þetta hangir allt saman. Við höfum einbeitt okkur að ljósabekkjunum og Lýðheilsustöð, Geislavarnir ríkisins, Landlæknisembættið og Krabbameinsfélag Íslands standa fyrir átakinu Hættan er ljós. Þar beinum við okkar áróðri til foreldra fermingarbarna. Mér persónulega finnst að setja eigi 16 eða 18 ára aldurstakmark í ljósabekki."

- rat

Gagnlegt gegn krabbameini

Matur sem veitir vörn gegn krabbameini:

- Hvítlaukur
- Laukur
- Gulrætur
- Kál
- Spínat
- Soja
- Hörfræ
- Tómatar
- Tómatpúrra
- Svartur pipar
- Bláber, brómber, hindber
- Vínber
- Dökkt súkkulaði (70%)
- Appelsínu/sítrónusafi
- Grænt te
- Baunir
- Gróft korn

Sölustaðir og styrktaraðilar

SÖLUSTAÐIR STYRKTARMIÐA

Styrktarmiðar að upphæð 250, 500 og 1.000 krónur, eru til sölu hjá öllum samstarfsaðilum átaksins, þ.á.m. öllum helstu matvöruverslunum landsins.

Samstarfsaðilar Krabbameinsfélagsins og söluaðilar eru: Bónus, Krónan, Nettó, Samkaup, Nóatún, Hagkaup, 11-11, Kjarval, Penninn, Eymundsson, Frumherji, Íslandspóstur, Herragarðurinn og ÍTR/sundlaugar Reykjavíkur.

HERRABINDI OG SLAUFUR

Jafnframt eru til sölu þrílit herrabindi í öllum verslunum Herragarðsins til stuðnings átakinu. Þau kosta 4.990 krónur og tákna litirnir - blár, hvítur og fjólublár – þrjú algengustu krabbamein hjá körlum.

Sérhannaðar slaufur til styrktar átakinu eru einnig boðnar fyrirtækjum í landinu til kaups á 1.000 krónur stykkið og hefur fyrirtækjasvið Pennans veg og vanda að sölu þeirra.

Ágóði af átakinu fer til fræðslu og ráðgjafar við krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra.

STYRKTARAÐILAR ÁTAKSINS

Alcoa Fjarðaál er aðalstyrktaraðili átaksins Karlmenn og krabbamein. Aðrir styrktaraðilar eru Margt smátt, Nicotinell og Sölufélag garðyrkjumanna. Lýðheilsustöð er einnig stuðningsaðili átaksins.

Steinar á Facebook

Steinar, talsmaður átaksins Karlmenn og krabbamein, hefur verið önnum kafinn á samskiptavefnum Facebook og hefur nú þegar safnað á sjötta þúsund vina. Steinar hvetur alla Facebook-meðlimi til að heimsækja síðu átaksins og styðja við gott málefni. Þar er einnig hægt að fylgjast með framgangi átaksins, leita sér upplýsinga og taka þátt í umræðu um karlmenn og krabbamein.

Þá er hægt að leita sér upplýsinga á heimasíðu átaksins, www.karlmennogkrabbamein.is, sem og á heimasíðu Krabbameinsfélagsins, www.krabb.is.

● VISSIR ÞÚ AÐ:

- 3% allra núlifandi íslenskra karla hafa einhvern tímann greinst með krabbamein.
- Neysla áfengis eykur hættuna á sumum tegundum krabbameins. Því mun meira áfengi, þeim mun meiri áhætta.
- Tíðni illkynja húðkrabbameina hefur stóraukist á undanförnum áratug. Helsta orsökin er sólbruni.
- Dagleg hreyfing er mikilvæg fyrir heilsuna og getur komið í veg fyrir sum krabbamein.
- Ofþyngd eykur hættuna á krabbameinum af ýmsu tagi.
- Það eru tvöfalt meiri líkur á að reykingamenn deyi úr krabbameinum en þeir sem ekki reykja.
- Yfir 90% allra krabbameina í lungum má rekja til reykinga og reykingamenn eru líka í aukinni hættu fyrir öðrum krabbameinum.
- Á hverjum degi deyr einn Íslendingur vegna reykinga.

Mælingar
benda til þess að framtíðin sé björt

Allt sem þú gerir í dag hefur áhrif á vellíðan þína í framtíðinni. Gott líkamlegt ástand er lykillinn að betra lífi. Með því að vera meðvitaður um starfsemi líkamans og bera ábyrgð á heilsu þinni getur þú gripið inn í og komið í veg fyrir þróun sjúkdóma. Lyf & heilsa leggur áherslu á forvarnir í átt til betri heilsu og býður upp á þrenns konar mikilvægar mælingar sem segja til um líkamsástand þitt.

Ekki bíða lengur - komdu í heilsumælingu

- ***Blóðþrýstingur***
- ***Blóðsykur***
- ***Blóðfita***

Komdu í næsta apótek okkar og við aðstoðum þig við næstu skref. Nánari upplýsingar á www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
Við hlustum!

PIPAR • SÍA • 82289

ÓDÝR HEIMILISTÆKI

EINFÖLD, TRAUST OG ENDINGARGÓÐ TÆKI

BARKAÞURRKARI

Euroline T3048
Einfaldur 6kg ÞURRKARI með barka, 2 hitastigum og galvaniseraðri tromlu. Orkunýting C.

TILBOÐ **49.995**

FULLT VERÐ 64.995

85sm FRYSTISKÁPUR

Scancool SFS100
85sm og 85 lítra FRYSTISKÁPUR með 4 skúffum og 6kg frystigetu á sólarhring. Orkunýting A. Mál (hxbxd): 85x50,4x51,4sm.

TILBOÐ **49.995**

FULLT VERÐ 56.995

60sm ELDAVÉL

Euroline EU1628
60sm ELDAVÉL án blásturs með 4 steyptum hellum, 58 lítra ofni sem auðvelt er að þrífa, yfir- og undirhita, grilli, geymsluskúffu og barnalæsingu á ofnhurð. Mál (hxbxd): 85-90x60x60 sm.

TILBOÐ **59.995**

FULLT VERÐ 69.995

1000sn ÞVOTTAVÉL

Euroline WME1000
5kg ÞVOTTAVÉL með 500 og 1000 snúninga vindingu, 30-90° hitastilli, 30sm hurðaropnun, ullarkerfi, skolstoppi og hraðkerfi. Þvotthæfni A, orkunýtni A og vinduhæfni C. Mál (bxhxd): 60x85x60sm.

TILBOÐ **64.995**

FULLT VERÐ 74.995

BARKALAUS ÞURRKARI

Euroline TK4042
Barkalaus 6kg ÞURRKARI með krumpuvörn og barnaöryggi. Orkunýting C.

TILBOÐ **69.995**

FULLT VERÐ 79.995

UPPÞVOTTAVÉL

Beko DUN1300
60sm UPPÞVOTTAVÉL með 3 kerfum; skolun, 50° og 60°. Forþvottur. Vatnsflæðivörn. Þurrkar með hita frá elementum.Lætur vita ef gljáefni vantar.Þvottahæfni A. Orkunýtni A. Þurrkgeta B. Utanmál(hxbxd): 82x60x55sm.

TILBOÐ **74.995**

FULLT VERÐ 84.995

144sm KÆLIR/FRYSTIR

Scancool SKF220
144sm KÆLISKÁPUR með frysti og 5 glerhillum í kæli. 167 lítra kælir og 45 lítra frystir. Orkunýtni A. Mál (hxbxd): 144x55x60sm.

TILBOÐ **74.995**

FULLT VERÐ 79.995

186sm KÆLIR/FRYSTIR

Euroline C340
186sm KÆLISKÁPUR með frysti, 214 lítra kæli, 90 lítra frysti og glerhillum. Orkunýting A. Mál (hxbxd) 186,5x59,5x60sm.

TILBOÐ **89.995**

FULLT VERÐ 99.995

EUROLINE

scan domestic

BEKO

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



Endurgerðir Skaftáreldar í stundarfjórðungs kvikmynd. Fáir hafa lagt í að endurskapa þær hörmungar sem féllu yfir landið þegar eldarnir hófust snemma sumars 1783. Aðeins einn höfundur hefur sótt efni í eldana. Guðmundur Magnússon, eða Jón Trausti, samdi sagnaþætti úr eldsumbrotum og byggði þá meðal annars á munnmælum úr héraðinu.

megintilgangur verkefnisins, segir Hringur Hafsteinsson hjá Gagarín, að þeir sem gera sér ferð austur á Klaustur geti í sviphendingu séð hversu eldsumbrotin breyttu öllu landslagi þar austur frá.

Gerð myndarinnar átti þann aðdraganda að fyrir rúmum tíu árum var komið á fót sjálfseignarstofnuninni Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri til að efla rannsóknir og fræðslu um náttúru, menningu og sögu héraðsins. Fengu heimamenn með sér marga öfluga stuðningsmenn, en þar var fremstur í flokki Freysteinn Sigurðsson jarðfræðingur, sem nú er nýfallinn frá. Fljótlega kom fram hugmynd um að ráðast í tölvugerða mynd um Skaftárelda og afleiðingar náttúruhamfaranna, sem þá gæfi ferðalöngum og öðrum kost á að kynna sér þessa hamfarasögu á þeim stað sem áhrifin eru hvað sýnilegust, þ.e. á Kirkjubæjarklaustri. Stofnað var félagið Skaftáreldar ehf. sem sjá myndi um sýningarhald og leitaði félagið í framhaldinu til margmiðlunarfyrirtækisins Gagarín til að sjá um að framleiða 15 mínútna langa mynd sem væri blanda af uppteknu og tölvugerðu efni og skyldi hún gefa góða innsýn í umfang og afleiðingar Skaftárelda.

Myndin hefur verið um ár í vinnslu og sóttu kvikmyndagerðarmennirnir sér efni í myndir af Kröflueldum sem eru líkastir þeim eldsumbrotum sem urðu í Skaftáreldum. Leitað var til heimamanna sem léku forfeður sína í ýmsum aðstæðum en mest af efni verksins er tölvugert. Verkefnið kostaði um tíu milljónir og lögðu margir aðilar til fjármagn svo af verkefninu yrði.

Sýningar á myndinni hefjast á Kirkjubæjarklaustri á dagskránni Sigur lífsins um páskana. Frumkvöðlar verkefnisins eru Jón Helgason frá Seglbúðum sem fyrr var nefnt, Kirkjubæjarstofa og Bær hf., sem er rekstraraðili Hótels Klausturs. Handrit unnu Kári Jónasson og Hrafnkell Stefánsson.

Söngleikur sumarsins verður Grease – þriðja stóruppfærslan á verkinu á tíu árum skellur á innan skamms á vegum Bjarna Hauks í Loftkastalanum. Það er Selma Björnsdóttir sem setur verkið á svið en auglýst var eftir kröftum í sýninguna og verða prufur í næstu viku á hátt í 200 listamönnum sem geta sungið, leikið og dansað. Frumsýning er áætluð 11. júní.

Sound of Music verður líka fyrirferðarmikið fram eftir sumri í Borgarleikhúsinu en þegar er farið að spyrjast fyrir um miða á þennan gamla söngleik þeirra Rodgers og Hammerstein. Þórhallur Sigurðsson setur á svið en Valgerður Guðnadóttir leikur ungu stúlkuna sem verður að taka að sér stóran barnahóp og veit ekki sjálf hvað hún vill. Þýðinguna gerði Flosi Ólafsson og verður því nafngift hans, Söngvaseiður, notuð. Frumsýning er 8. maí.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þrettándakvöld

eða... hvað sem þér viljið

eftir William Shakespeare leikstjóri: Rafael Bianciotto

Frumsýning í Þjóðleikhúsinu 13. mars í samstarfi við Nemendaleikhús LHÍ

Lykillinn er ... jákvæðni

„Maður getur alltaf valið hvernig maður vinnur vinnuna, jafnvel þótt maður geti ekki valið vinnuna sjálfa.“

Salka/GBÓ



„Á þessari stundu eru hugsanir þínar að móta framtíð þína. Það sem þú hugsar mest um eða einbeitir þér að mun birtast þér á lífsleiðinni.“

Salka –forlag með sál

www.Salka.is Salka

FIMMTUDAGUR 19. MARS | kl. 19.30

Hljómsveitarstjóri | Baldur Brönniman
Einleikari | Melkorka Ólafsdóttir
Atli Heimir Sveinsson | Hreinn Gallerí SÚM
Atli Heimir Sveinsson | Flautukonsert
Atli Heimir Sveinsson | Sinfónía nr. 6 (frumflutningur)

SÍUNGUR OG SÍGILDUR

ATLI HEIMIR SJÖTUGUR

Í tilefni sjötugsafmælis Atla Heimis Sveinssonar í september 2008 efnir Sinfóníuhljómsveit Íslands til hátíðartónleika þar sem tvö af hans merkustu hljómsveitarverkum frá fyrri tíð hljóma, Flautukonsert og Hreinn: Gallerí SÚM . Auk þess verður frumflutt glæný og spennandi sinfónía eftir þennan fjölhæfa og afkastamikla listamann, sú sjötta í röðinni.

Nánari upplýsingar um tónleika og nýjustu fréttir er ávallt að finna á **www.sinfonia.is**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Greinarhöfundur er ekki hrifinn af umtalaðri sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi á frægu verki Söruh Kane, Rústað. MYND LR/GRÍMUR

Grótesk grimmd

LEIKLIST JÓRUNN TÓMASDÓTTIR

Rústað, leikverk eftir Söru Kane. Leiksviðinu var rústað. Persónunum var rústað. Allt varð ein rjúkandi rúst. Efniviðurinn er svívirðilegur. Efnistökin eru líka svívirðileg. Ég leyfi mér að halda því fram að sýning verksins á sviði Borgarleikhússins sé svívirðileg móðgun við leikhúsgesti. Ef listin felst í því að hrúga saman hránöktum ofbeldisatriðum pökkuðum inn í samtvinnuð klúr- og blótsyrði þá viðurkenni ég vanmátt minn til slíkrar listskynjunar.

Loksins, loksins! Magnað verk, heit kartafla sem kastað er í fang prúðbúinna leikhúsgesta, verk skrifað inn í íslenskan veruleika, ögrandi, gargandi snilld. Íslenska listaelítan hefur ekki látið sitt eftir liggja í hástemmdum umsögnum um verkið. Ef fólk spyr sig þess virkilega hvernig hægt sé að skrifa leikrit um slíkan hrylling hlýtur það að vera vísvitandi barnalegt. Við vitum jú öll að heimurinn er uppfullur af hryllingi. Ofbeldi og hryllingur hafa fylgt manninum frá upphafi. Engin skepna á jarðarkringlunni gervallri er grimmari en maðurinn. Það þarf hvorki Söru Kane né nokkurn annan til að upplýsa augum okkar fyrir tilvist hins illa, helvítis á jörð. Séum við óméðvituð um það hljótum við að vera bæði blind, heyrnarlaus og tilfinningalega steindauð. Við höfum hryllinginn, ofbeldið og grimmdina fyrir augum og eyrum daglega heima í stofu í fréttatímum fjölmiðlanna. Þar birtist hryllingurinn í sinni nöktustu og hráustu mynd, hann er raunverulegur, sannur. Þar er raunverulegt fólk sem þjáist raunverulega og það snertir okkur, vekur upp litróf kenndanna, tilfinninganna.

Leikverk Söru Kane er byggt upp af samþjöppuðu, harðsoðnu, hráu ofbeldi og hryllingi eins svívirðilegu og verst getur orðið. Textinn er uppvafinn orðahnykill verstu og svívirðilegustu klúr- og blótsyrða sem finnast í tungumálinu. Það er ekkert leikrænt, hvorki við efniviðinn, efnistökin né textann. Varla að votti fyrir leikrænni spennu nema ef vera kynni í upphafi verksins. Tvær persónur í lokuðu rými. Eitthvað hlýtur að gerast, eitthvert uppgjör að fara fram milli þeirra. En nei, bara runa gegndarlauss ofbeldis, grimmdar, hryllings og klúryrða í örlítið mismunandi útgáfum. Sviðsetningin er flott og frammistaða leikaranna fín. Enda varla við öðru að búast. Við erum jú í atvinnuleikhúsi þar sem fólk kann til verka. En atvinnu- og fagmennska dugði ekki til að gæða verkið lífi. A.m.k. náði það ekki að hræra við mér. En það vakti mér hins vegar kenndir. Ég varð foxill út í sjálfa mig fyrir að láta leikhúsið hafa mig að fífli. Athafnir leikaranna á sviðinu sem áttu að vera ofbeldisfullar og hryllilegar fannst mér svo hallærislegar og hreinlega gróteskar að ég fór hjá mér fyrir þeirra hönd.

Persónurnar í verki Söru Kane snertu mig ekki frekar en verkið í heild sinni. Þær vöktu mér enga samúð, enga reiði, enga fyrirlitningu, engan hrylling, ekkert hatur, ekkert. Þær voru holar, innantómar fígúrur, jafnmiklar klisjur og ofbeldið og hryllingurinn. Hlaupandi fólk með angistina rista í hvern andlitsdrátt sem við höfum séð á fréttamyndum úr öllum stríðum og hörmungum heimsins vekja hins vegar sterkar tilfinningar, sterk viðbrögð; reiði, hatur, depurð, vonleysi, umkomuleysi gagnvart heimsósómanum.

Auðvitað er hægt að skrifa leikrit um hryllinginn á sama hátt og ástina, hatrið og hvaðeina sem í heiminum býr. Fjölmargir listamenn hafa frá örófi fjallað um grimmdina, oft á mjög áhrifamikinn hátt. Hins vegar mætti spyrja í hvers konar heimi við búum sem hampar leikverki sem þessu. Leikverki þar sem ofbeldinu og hryllingnum er samþjappað að því er virðist án nokkurs tilgangs annars en að sýna það sem hránaktast. Leikverki þar sem hvergi er að finna leikræna spennu né leikræna framvindu. Leikverki þar sem textinn er svo flatur og tilgangslaus í eigin sora að maður hættir að hlusta mjög fljótlega.

Leikverkið Rústað vakti engin viðbrögð einfaldlega vegna þess að það er fullkomlega náttúrulaust í öllu sínu samþjappaða ofbeldi, hryllingi, grimmd og fúkyrðum. Þegar best lætur snýst verkið upp í lágkúrulegt hallæri, gróteskan hrylling, gróteska grimmd.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

ego dekor

DIVANY TV skenkur
í hvítu eða svörtu háglans
Stærð: 180cm
Verð: 105.000,-
Einnig fáanlegur í 120cm
og 240cm

RIO stóll
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð áður: 14.800,-
-15%
Verð nú: 12.580,-

OPAL leðurstóll
Einnig fáanlegur í brúnu og hvítu
Verð: 15.800,-

DIVANY
Í hvítu eða svörtu háglans
Borðstofuborð
200x100cm
Einnig til í 140x140cm
Verð: 118.000,-
Spegill
140x90cm
Verð: 32.000,-
Borðstofuskenkur
240cm
Verð: 178.000,-
Einnig til í 180cm

COMO HNOTA



Stækkanlegt borð
Stærð: 200cm(288cm)X110cm
Verð 139.000,-

Vegghengdur skenkur
Stærð: Br:180cm D:42cm H:62cm
Verð: 108.000,-

Borðstofuborð
220x100cm
Verð: 87.000,-

Vegghengdur skenkur
183cm
Verð: 108.000,-

Spegill
140x90cm
Verð: 32.000,-

KLUNKER ljósakróna
120cm
Verð: 38.000,-



FLOTT HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI

LUND tungusófi
Stærð: 232x160cm færanleg tunga
Fáanlegur í 2 litum
Verð: 158.000,-

EAST COAST tungusófi
Stærð: 260x180cm
Færanleg tunga
Fáanlegur í 3 litum
Verð: 187.000,-

Titan leður hornsófi
Stærð: 225x210cm
Eingöngu fáanlegur í svörtu leðri
Verð áður: 235.000,-
-15%
Verð nú: 199.750,-

PLAZA tungusófi
Stærð: 285x162cm
Fáanlegur í 3 litum
Verð áður: 248.000,-
-20%
Verð nú: 198.400,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

AÐ TJALDABAKI

Í dag kl. 16 halda rússneski píanósnillingurinn Albert Mamriev og úkraínska messósópransöngkonan Sophiya Palamar tónleika í Íslensku óperunni sem bera yfirskriftina Wagner og Wesendonck: Mér liggur mikið á hjarta, þar sem flutt er tónlist eftir óperutónskáldið Richard Wagner.

Á tónleikunum verða meðal annars flutt Wesendonck-ljóðin, nokkur frönsk sönglög Wagners og píanóverk, m.a. Wesendonck-sónatan. Á milli atriða er fræðandi og skemmtilegur texti fluttur af Sólveigu Arnarsdóttur leikkonu, sem tengir saman atriðin með tilvísunum í samtíma Wagners.

Á morgun kl. 20 verður síðan aukasýning á hinum bráðsmellnu Óperuperlum, þar sem Diddú, Bjarni Thor, Ágúst Ólafsson og Sigríður Aðalsteinsdóttir fara á kostum; syngja og leika yfir 20 atriði úr nokkrum af frægustu óperum tónbókmenntanna. Gríðarleg ánægja hefur verið með sýninguna og hefur tveimur aukasýningum verið bætt við.

Óperuunnendum er síðan bent á beina útsendingu úr Metropolitan-óperunni í Sambíóunum í dag kl. 18 og á mánudag kl. 19. Sýnd verður óperan Madama Butterfly eftir Puccini. Cristina Gallardo-Domás er í titilhlutverki í töfrandi uppsetningu Anthony Minghella kvikmyndaleikstjóra. Marcello Giordani syngur á móti henni.

Hin heimsþekkta sópransöngkona:
DEBORAH VOIGT
Á LISTAHÁTÍÐ!
31. maí
Háskólabíó
Efnisskrá:
Verk eftir Giuseppe Verdi, Richard Strauss, Amy Beach, Ottorino Respighi og Ben Moore, auk laga úr söngleikjum Leonard Bernstein.
Meðleikari er Brian Zeger.
„.... hún er stórfengleg"
The Times 2008
„.... svo virðist sem hún hafi fundið æðri tilgang og nýtt frelsi ...tilfinningu sem hittir mann beint í magagrófina."
The Guardian 2008
„Voigt, sem er bersýnilega á hátindi ferils síns, er undraverður túlkandi. Hljómur hennar er í senn jarðneskur og leiftrandi...blátt áfram dýrðlegur."
The New York Times 2007
Miðasala er hafin!
Velkomin í Klúbb Listahátíðar!
sjá www.listahatid.is
Miðasala á www.listahatid.is
www.midi.is og í síma 552 8588
15.–31. MAÍ
2009
LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL
Iceland Express
Radisson SAS
SAMSKIP
FRÉTTABLAÐIÐ

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Í 10 ÁR!
Salurinn 10 ára!

Vildarklúbbur

Flug til Osló gefur 2.500–8.000 Vildarpunkta.

Reykjavík – Osló frá 14.900 kr.

Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flogið er allt að 9 sinnum í viku.

Brynhildur Ólafsdóttir, sölu- og markaðsstjóri

MÍN OSLÓ

Það sem ég elska við Osló er að þar eru svo margir möguleikar á afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. Við förum á ströndina, út í eyjarnar, tínum sveppi í skóginum, förum á gönguskíði, svigskíði og njótum almenningsgarða í miðborginni. Ekki sakar að veðráttan er oftast nær eins og best verður á kosið.

VIGELANDSPARKEN

Þetta er einn af mínum uppáhaldsstöðum í Osló. Hér er að finna 212 skúlptúra eftir listamanninn Gustav Vigeland. Garðurinn er stór og nóg pláss fyrir alla til að taka með sér nesti, bolta til að leika með eða bara rölta um og njóta trjánna og listaverkanna. Hingað komum við fjölskyldan reglulega allt árið um kring.

ÓPERAN

Stolt Norðmanna. Óperan var opnuð í apríl 2008 og er glæsileg bygging, bæði að innan og utan. Hún er virkilega þess virði að skoða hana, að ég tali nú ekki um að njóta þess sem þar fer fram. Hægt er að ganga um á þakinu og njóta útsýnisins en hafið með ykkur sólgleraugu ef það er sólskin. Ef þið náið í miða þá er hljómburðurinn í húsinu hreint óviðjafnanlegur.

EYJARNAR

Á góðum degi er yndislegt að yfirgefa eril borgarinnar og sigla út í eyjarnar. Við tökum með okkur nesti, teppi, baðföt og góða skapið. Á kvöldin er fínt að taka með sér grill og njóta sælunnar á meðan sólin sest. Ekki gleyma síðasta bát í land. Bátarnir frá Osló fara frá Vippetangen.

VEITINGASTAÐIR

Skaugum – Palace Grill

Skemmtilegur staður með veitingastað, bar og skreyttum bakgarði. Góð tónlist, góð stemning. Hér er gaman að tjútta!

Mono

Rokkaður bar með góðri tónlist. Stundum tónleikar.

Kampen Bistro

Veitingastaður á Kampen nálægt Tøyen. Virkilega góður matur, góð vín og verðið lágt. Sjarmerandi staður, afslappaður og notalegur.

Kirkeristen

Þetta svæðið í kringum Dómkirkjuna er í miklu uppáhaldi. Hér er Cafe Bacchus, gamaldags og sjarmerandi kaffihús með góðum mat, kökum og kaffi. Ýmsir listamenn sýna verk sín og hér er einnig bæjarins besti veitingstaður utandyra, Trattoria Cappuccino. Ítalskur matur, ekta ítalskar pizzur og rósavín. Æðislegt á heitum sumardegi. Cappucino er einungis opið á sumrin.

Baltazar

Flottur ítalskur veitingastaður í Kirkeristen. Einn sá besti í Osló. Hin íslenska Ólína stjórnar staðnum af röggsemi og alúð.

Ekebergrestauranten

Tvískiptur staður með „brasserí“ og flottum veitingastað. Hér má njóta þess að fá glæsilega eða einfalda máltíð eða bara fá sér hressingu úti á veröndinni. Héðan er flottasta útsýnið í Osló. Sporvagn númer 17 stoppar rétt hjá. Glæsilegt!

Flug og gisting í 2 nætur frá 48.900 kr.

*á mann í tvíbýli á Thon Hotel Europa *** Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting og morgunverður.*

TRYVANN SKISENTER

Svigskíði, bretti og Telemark. Að geta skotist á skíði eftir erilsaman vinnudag er næstum því eins og að fara í laugarnar og hlaða batteríin.

NORDMARKA

Stærsti hluti Oslóborgar er skógi vaxinn og heitir Nordmarka. Upplagt er að taka lest til Frognerseteren og fara í göngutúr, dagsferð eða tjaldútilegu í Nordmarka. Það gerum við reglulega.

GRÜNERLØKKA

Hér er mikið af kaffihúsum, verslunum og fólki og mikið líf og fjör á kvöldin.

TIL HAMINGJU MEÐ BORGINA ÞÍNA!

Vinningshafi í Borgarlukkuleiknum um síðustu helgi var Ingi Sturla Þórisson sem fær í vinning tvo farseðla á Economy Class til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu. Ingi Sturla leggur stund á nám til meistaraprófs í verkfræði. Hann langar að fara til Parísar og getur ekki hugsað sér betri ferðafélaga en konuna sína.

LONGCHAMP BOSS SAND BURBERRY Wolford LLOYD

Gefið ykkur góðan tíma fyrir flugið.
Lítið við í Saga Shop í Leifsstöð.

Frábært verð á heimsþekkum vörumerkjum.

Afsláttur af merktum vörum frá 10–40%.

LEIFSSTÖÐ | SÍMI 4250 345
WWW.SAGASHOP.IS

Saga Shop

OLD CAR Á DAYTONA

Verð á mann í tvíbýli frá 143.900 kr.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, rúta til og frá flugvelli erlendis, gisting í 8 nætur á La Playa Resort, íslensk fararstjórn og einn kvöldverður.

Tólfta árið í röð verður Icelandair með ferð til Florida á Old Car sýninguna í Daytona. Fararstjóri í ferðinni nú, eins og undanfarin ár, er Sigurður Lárusson. Í boði eru 8, 11 og 12 daga ferðir.

Athugið: Laugardaginn 7. mars næstkomandi kl. 19:00 verður myndasýning frá Turkey Run 2008 haldin á Players, Bæjarlind 4 í Kópavogi, og kynning á Old Car 2009.

Claude Monet og Giverny með Laufeyju
119.900 kr. á mann í tvíbýli.
30. apríl–4. maí 2009.

Leyndardómar New York í vor
141.900 kr. á mann í tvíbýli.
30. apríl–4. maí 2009.

Upplifðu París með Laufeyju
96.900 kr. á mann í tvíbýli.
21.–24. maí 2009.

Berlín saga og menning, ÖRFÁ SÆTI LAUS
72.900 kr. á mann í tvíbýli.
28. maí–31. maí 2009

New York – Biti af Stóra Eplinu
Frá 146.900 kr. á mann í tvíbýli.
10.–14. september 2009.

Leyndardómar New York í haust
146.900 kr. á mann í tvíbýli.
15.–19. október 2009.

Nánari upplýsingar um þessar ferðir og margar aðrar er að finna á heimasíðu okkar www.icelandair.is

ÍSLENSKT EFNI FYRIR BÖRNIN

Í nýju afþreyingarkerfi um borð í flugvélum Icelandair er lögð áhersla á vandað barnaefni. Meðal þess sem Icelandair býður börnunum upp á er sagan um Litlu lirfuna ljótu og Latibær og er hægt að velja um íslensku eða ensku sem tungumál. Allir þekkja Latabæ og Litla lirfan ljóta eftir Gunnar Karlsson hefur hrúgað að sér verðlaunum á síðustu misserum.

Að auki eru aðrir barnaþættir með ensku tali.

FLUG OG BÍLL

Vegir til allra átta

Við mælum eindregið með flugi og bíl í samstarfi við Hertz til áfangastaða Icelandair í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Pantið bílaleigubíl um leið og þið gangið frá pöntun á flugfari á *www.icelandair.is* Bíllinn bíður síðan eftir ykkur þegar þið lendið á áfangastað.

TRAUSTUR *íslenskur* FERÐAFÉLAGI

Flugfélag Íslands keypti fyrstu þotuna til Íslands. Hún var af gerðinni Boeing 727-100C og kom til landsins 24. júní 1967. Hún fékk nafnið Gullfaxi eins og önnur flaggskip félagsins. Ekki fékkst heimild til að gera þotuna út frá Reykjavíkurflugvelli og millilandaflug var þá flutt til Keflavíkur.

BORGARLUKKUPOTTUR

VINNINGUR: **FLUGFAR FYRIR TVO TIL EINHVERS AF ÁFANGASTÖÐUM ICELANDAIR Í EVRÓPU**

Þú finnur rétt svör við þremur spurningum.
Síðan geturðu gert annað hvort:

1) Farðu inn á www.icelandair.is og svaraðu spurningunum þar. Skilafrestur til og með 11. mars.

2) Merktu við rétt svör og skrifaðu síðan nafn og símanúmer. Klipptu seðilinn út og sendu hann til okkar, merkt:

Icelandair
Mín borg/spurningaleikur
Reykjavíkurflugvelli
101 Reykjavík

Skilafrestur er til og með 11. mars
Við drögum úr pottinum á fimmtudaginn kemur, 12. mars, og nafn vinningshafans verður birt í ferðablaði Icelandair sem fylgir með Fréttablaðinu um næstu helgi (laugard. 14. mars).

SETJIÐ X VIÐ RÉTT SVAR:

1. **Hvað heitir garður í Osló með höggmyndum eftir Gustav Vigeland?**
   - ☐ Gustavsberg
   - ☐ Vigelandsparken
   - ☐ Skulpturmarka
2. **Hver teiknaði Finlandia Talo í Helsinki?**
   - ☐ Eliel Saarinen
   - ☐ Alvar Aalto
   - ☐ Eero Saarinen
3. **Hvenær var Óperuhúsið í Osló opnað?**
   - ☐ Desember 2006
   - ☐ Október 2007
   - ☐ Apríl 2008

Icelandair áskilur sér rétt að leiðrétta villur sem kunna að leynast í blaðinu eða gera breytingar á fluáætlun og verði.
Gengi miðast við janúar 2009. Almennir ferðaskilmálar gilda. Sjá www.icelandair.is/skilmalar

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 45368 03/09

Aðalumræðuefnið á hárgreiðslustofunni

„Manni fannst þetta nú allt í lagi þegar fyrstu skotárásirnar byrjuðu en núna er maður farinn að líta í kringum sig. Þetta er orðið svo nálægt manni," segir Steinunn Ósk Brynjarsdóttir hárgreiðslukona, sem býr og starfar á Norðurbrú í Kaupmannahöfn.

„Maður hjólar hratt og bara þar sem nóg er af ljósastaurum. Svo heyrir maður á kúnnunum sem búa flestir í nágrenninu að þeir eru allir hræddir við þetta."

Fjölmargir Íslendingar ýmist búa eða starfa á Norðurbrú, rótgrónu hverfi nálægt miðbæ Kaupmannahafnar þar sem skotárásirnar hafa verið hvað tíðastar.

UMMERKI ÁRÁSANNA Skotgat á rúðu í Frederiksberg. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Steinunn starfar á hárgreiðslustofunni Street Cut á Nørrebrogade. Stofan er í eigu Dana, en þar starfa sex Íslendingar og einn Dani. Eigandinn rekur þrjár aðrar hárgreiðslustofur í Kaupmannahöfn, og starfa Íslendingar á þeim öllum, en þó flestir á þeirri sem Steinunn vinnur á.

Ástandið er ofarlega í hugum viðskiptavinanna, enda óþægilegt til þess að hugsa að hverfið sem maður býr í sé orðið að einum helsta vettvangi ofbeldisverka í landinu.

„Eldri konurnar sem búa einar segja okkur að þær fari ekki lengur út úr húsi þegar dimmt er orðið," segir Steinunn.

Sjálf þurfti hún að flytja nýlega, og þá hittist svo á að daginn áður hafði orðið skotárás í götunni sem hún flutti í, rétt hjá húsinu. „Þá varð ég svolítið smeyk."

Sumar götur í hverfinu eru þannig að fólk hættir sér ekkert þangað inn. Ungir menn úr innflytjendaklíkunum standa þar á götuhornum með talstöðvar og fylgjast með öllum mannaferðum.

„Ég fór þarna inn um daginn án þess að átta mig á því hvar ég væri fyrr en ég sá þrjá unga menn með talstöðvar. Þá leist mér nú ekki á blikuna," sagði hún.

Viðskiptavinum hefur þó ekkert fækkað á hárgreiðslustofunni við Nørrebrogade, enda gengur lífið að mestu sinn vanagang í hverfinu þrátt fyrir þetta óvenjulega ástand.

„Kúnnarnir ræða kannski meira um kreppuna núna, og svo er vorið að koma eftir mánuð hér í Kaupmannahöfn. Við hlökkum öll til."

Þarf að nota skothelt vesti í vinnunni

ÍSLENSKUR FRÉTTALJÓSMYNDARI Í KAUPMANNAHÖFN Teitur Jónasson þekkir borgina vel. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

„Það ríkir algjört skelfingarástand á Norðurbrú. Það hefur í raun verið hræðilega erfitt ástand þarna meira og minna í tvö ár," segir Teitur Jónasson ljósmyndari í Kaupmannahöfn.

„Þetta er sama svæðið og varð fyrir barðinu á látunum út af Ungdómshúsinu á sínum tíma. Þessar innflytjendaklíkur nýttu sér það ástand líka."

Teitur þekkir borgina vel. Hann var ljósmyndari á hálfíslenska dagblaðinu Nyhedsavisen meðan það kom út, en rekur nú eigið ljósmyndafyrirtæki í Kaupmannahöfn undir nafninu Esja. Hann tekur einnig að sér verkefni fyrir fjölmiðlafyrirtækið Berlingske, sem gefur út fjölmörg dagblöð, tímarit, héraðsfréttablöð og vefmiðla í Danmörku.

„Ég tek kvöldvaktir fyrir þá svona tvisvar til þrisvar í viku og er svo kallaður út líka."

Stundum er hann sendur á vettvang þegar skotárás hefur orðið einhvers staðar í borginni og þá er ekki um annað að ræða en að nota skothelt vesti í vinnunni.

Hann segir starfið hafa breyst ótrúlega mikið á síðustu vikum. Meira að segja helstu forgangsatriði fréttaljósmyndarans þurfa að víkja.

„Áður fyrr keyrði ég bara inn í þessi hverfi, reyndi að komast sem fyrst á vettvang og ná myndum, en eftir að þetta fór að magnast hafa margir fjölmiðlamenn orðið fyrir miklu aðkasti."

Núna bíður Teitur því átekta þangað til lögreglan hefur náð tökum á ástandinu. Þá fyrst hættir hann sér á vettvang, og hann er ekki einn um þetta.

„Ég veit til dæmis að á föstudaginn þegar Írakinn var myrtur, þá var sjúkrabíll sendur á staðinn, en hann beið í fimmtán mínútur fyrir utan svæðið á með lögreglan fór inn og tryggði svæðið."

Síðasta helgi varð sú blóðugasta í sögu þessara hörmulegu átaka milli vélhjólamanna og innflytjendapilta, síðan þau hófust fyrir rúmlega hálfu ári. Írakinn, sem Teitur minntist á, var myrtur á föstudagskvöld á Norðurbrú. Á laugardag særðist 32 ára gamall Færeyingur lífshættulega, einnig á Norðurbrú. Á sunnudagskvöld var síðan annar maður myrtur og þrjár manneskjur særðust þegar gerð var skotárás á kaffihús á Amagereyju, rétt hjá höfuðstöðvum Vítisengla þar.

Um miðjan febrúar varð Teitur fyrir því að veist var að honum í starfi svo hann varð að forða sér á hlaupum. Hann kom á vettvang um svipað leyti og lögreglan eftir skotárás á Korsgade.

„Ég ætlaði að fara að taka myndir þegar tíu eða tuttugu manna hópur kemur að og spyr hvað ég sé að gera. Ég ætla að fara frá þeim en þá koma þeir hlaupandi á eftir mér. Ég komst svo naumlega inn í bílinn og gaf í botn."

Hann slapp í þetta skiptið, en hefur síðan haft varann á. Lögreglan hefur hvatt fólk til að halda ró sinni ef það lendir í slíku, en væntanlega er það enginn hægðarleikur þegar lífið er í húfi.

„Í raun og veru brást ég við alveg eins og þessi Færeyingur. Hann var bara að fara á tónleika ásamt vini sínum. Þeir voru að skima í kringum sig í hverfinu og virtust eitthvað grunsamlegir, þannig að þeir voru stöðvaðir. Svo gefur bílstjórinn í og þá er skotið á bílinn."

Færeyingurinn sat í farþegasætinu og varð fyrir skoti. Hann var fluttur lífshættulega slasaður á sjúkrahús.

SAMFÉLAGSÁBYRGÐ
Frá sýn til framkvæmdar

Þriðjudaginn 17. mars 2009 – kl. 09.00-17.00 í Háskólanum í Reykjavík.

Eþikos og Útflutningsráð Íslands bjóða upp á námskeið um innleiðingu samfélagsábyrgðar sem lið í því að byggja upp traust, orðstír og ábyrga samkeppnishæfni. Þessar áherslur hafa aldrei verið mikilvægari en nú.

Leiðbeinandinn Steven A. Rochlin er eftirsóttur fyrirlesari og einn af fremstu alþjóðlegu sérfræðingum á sviði samfélagsábyrgðar. Hann hefur skrifað bækur um efnið, ráðlagt ríkisstjórnum víða um heim og fjölda fyrirtækja þ.á m. BP, BT, Cemex, Chevron, JP Morgan Chase, Nestlé, Pfizer, SAP og Timberland.

Að námskeiðinu loknu munu þátttakendur:

- Öðlast aukinn skilning á inntaki og vægi samfélagsábyrgðar á mörkuðum og á tímum fjárhagserfiðleika.
- Þekkja hagnýtar leiðir til þess að byggja upp traust, orðstír og samkeppnishæfni á grundvelli samfélagsábyrgðar.
- Geta með markvissum hætti kynnt samfélagslegt hlutverk fyrirtækisins gagnvart viðskiptavinum, hluthöfum og hagsmunaaðilum.
- Fá tækifæri til að byggja upp tengslanet sem styður við eflingu samfélagsábyrgðar hérlendis.

Námskeiðið er ætlað fulltrúum fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka sem vilja innleiða stjórnarhætti sem sýna ábyrgð gagnvart efnahag, samfélagi og umhverfi.

Þátttökugjald er 26.500 kr.
Skráning fer fram með tölvupósti, utflutningsrad@utflutningsrad.is, eða í s. 511 4000.

Nánari upplýsingar veita Stefán E. Stefánsson hjá Eþikos, s. 599 6526, stefaneinar@ru.is og Inga Hlín Pálsdóttir hjá Útflutningsráði, s. 511 4000, inga@utflutningsrad.is.

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS · eþikos · OPNI HÁSKÓLINN · Síminn · Orkuveita Reykjavíkur · RioTinto Alcan

PIPAR • SÍA • 90351

ÁRNAMESSA, STYKKISHÓLMI
laugardaginn 14. mars 2009

Lýðheilsustöð boðar til málþings helgað Árna Helgasyni um stöðu áfengismála á Íslandi, haldið í **grunnskóla Stykkishólms**, Borgarbraut 6, kl. 12-16:30

Skrá þarf þátttöku **fyrir 10. mars** á www.lydheilsustod.is/skraning - merkja **Árnamessa.**
(Málþingið er í boði Lýðheilsustöðvar og því þarf ekki að fylla út í reiti fyrir greiðanda.)
Rútur leggja af stað frá BSÍ kl. 9. Einnig er hægt að taka fundargesti upp í við bensínstöð **N1 Ártúnshöfða.** Vinsamlegast **skráið í athugasemdagluggann í skráningarforminu** ef þið verðið ekki með í rútunni **frá BSÍ**, og þá annaðhvort að þið **komið ekki í rútuna**, eða **komið um borð á Ártúnshöfða.**

Fundarstjóri: Helgi Seljan

12:00	HÁDEGISMATUR
13:00	**Setning málþings** *Helgi Seljan*, fv. alþingismaður og fundarstjóri *Árnamessu*
13:10	**Árni Helgason og bindindismálin:** um frelsi, kærleik og betra samfélag *Þórólfur Þórlindsson*, forstjóri Lýðheilsustöðvar
13:30	**Frjáls félagasamtök í forvörnum:** staða og tækifæri *Árni Einarsson*, uppeldisfræðingur
13:50	**Staða áfengis í samfélaginu** *Hildigunnur Ólafsdóttir*, afbrotafræðingur
14:10	**Flott án fíknar:** nútíma forvarnir *Guðrún Snorradóttir*, landsfulltrúi UMFÍ
14:30	**Straumar og stefnur í áfengispólitík** *Rafn M Jónsson*, verkefnisstjóri áfengis- og vímuvarna, Lýðheilsustöð
14:50	KAFFIHLÉ OG SKÁKMÓT ÁRNAMESSU*
15:30	**Panelumræður** Stjórnandi: *Halldór Árnason*, ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneyti
16:15	**Málþingi slitið**
16:30	Rútuferð til baka

** Í tengslum við Árnamessu er haldið veglegt skákmót fyrir grunnskólanema (sjá kynningu á skákmótinu: www.lydheilsustod.is)*

Í FJÖRUNNI Nikola og Jónas una sér vel í fjörunni á Álftanesi þar sem vindurinn blæs og útsýnið er gott.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég hélt ég væri stórborgarbúi

Þó að margir íhugi einhvern tímann á ævinni að breyta til og hefja nýtt líf í nýju landi, láta ekki margir verða af því. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við austurríska konu, **Nikolu Christoph**, sem fór að skúra á Íslandi í stað þess að dansa í Vín.

Við vinkonurnar höfðum stundum rætt það að breyta til, stinga af til Karíbahafsins og opna brimbrettaleigu," segir Nikola Christoph um aðdraganda þess að hún venti sínu kvæði í kross og sagði skilið við feril sem dansari í Austurríki. En Karíbahafið varð ekki fyrir valinu heldur Ísland, reyndar fyrir algjöra tilviljun. „Það kom bara að þeim tímamótum að ég var komin með nóg af því sem ég var að gera." Nikola hafði þá unnið í átta ár með virtum dansflokki í Vínarborg, Tanztheater homunculus, sem dansari og þjálfari auk þess sem hún kenndi dans.

Nikola hafði numið nútímadans í listaskóla og fór strax að vinna hjá dansflokknum í kjölfarið. „Þar var ég allt í einu farin að kenna kennurunum sem höfðu kennt mér árin á undan og þó að það hafi verið lærdómsríkt þá var það mjög erfitt," segir Nikola sem var 22 ára þegar hún var komin á fullt á framabrautinni í dansinum.

Vildi breyta til

„Ég var alltaf að vinna og vann of mikið. Vinnan var líka þess eðlis að ég var í stöðugri sjálfsskoðun, eins og listamenn gera, þeir eru alltaf að leita að svörum. Svo var ég orðin þrítug og langaði að breyta til. Ég átti ekki pening fyrir heimsreisu þannig að ég fór að skoða möguleikana á því að fara að vinna annars staðar, bara við hvað sem er, ég var til dæmis að velta fyrir mér jarðarberjatínslu í Finnlandi," segir Nikola. „En kona sem var í danstímum hjá mér sagðist þekkja mann á Íslandi og hún bauðst til þess að tala við hann fyrir mig."

Næsta sem Nikola vissi var að hún var kominn með manninn í símann og það stóð heima, hann gat útvegað henni vinnu. „Hann spurði mig einfaldlega hvort ég vildi vinna í Osta- og smjörsölunni eða á gistiheimili, mér fannst líklegra að ég gæti kynnst fólki í síðarnefnda starfinu og tók því."

Sigurður Demetz varð góðvinur

Maðurinn sem útvegaði Nikolu starfið var fæddur Austurríkismaður sjálfur, búsettur á Íslandi til áratuga, Sigurður Demetz óperusöngvari. „Við náðum strax mjög vel saman því ég er sjálf ættuð úr Týról eins og Sigurður var og bjó þar fyrstu sex ár ævi minnar, amma var þaðan og ég þekkti til dæmis dalinn sem hann var úr, Grödendal, vel."

Nikolu og Sigurði varð svo vel til vina að hann bauðst til að lána henni húsið þegar hún kom hingað fyrst í sumarvinnu á gistiheimilið en hann dvaldi sumarlangt erlendis.

Vinskapurinn entist til æviloka Sigurðar, sem lést árið 2003. „Hann var eins og afinn sem ég átti ekki," segir Nikola.

Nikola rifjar upp fyrstu kynnin af Íslandi, ökuferðina á leið til Reykjavíkur í gegnum framandi hraunlandslagið. „Ég fann samt strax einhverja tengingu og þegar sumarstarfinu lauk vildi ég vera hérna áfram. Mér fannst vinnan skemmtileg og eigendur gistiheimilisins buðu mér að fara dagsferðir um allt landið þannig að fyrsta sumarið ferðaðist ég heilmikið."

Er leið að hausti stóð til hjá fyrirtækinu að setja veitingastað á laggirnar og bauðst Nikolu áframhaldandi vinna. „Ég ákvað að taka henni og það var þá sem ég fór til Vínar, seldi dótið mitt, gaf það eða kom í geymslu og flutti bara til Íslands."

Að drukkna í íslenskum orðum

Spurð hvort það hafi ekki þótt skrítið að hún væri að gefa frama í dansinum upp á bátinn fyrir afgreiðslustörf í ókunnugu landi þá tekur hún undir það. „Ég hins vegar var alveg komin með nóg af því að dansa, þegar maður er dansari og danskennari þá missir maður smám saman stjórnina yfir líkama sínum, mér leið eins og hann væri bara hlutur og langaði mikið til þess að slá eign minni á hann aftur."

Komin aftur til Íslands vann Nikola alls konar störf, fyrst á veitingastaðnum áðurnefnda, á bar, þá aftur á gistiheimilinu. „Þá lenti ég eiginlega fyrir tilviljun í leiðsögumannaskóla Íslands, var hvött til þess af vinnuveitendunum og þó að ég hafi ekki endilega ætlað mér að verða leiðsögumaður þá leit ég á það sem frábært tækifæri til þess að læra um Ísland. Það var líka á þessum tíma sem Nikola hætti að bjarga sér á ensku og skipti yfir í íslenskuna, sem hún talar reiprennandi. „En ég var oft úrvinda eftir heilu kvöldin í skólanum þar sem allt fór fram á íslensku, ég var hreinlega að drukkna í íslenskum orðum," segir Nikola.

Eftir leiðsögumannanámið fór Nikola að vinna á ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar og þar lágu leiðir hennar og mannsins hennar, Guðmundar Gunnarssonar, barnabarns stofnandans, saman. „Hann bauð mér út að borða og þannig byrjaði það," segir Nikola sem nú er bæði gift honum og á barn, hinn sextán mánaða gamla Jónas.

Svo mikið rými í Reykjavík

Hún sér ekki fyrir sér flutning í heimahagana í Austurríki en er ekki viss um að hún hefði trúað því að hún myndi búa í húsi við sjóinn í úthverfi með útsýni svo langt sem augað eygir hefði hún verið spurð fyrir tíu árum. „Ég hélt alltaf að ég væri stórborgarbarn, ég hélt ég þyrfti að hafa allt það sem stórborg eins og Vín hefur upp á að bjóða, en svo bý ég á Álftanesi og mér finnst það frábært," segir Nikola. „Það er svo gott að maður sér alltaf svo langt frá sér hér í Reykjavík, hér er svo mikið rými," segir hún og bendir út um gluggann þar sem við sitjum á Kjarvalsstöðum."

Móðir Nikolu er dönsk, en Nikola ólst samt ekki upp við mikil tengsl við fjölskyldu sína þar og ekki heldur við tungumálið. „Ég held samt stundum að það hafi búið eitthvað skandinavískt í mér, mér fannst það þegar ég kom hingað fyrst. Svo held ég kannski að börn úr hjónaböndum fólks hvort frá sínu landinu eigi einhvern veginn auðveldara með tilhugsunina um að enda með maka frá öðru landi," segir Nikola sem reyndar leggur áherslu á að tala þýsku við soninn, svo hann geti tjáð sig við fjölskylduna í Austurríki.

„En það er ekki alltaf auðvelt og mér finnst eins og íslenskan taki ekki framförum á meðan, hún staðnar."

Viðhorf til barna í Austurríki leiðinlegt

Hún heldur miklum tengslum við foreldra sína og systur sem hafa komið hingað og heimsótt hana oftar en einu sinni. „Ég gæti hins vegar ekki hugsað mér að ala upp barn í Vín eða Austurríki. Viðhorf til barna þar er svo leiðinlegt, þau eru alltaf fyrir, það er viðhorfið, og þau eru stanslaust skömmuð fyrir að vera til," segir Nikola sem líkar betur við hina meintu agalausu íslensku uppeldisaðferð.

Nikola er nú heimavinnandi með Jónas, hún ákvað að gefa sér lengri tíma með honum heima áður en hún færi aftur út á vinnumarkaðinn eftir að hinu hefðbundna fæðingarorlofi lauk. „Svo hefur ástandið auðvitað breyst heilmikið síðan ég eignaðist Jónas.

Öll þessi ár sem ég var hér áður en hann fæddist var ótrúlega mikla vinnu að hafa, núna veit ég ekki hvernig það verður en ég hef ekki áhyggjur af því, ég er ekki hrædd við að vinna við að þrífa klósett ef því er að skipta."

AUSTURRÍKI – ÍSLAND

Uppáhaldskaffihús í Vínarborg Café Prückel	**... í Reykjavík** Þessa daga er það Kaffiterían á Kjarvalsstöðum
Uppáhaldshverfið í Vín 3. hverfi, sérstaklega í kringum Stadtpark	**... í Reykjavík (á höfuðborgarsvæðinu)** Litli Skerjafjörður
Ef ég ætti að sýna Austurríkismanni einn stað á Íslandi væri það... Askja	**Ef ég ætti að sýna Íslendingi einn stað í Austurríki þá yrði það...** Grænmetismarkaðurinn Naschmarkt í Vínarborg
Besta austurríska bókin Der Mann ohne Eigenschaften eftir Robert Musil. Ég þekki þó engan sem er alveg búinn að klára að lesa hana	**Besta íslenska bókin** Salka Valka eftir Halldór Laxness.
Besta austurríska listaverkið Die Drei Lebensalter – Gustav Klimt	**Besta íslenska listaverkið** Sólfar – Jón Gunnar Árnason
Undarlegast í Austurríki Hversu heitt getur verið á sumrin og hversu kalt á veturna	**Undarlegast á Íslandi** Hversu stór himinninn er
Dæmigerður Austurríkismaður er ... blanda af Króata, Ungverja, Ítala, Slóvena...	**Dæmigerður Íslendingur er...** með það á hreinu hver langalangalangamman hans er

U2
í Skífunni!

S·K·Í·F·A·N

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

★★★★★
Rolling Stone

★★★★★
Q Magazine

★★★★
Morgunblaðið

★★★½
Spin

U2
No Line on the Horizon
Besta plata U2 í mörg ár

ELDRI U2 TITLAR Á TILBOÐI

NÝ TÓNLIST Í SKÍFUNNI

NÝTT DVD

SJÓNVARPSÞÆTTIR

TILBOÐ

GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

Góð vika fyrir … Íslenska hönnun. Engin önnur en krónprinsessa Danmerkur sást í íslenskum Cintamani-útivistarfatnaði í svissnesku Ölpunum. Ágætt að eitthvað íslenskt fái jákvæða umfjöllun í dönsku pressunni eftir allan skítinn tengdan íslenskum fjárfestingum í Köben.

Slæm vika fyrir … Reykvíska göngugarpa. Í fallegu veðri er gott að fara út að ganga, skyldi maður ætla. Mengun var þó slík í Reykjavík seinni hluta vikunnar að göngutúrinn varð ekki svo fýsilegur kostur, sérstaklega ekki fyrir viðkvæm lungu.

Bókaorma. Þúsundir bóka á Bókamarkaðinum í Perlunni drógu til sín þúsundir bókaorma sem gerðu góð kaup á bókum af ýmsum toga. Var einhver að segja að bókin væri dauð?

Íslenskar karlrembur. Hið glögga gests auga kom með enn eina greininguna á hruninu á Íslandi. Samkvæmt grein Vanity Fair fór landið lóðbeint á hausinn undir styrkri stjórn karlmanna og eina vonin til að bjarga ástandinu eru íslenskar konur.

Íslenskar kvenrembur. Hið glögga gests auga kom með enn eina greininguna á hruninu á Íslandi. Samkvæmt grein Vanity Fair fór landið lóðbeint á hausinn undir styrkri stjórn karlmanna og eina vonin til að bjarga ástandinu eru íslenskar konur.

Ný framboð. Skoðanakannanir sýna að Íslendingar vilja bara sinn gamla góða fjórflokk og engar refjar. Smáframboð eiga erfitt uppdráttar nú sem endranær.

Lagersala
20-75% afsláttur

GRANÍTVASKAR OG STÁLVASKAR
GASHELLUBORÐ
INNBYGGÐIR KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR
HÁFAR Á VEGG OG YFIR EYJUR
OFNAR OG GASELDAVÉLAR

Missið ekki af einstöku tækifæri til að eignast glæsileg heimilistæki á frábæru verði. Takmarkað magn af sýningar- og lagertækjum ásamt lítið útlitsgölluðum tækjum.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur heimilistæki á tækifærisverði.

General Electric · elica Collection · LIEBHERR · smeg hönnun og gæði · Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

HÉLT HANN VÆRI HEMMI GUNN Ásgeir Erlendsson, stigavörður í Gettu betur, hélt á yngri árum að hann væri í raun og veru Hermann Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Endar kannski sem ráðherra

Ásgeir Erlendsson sér um stigavörslu í spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur fyrstur karlmanna. Hann er jafnframt umsjónarmaður keppninnar Skólahreysti 2009. Fréttablaðið tók Ásgeir í yfirheyrslu.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Ásgeir Erlendsson

FÆÐINGARÁR: 1988

Á HUNDAVAÐI: Þáttastjórnandi unglingaþáttanna útvarps Samfés og Ungmennafélagsins. Tók tímamótaviðtal við Davíð Oddson árið 2004 (þá 16 ára gamall) um jólamat Davíðs. Starfaði við innslagagerð fyrir sjónvarpsþáttinn Óp. Keppti til úrslita í Gettu betur 2006 og tapaði. Hóf störf á íþróttadeild RÚV árið 2007 og tók við starfi íþróttafréttamanns í nóvember 2008.

Hvernig veðrátta hentar þér best? Í sól og sumaryl er ég ofboðslega sáttur. Hitinn má samt ekki verða of mikill.

Ég panta mér pizzu … með pepperóní og sveppum.

Hvaða kæki ertu með? Ósjálfráða hreyfingin á „snooze“ á vekjaraklukkunni minni.

Þegar ég var lítill hélt ég lengi … að ég héti í raun og veru Hermann Gunnarsson og væri betur þekktur sem Hemmi Gunn. Stjórnaði ófáum sjónvarpsþáttum á leikskólanum og hér heima þar sem ég fékk fólk í spjall í sófann til mín og klæddist litskrúðugum jökkum.

Mig hefur alltaf langað … að gerast flugmaður.

Hvaða frasa ofnotar þú? Orðið akkúrat.

Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu vilja fóstra, yrðirðu að velja eina og af hverju? Ég myndi taka Abe Simpson, pabba Hómers, í fóstur. Ástæðan fyrir því er sú að Abe er langfyndnasti karakterinn í Simpson-þáttunum og á ýmislegt sameiginlegt með félaga mínum sem býr í Frakklandi. Þeir myndu ná vel saman.

Eftirlætislykt? Lyktin af grenitrénu á aðfangadag.

Hvernig hringitón ertu með í símanum þínum? Ég er með lagið Augun úti með hljómsveitinni Purrki Pilnikk.

Eftirlætisgrænmeti og hvaða grænmeti geturðu alls ekki borðað? Agúrkur eru frábærar en rauðlaukur er það versta sem hægt er að nota í matargerð.

Hvaða sjö hluti leggurðu til í gott afmælispartí? Ég legg til sjálfan mig og kem síðan með fullt af hressu og skemmtilegu fólki. Sé til þess að dansgólfið og fróðudiskóvélin séu til staðar. Því næst kynni ég Herbert Guðmundsson í eigin persónu með lagið Can't walk away og á eftir honum kemur Bjartmar Guðlaugsson sem syngur um Sumarliða og við endum á því að fá Geir Ólafs og Bob Marley til að syngja lagið jammin.

Hvaða fáránlega dýra hlut værirðu til í að eiga en munt líklega aldrei kaupa þér, sama hversu ríkur þú verður? Ef ég verð einhvern tímann útrásarvíkingur væri ég til í að kaupa krúnudjásn fjölskyldunnar í Buckingham-höll. En það mun aldrei gerast þar sem útrásarvíkingar þykja ekkert sérstaklega töff í dag.

Fjórar vefsíður sem þú ferð gjarnan á? Mbl.is, visir.is, ruv.is og youtube.com.

Hvaða bíómynd geturðu horft á aftur og aftur? Ég get horft endalaust oft á Með allt á hreinu.

Þú færð þér páfagauk. Í hvernig lit – hvað nefnirðu hann – og hvaða fimm orð kennirðu honum að segja? Ég myndi nefna hann Kíkí, hann á að vera grænn og orðin sem hann á að kunna eru eftirfarandi: Mikið lítur þú vel út.

Eftirlætisstigavörður allra tíma? Það er erfitt að gera upp á milli Katrínar Jakobs, Svanhildar Hólm og Steinunnar Völu. Mér finnst samt mest spennandi að sjá hvar ég enda eftir að stigavarðarferlinum er lokið. Sem menntamálaráðherra eða eiginkona Loga Bergmanns? Það á allt eftir að koma í ljós.

juliam@frettabladid.is

KILJUR MEISTARANNA



Norðurlandameistarinn

Árið 1635 er jörðin enn í miðju alheimsins, hólf hjartans eru tvö og fuglar klekjast úr þangi. Rithöfundurinn og myndasmiðurinn Jónas lærði Pálmason er dæmdur fyrir útbreiðslu galdra og sendur í útlegð. **Skáldsagan Rökkurbýsnir** byggist á lífi og hugarheimi þessa **sjálfmenntaða Íslendings** sem kalla má **holdgerving sautjándu aldarinnar**.

Tilnefndur til Independent Foreign Fiction Prize

Krónprinsinn

Brennuvargur gengur laus. Samfélagið logar af ótta og tortryggni. Fyrsta bók Jóns Halls, **Krosstré**, kom út fyrir þremur árum og vann höfundi sínum titilinn **Krónprins íslensku sakamálasögunnar. Þýðingarrétturinn á Krosstré var seldur til 6 landa.**

Vargurinn „Brandstifter" er nú kominn út í Þýskalandi!

DYNAMO REYKJAVÍK

BJARTUR
Bræðraborgarstíg 9

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNU

Tilboð í öllum verslunum Bónus í tilefni af opnun á Korputorgi

1398

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR **1398 kr./kg.**

998

ALI FERSKAR GRÍSALUNDIR
998 kr./kg.

2398

KS FERSKT LAMBAFILLET
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. **2398 kr./kg.**

398

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.

898

BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
MERKT VERÐ 1198 KR./KG. **898 kr./kg.**

50%
AFSLÁTTUR
ALI ÚRB. GRÍSAHNAKKASN.
MERKT VERÐ 1798 KR. **898 kr./kg.**

50%
AFSLÁTTUR
ALI GRÍSAKÓTILETTUR
MERKT VERÐ 1783 KR. **892 kr./kg.**

498

BÓNUS ÍSPINNAKASSI
24 STK **498 kr.**

198

BÓNUS ÍS 2 ltr. **198 kr.** VANILLU & SÚKKULAÐI

598

NF SALTFISKBITAR
MEÐ ROÐI OG BEINI **598 kr./kg.**

498

NÓA PÁSKAEGG NR 3 **498 kr.**

98

BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
10% & 18% 185 gr **98 kr.**

198

BÓNUS MAJONES 550ml
198 kr.

2598

BÓNUS ÞVOTTAEFNI **10 kg**
210 ÞVOTTAR **aðeins 2598 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

US BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ

NÝ BÓNUSVERSLUN
Á KORPUTORGI

OPNUM KL.10.00
LAUGARDAGINN 7. MARS

FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ

VISA

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Gunnar Salómonsson

Núpalind 8, Kópavogi,

andaðist á líknardeild Landspítalans 23. febrúar. Útförin hefur farið fram. Kærar kveðjur til allra þeirra sem studdu hann og okkur í veikindum hans, ekki síst til Kristínar fararstjóra á Kanarí.

Erla Gerður Högnadóttir
Sigursteinn Gunnarsson
Guðjón Gunnarsson
Kolbrún Ýr Jóhannsdóttir
Guðrún Erla Sigursteinsdóttir.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, barnabarn og tengdasonur,

Árni Jakob Hjörleifsson

Smáratúni 33, 230 Keflavík,

sem lést hinn 28. febrúar sl., verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju 10. mars kl. 14.00.

Geirþrúður Ó. Geirsdóttir
Kristófer Örn Árnason
Sigríður Árnadóttir
Arna Björk Hjörleifsdóttir — **Högni Sturluson**
Ingvi Þór Hjörleifsson — **Aðalheiður Ó. Gunnarsdóttir**
Halldór H. Hjörleifsson
Þuríður Halldórsdóttir
Geir Þorsteinsson — **Linda Kristmannsdóttir**
Ósk Sigmundsdóttir
og aðrir ástvinir.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorvaldur Ólafsson

Hæðargarði 33, Reykjavík,

sem lést á Landakoti föstudaginn 27. febrúar, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju, mánudaginn 9. mars kl. 15.00.

Siggerður Þorvaldsdóttir — **Baldur S. Baldursson**
Guðbrandur Þór Þorvaldsson — **Bryndís D. Björgvinsdóttir**
Júlíana P. Þorvaldsdóttir — **Guðmundur M. Björgvinsson**
Atli Þór Þorvaldsson — **Hafdís Halldórsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

Kristínar Sigurðardóttur.

Sérstakar þakkir til starfsfólks R3-deildar á Grensási og líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir einstaka umönnun.

Gunnar Þór Júlíusson
Júlíus Þór Gunnarsson — **Thelma Björk Árnadóttir**
Alex Már Júlíusson
Birkir Óli Júlíusson

†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Kristínar Magnúsdóttur

Fellsmúla 22, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Eir.

Björn Sigurður Benediktsson — **Margrét Kristín Finnbogadóttir**
Haraldur Benediktsson — **Brynja Halldórsdóttir**
og aðrir ástvinir.

MAURICE RAVEL (1875-1937) FÆDDIST ÞENNAN DAG.

„Eina ástarævintýrið sem ég hef átt er við tónlistina.“

Maurice Ravel var franskt tónskáld og píanóleikari. Hann er einna þekktastur fyrir hljómsveitarverkið Boléro.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 7. MARS 1902

Sögufélagið er stofnað

Þennan dag árið 1902 var Sögufélagið, félag áhugamanna um sagnfræði, stofnað. Forgöngu um félagsstofnunina höfðu þrír einstaklingar, Jón Þorkelsson landsskjalavörður, Hannes Þorsteinsson ritstjóri og Jósafat Jónasson ættfræðingur. Meginmarkmið félagsins var í upphafi að gefa út heimildir um sögu Íslands sem almenningi voru enn hulinn leyndardómur, eins og forgöngumennirnir komust að orði.
Árið 1950 hóf Sögufélagið útgáfu tímaritsins Sögu sem hefur æ síðan verið kjölfesta í starfi félagsins.
Árið 1991 eignaðist félagið eigið húsnæði, Fischersund 3.

GRJÓTAÞORP Sögufélagið er til húsa í Fischersundi 3.

VÍKINGAFÉLAGIÐ EINHERJAR Í REYKJAVÍK: EINS ÁRS AFMÆLI UM HELGINA

Fæddist með víkingaarfinn

Fyrstu minningar Gunnars Ólafssonar, jarls og formanns víkingafélagsins Einherja í Reykjavík, tengjast víkingum. Aðeins tveggja ára gamall man hann eftir því að hafa starað á styttuna af Leifi Eiríkssyni og hrifist af. „Við fluttum síðan til Bandaríkjanna og bjuggum þar í tuttugu ár. Við komum stundum til Íslands í heimsókn. Þá fannst mér ég aldrei vera kominn heim í land víkinganna fyrr en ég sá styttuna af Leifi,“ segir Gunnar sem hefur alla tíð safnað öllu mögulegu sem tengist víkingum og lesið sér til um þessa fornu bardagamenn.

Fyrir þremur árum gekk hann í víkingafélagið Rimmugýgi í Hafnarfirði. „Ég vissi hins vegar um marga sem höfðu mikinn áhuga á víkingum og greinilega þörf á félagi í Reykjavík,“ segir Gunnar sem ákvað eftir tvö ár í Rimmugýg að stofna annað félag í Reykjavík og það var gert í Norræna húsinu 8. mars í fyrra.

Stofnfélagar víkingafélagsins Einherja voru 23 en félagar eru í dag um 60. „Við höfum ekki verið að auglýsa okkur heldur höfum verið að þróa félagið,“ segir Gunnar en eingöngu þrjár konur eru í félaginu. Gunnar vill endilega fjölga þeim. „Við viljum vera fjölskyldufélag og tengjast þannig landnámstímanum þar sem við verðum samfélag karla, kvenna og barna,“ útskýrir Gunnar sem ekur um á bíl með einkanúmerið Viking.

Gunnar segir víkingaáhuga sinn meðfæddan. „Afi minn var sterkasti maður Íslands, Gunnar Salómonsson, kallaður Úrsus. Hann var með krafta- og víkingasýningar frá árinu 1930,“ segir Gunnar sem er engin smásmíði sjálfur og örugglega nokkuð mikilfenglegur í fullum herklæðum.

En hvað aðhafast Einherjar? „Ég hitti víkingafélaga mína nánast hvern einasta dag. En við æfum tvisvar í viku leikni í vopnaburði,“ segir Gunnar en víkingar Einherja læra að handleika ýmis vopn eins og sverð og exi. Þá er einnig lögð stund á hina íslensku glímu. Sérstakir þjálfarar eru fengnir til að kenna handbrögðin.

Á þessu ári frá stofnun félagsins hafa Einherjar einnig verið duglegir við að fara í skóla og halda sýningar. „Svo fórum við á barnaspítala Hringsins á öskudaginn og þar eru sannar hetjur,“ segir Gunnar sem á sínum tíma æfði lyftingar með Jóni Páli heitnum og á sögu að segja af því. „Jón Páll varð frægur fyrir setningu sína „I am a viking“, en það kemur frá þeim tíma sem við vorum að kallast á í æfingasalnum,“ segir Gunnar kankvíslega.

Hann er nú beðinn um að útskýra hvaðan nafnið Einherjar kemur. „Nafnið Einherjar kemur úr goðafræðinni og er heitið á her Óðins í Valhöll. Í Valhöll eru samkvæmt sögunni 540 herbergi og í hverju herbergi eru 800 stríðsmenn Óðins sem allir eru kallaðir Einherjar,“ segir Gunnar en hinir reykvísku Einherjar ætla að hittast í kvöld og halda upp á árs afmælið. Gunnar segir alltaf ríkja gleði þegar víkingar komi saman og að öllum líkindum verði kneifað öl að víkinga sið.

Þeim sem vilja kynna sér starfsemi Einherja nánar er bent á vefsíðuna www.einherjar.is.

solveig@frettabladid.is

JARL Gunnar Ólafsson, formaður víkingafélagsins Einherja, bregður sverði á loft. Eitt ár er liðið frá stofnun Einherja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

†

Sendum okkar alúðarþakkir öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar sambýliskonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu, systur, mágkonu og frænku,

Elínar Áróru Jónsdóttur

Asparfelli 8, Reykjavík.

Sendum sérstakar þakkir til allra þeirra sem komu að aðhlynningu hennar.

Bjarni Guðmundur Gissurarson
Jón Svavar Jónasson — **Kolbrún Ósk Óskarsdóttir**
Ásthildur Jónasdóttir — **Jónbjörn Björnsson**
Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir
Sturla Már Jónasson — **Kristín Fjeldsted**
Jónas Jónasson — **Gabríela Medina**
barnabörn og barnabarnabörn.
Margrét Halla Jónsdóttir — **Hörður Skarphéðinsson**
Ásthildur Jónsdóttir
Svanhildur Jónsdóttir

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,

Guðbjargar Pálsdóttur

Dvalarheimilinu Seljahlíð, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Seljahlíðar fyrir einstaka umönnun og kærleika.

Páll Þór Jónsson — **Hallfríður Helgadóttir**
Sigríður Ragnheiður Jónsdóttir
Guðrún Pálsdóttir
Vilhelm Gauti Bergsveinsson
Hákon Pálsson
Auður Guðbjörg Pálsdóttir
Hildur Briem
Árni Briem
Sigrún Inga Briem
Gunnar Ingi Briem
og barnabarnabörn.

†

Hjartkær móðir okkar, amma og langamma,

Kirstein Henriksen

dýralæknir, Sóleyjargötu 7, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi fimmtudaginn 26. febrúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni hinn 9. mars kl. 15.00.

Hlín Helga Pálsdóttir, Vigdís Hallfríður Pálsdóttir, barnabörn og barnabarnabarn.

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa,

Einars Jóns Einarssonar

bifreiðastjóra, Sólheimum 25, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild L4, Landakoti, háskólasjúkrahúsi fyrir frábæra umönnun.

Soffía Einarsdóttir
Ingileifur Einarsson
og barnabörn.

Grímur Markússon
María Þórarinsdóttir

†

Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,

Sveinbjargar Ágústu Jónsdóttur

Drápuhlíð 44, Reykjavík.

Jón Jósefsson
Anna Guðrún Jósefsdóttir
Sesselja Ingibjörg Jósefsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn
Ingibjörg Jónsdóttir.

Kristín Gísladóttir

Guðjón Hilmarsson

†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Dagbjartar Jónssonar

Álakvísl 106, 110 Reykjavík.

Ingibjörg Auður Ingvarsdóttir
Dagrún Dagbjartsdóttir
Viktoría Dagbjartsdóttir
Inga Hanna Dagbjartsdóttir
Þóra Jóna Dagbjartsdóttir
Dagbjartur Vigfús Dagbjartsson
Ellen Arný Barnes
barnabörn og barnabarnabörn.

Halldór Jónsson
Júlíus Þór Júlíusson
Jónas J. Hallsson
Hlynur Hjörleifsson

Jeffrey Barnes

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigurlaugar Þorsteinsdóttur

Tómasarhaga 13, Reykjavík,

Þorsteinn Eggertsson
Hjördís Bergstað
Agnes Eggertsdóttir
barnabörn, makar þeirra og barnabarnabörn.

Ágústa Birna Árnadóttir

Benedikt Sigurðsson

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Garðar Viborg

andaðist á heimili sínu, Hrafnistu Reykjavík, fimmtudaginn 26. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á A-4 Hrafnistu fyrir einstaka alúð og umönnun.

Áslaug Garðarsdóttir
Brynjar Viborg
Greta María Garðarsdóttir
Guðmundur Garðarsson
Ásmundur Garðarsson
Sigurlaug Viborg
Garðar Viborg
tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

†

Hjartans þakkir og Guðs blessun til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Vilborgar Kristínar Stefánsdóttur.

Starfsfólki á 2. hæð norður, Hjúkrunarheimilinu Eir, sendum við sérstakar þakkir fyrir hlýlega og persónulega umönnun.

Guðrún Ingólfsdóttir
Gissur Ingólfsson
Sæmundur Ingólfsson
Auður Ingólfsdóttir
Helga Ingólfsdóttir
Arna Ingólfsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Haraldur Jónsson
Lovísa Þorleifsdóttir
Sigþrúður Hilmarsdóttir
Ólafur Sigurgeirsson
Pétur Valtýsson
Páll Hreinsson

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Sigurjón Finnsson

Huldugili 9, Akureyri,

andaðist á Dvalarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði, miðvikudaginn 4. mars. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 14. mars kl. 13.00.

Lilja Sigríður Guðmundsdóttir
Steinunn Oddný Guðmundsdóttir
Guðmundur Finnur Guðmundsson
Kristín Björk Guðmundsdóttir
Jón Birgir Guðmundsson

Baldur Snævarr Tómasson
Björgvin Sveinn Jónsson
Rósa Jennadóttir
Guðmundur Jóhannesson
Þórunn Guðlaugsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

Örn Steinsson

fyrrv. yfirvélstj. hjá Hitaveitu Reykjavíkur, frá Hvammi, Dýrafirði,

lést á Landspítalanum Hringbraut sunnudaginn 1. mars. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 10. mars kl. 13.00.

Hafdís B. Steinsson
Örn Steinsson
Ásdís L. Ingimarsdóttir
Kristný L. Rósinkransdóttir
barnabarnabörn
og aðrir ættingjar.

Guðjón Valgeirsson

†

Faðir okkar,

Jónas B. Aðalsteinsson

Kjalarsíðu 8c, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 2. mars. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju miðvikudaginn 11. mars kl. 14.00.

Einar Ólafur Jónasson
Sævar Rafn Jónasson
Gunnar Kristján Jónasson
Sigríður Ósk Jónasdóttir
Anna Jóna Jónasdóttir
Gauja Jónasdóttir
og fjölskyldur.

†

Móðir okkar,

Svava Björnsdóttir

lést miðvikudaginn 4. mars á Hrafnistu í Reykjavík.

Rósa Hilmarsdóttir
Árný Birna Hilmarsdóttir
Páll Hjálmur Hilmarsson
og fjölskyldur.

†

Við sendum innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og sendu fallegar kveðjur við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Magnúsar St. Magnússonar

pípulagningameistara, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki þriðju hæðar hjúkrunarheimilisins Sólvangs í Hafnarfirði fyrir frábæran stuðning síðustu misserin. Guð blessi ykkur öll.

Guðrún E. Guðmundsdóttir
Sigríður Harðardóttir
Margrét Magnúsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir
Einar Gylfason
Guðmundur Magnússon
Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir
Magnús St., Magnús Björn, Jón Páll, Guðrún, Gylfi, Sigurjón, Guðrún Edda, Ólafur Björn, Hjalti Geir, Erlendur og Sigríður Theódóra
og langafabörn.

†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samhug, hlýju og vináttu vegna andláts og útfarar föður okkar, tengdaföður og afa,

Óskars Rafns Þorgeirssonar

Skarðsbraut 13, Akranesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 13G á Landspítalanum við Hringbraut fyrir frábæra umönnun og elskulegt viðmót.

Guðrún Ósk Óskarsdóttir
Lísa Sigríður Greipsson
Guðleif Jóna Kristjánsdóttir
og afabörn.

Vigfús Orrason
Rafn Hafberg Guðlaugsson
Andreas Schulz

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Ólafsson

Bergstaðastræti 68,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 9. mars kl. 13.00.

Vigdís Sigurðardóttir
Hjörtur Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Björn Lúðvíksson
Hafdís Hafsteinsdóttir

ÚTSALA Á SVÍNAKJÖTI

43% afsláttur

398 kr. kg
Grísabógur hringskorinn

50% afsláttur

1349 kr. kg
Grísalundir

40% afsláttur

899 kr. kg
Grísakótilettur

50% afsláttur

849 kr. kg
Grísahnakki úrbeinaður

40% afsláttur

998 kr. kg
Grísa mínútusteik

44% afsláttur

899 kr. kg
Grísagúllas

30% afsláttur

489 kr. kg
Grísarifjur/Spare ribs

799 kr. kg
Fiskiborgarar forsteiktir

369 kr. pk.
Freschetta Napoli Prosciutto

40% afsláttur

1679 kr. kg
Móa kjúklingabringur

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Krónan Höfða
alla daga 11-19

Krónan Lindum
virka daga 11-20
helgar 10-19

Krónan Granda
alla daga 11-19

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

KRÓNAN

fyrst og fremst ódýr

299 kr. stk.
Super mýkingarefni lavander

1699 kr. pk.
Ariel þvottaefni 30 þvottar

139 kr. stk.
Coke Light 2 lítrar

399 kr. stk.
Lýsi þorskaperlur

ÓDÝRT FYRIR ÞIG!

Verð frá **398** kr. pk.
Spænskt Tapas álegg

498 kr. pk.
Rana ferskt Tortelini 3 tegundir

20% afsláttur
12 x 100 g í kassa
Whiskas kattarmatur 12x100 g í kassa

249 kr. pk.
Vínabrauðslengja með glassúr

195 kr. pk.
Toro tómatsúpa

28 stk. í pk.
998 kr. pk.
Prins póló í kassi 28 x 52 g

20% afsláttur
Q10 Nivea krem

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Mosfellsbæ
virka daga 10-20
helgar 10-19

Krónan Reykjavíkurvegi
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Hvaleyrarbraut
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun. 12-21

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Reyðarfirði
virka daga 11-19
lau. 11-19 sun.12-16

Krónan Vestmannaeyjum
alla daga 11-19

ATHUGIÐ!

Höfum áhuga á að kaupa notuð gæðaúr frá eftirfarandi framleiðendum:

Rolex, Patek Philippe, IWC, Girard Perreguax, Panerai, Oris, Bvlgari, Ulysse Nardin, Zenith o.fl.

Upprunalegir pappírar/skjöl, umbúðir o.s.frv. verða að fylgja.

Vinsamlegast sendið lýsingu, myndir og verðhugmyndir á netfangið: **swissur@gmail.com** og við svörum um hæl.

Fjölskyldan á tímum breytinga

Umræðukvöld á vegum Reykjavíkurprófastsdæmis eystra og Fjölskyldaþjónustu kirkjunnar.
Mánudaginn 9. mars kl. 20-22 í Grafarvogskirkju

Jákvæð gildi og farsælt líf:
Benedikt Jóhannsson, sálfræðingur.

Börn eru næm á líðan foreldra sinna:
Salbjörg Bjarnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur

Máttur samtalsins:
Elísabet Berta Bjarnadóttir og Rannveig Guðmundsdóttir, félagsráðgjafar leiða umræður.

FJÖLSKYLDUÞJÓNUSTA KIRKJUNNAR
REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMI EYSTRA

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

Kleprаðir lokkar sveitalubbans

Þegar ég var að alast upp í afskekktri sveit norðan heiða var sjaldan farið í kaupstað. Þegar farið var voru því gerð magninnkaup í vöruflokkum sem erfitt er að vera án þegar langt er í búð. Tannkrem og sjampó var keypt í stórum umbúðum og aldrei minna en tvær einingar af hverju. Þessi siður blundar enn í mér. Þó ég hafi árum saman búið í göngufæri við verslun á ég það til að kaupa tvær tannkremstúbur eða tvo sjampóbrúsa þegar ég hleyp út í búð. Þvottadrengurinn hlær að mér fyrir þennan sið og kallar mig sveitalubba. Sannleikurinn er samt sá að hann hefur oft komið sér vel þegar síðasti kreistingurinn úr tannkremstúbunni hefur verið nýttur og klukkan orðin margt. Þá er gott að aukatúba leynist inni í skáp frá síðustu búðarferð sveitalubbans. Þvottadrengurinn er líka gjarn á að taka sjampóbrúsann með sér til einkanota í sundi og annarri líkamsrækt og skilar honum sjaldnast aftur á baðkarsbrúnina eftir notkun. Ég lenti því í því um daginn að grípa í tómt þegar ég teygði mig eftir brúsanum í sturtunni. Ég vissi að sjampóið var ekki búið, þvottadrengurinn hafði enn eina ferðina tekið brúsann með sér í sjósundið og týnt honum. Ég sótbölvaði honum í huganum meðan ég nuddaði hárið á mér með gamalli handsápu sem ég veiddi upp úr niðurfallinu. Neyddist svo til að fara út úr húsi með hárið eins og kleprаðan ullarlagð. Sem fyrr þýddi ekkert að eiga þetta við þvottadrenginn. Hann fríaði sig allri ábyrgð, sagði félaga sína í sjósundinu hljóta að hafa stolið brúsanum. Ullarkleprarnir færu mér líka bara vel, sveitalubbanum sem ég væri.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

GAMANMYNDIR

Skoðið gallerí okkar á www. gamanmyndir.is
- pantanir teknar í síma 565 9265

15% afsláttur

ef myndað er ***fyrir hádegi*** *í mars, apríl og maí.*

Hjartamiðstöðin

Halldóra Björnsdóttir
hjartalæknir

Hef flutt læknastofu mína í Hjartamiðstöðina, Holtasmára 1, 6. hæð í Kópavogi.

Tímapantanir eru í síma 550 3030 eða á www.hjartamidstodin.is

Tilkynning – Hjartalæknar

Holtasmára 1 • 6. hæð • 201 Kópavogi • Sími 550 3030 • www.hjartamidstodin.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Lau 7/3	kl. 14:00	U	Sun 22/3	kl. 14:00	U	Sun 5/4	kl. 17:00	U
Lau 7/3	kl. 17:00	U	Sun 22/3	kl. 17:00	U	Lau 18/4	kl. 14:00	U
Sun 8/3	kl. 14:00	U	Lau 28/3	kl. 14:00	U	Lau 18/4	kl. 17:00	U
Sun 8/3	kl. 17:00	U	Lau 28/3	kl. 17:00	U	Sun 19/4	kl. 14:00	U
Lau 14/3	kl. 14:00	U	Sun 29/3	kl. 14:00	U	Sun 19/4	kl. 17:00	U
Sun 15/3	kl. 14:00	U	Sun 29/3	kl. 17:00	U	Lau 25/4	kl. 14:00	U
Sun 15/3	kl. 17:00	U	Lau 4/4	kl. 14:00	U	Lau 25/4	kl. 17:00	U
Lau 21/3	kl. 14:00	U	Lau 4/4	kl. 14:00	U	Sun 26/4	kl. 14:00	U
Lau 21/3	kl. 17:00	U	Sun 5/4	kl. 17:00	U	Sun 26/4	kl. 17:00	U

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu



Hart í bak (Stóra sviðið)

Lau 14/3	kl. 20:00 aukas.	U	Mið 25/3	kl. 20:00 aukas.	Ö	Fim 2/4	kl. 20:00 aukas.
Mið 18/3	kl. 20:00	U	Mið 1/4	kl. 20:00 aukas.			

Aukasýningar í sölu, sýningum lýkur í apríl



Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

Fös 13/3	kl. 20:00 frums.	U	Fim 26/3	kl. 20:00 4.sýn.		Fim 16/4	kl. 20:00 7.sýn.
Fim 19/3	kl. 20:00 2.sýn.		Fös 27/3	kl. 20:00 5.sýn.			
Fös 20/3	kl. 20:00 3.sýn.		Fös 3/4	kl. 20:00 6.sýn.			

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands



Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

Lau 7/3	kl. 13:00	U	Lau 14/3	kl. 14.30	Ö	Lau 28/3	kl. 13:00	U
Lau 7/3	kl. 14:30	Ö	Lau 21/3	kl. 13:00	Ö	Lau 28/3	kl. 14:30	Ö
Lau 14/3	kl. 13:00	Ö	Lau 21/3	kl. 14:30	Ö			



Eterinn (Smíðaverkstæðið)

Mán 16/3	kl. 21:00 fors.	Ö	Fim 19/3	kl. 21:00 fors.	Ö	Fim 26/3	kl. 21:00
Þri 17/3	kl. 20:00 fors.	Ö	Fös 20/4	kl. 21:00 frums.	U	Fös 27/3	kl. 21:00

HALLÓ! HALLÓ!

Harmonikuball í Húnabúð
í kvöld kl. 21-01.
Aðgangseyrir kr. 1.500.

Allir velkomnir.

Harmonikufélag Reykjavíkur.

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2009



Sunnudaginn 8. mars kl. 14 www.moguleikhusid.is
Aðgangseyrir kr. 1.500
Alli Nalli og tunglið
Möguleikhúsið frumsýnir leikrit byggt á sögum Vilborgar Dagbjartsdóttur. Fyrir áhorfendur á aldrinum 1-7 ára

NÆSTSÍÐASTA SÝNINGARHELGI
Úr högum og heimahögum
Málverkasýning Huga Jóhannessonar hefur verið **framlengd til 15. mars**

FRAMLENGD
„Heyrðist eins og harpan væri að gráta"
Sýning á brúðum Leikbrúðulands úr Völsungasögu hefur verið **framlengd um óákveðinn tíma**

NÆSTSÍÐASTA SÝNINGARHELGI
Þetta vilja börnin sjá!
Myndskreytingar í íslenskum barnabókum 2008

Gallerý fiskur
www.galleryfiskur.is
hefur tekið við veitingarekstri í Gerðubergi. Í boði er heitur matur í hádeginu (kl. 11:30-13) og kaffi og meðlæti á daginn
Opið virka daga kl. 10-16 og 13-16 um helgar

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Leiðsögn fyrir hópa. Netfang: gerduberg@reykjavik.is s. 575 7700
Gerðubergi 3-5 ı 111 Reykjavík ı Sími 575 7700 ı **www.gerduberg.is**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 07. mars 2009

Kvikmyndir

